BOURNE BJARGAÐI FERLINUM
Leikarinn Matt Damon ræðir um Hollywood og fjölskyldulífið

ÞÆGILEGUR HVERSDAGSLEIKI
Ljósmyndarinn Spessi gefur út bókina „Location“

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

25. ágúst 2007 — 229. tölublað — 7. árgangur | MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI | Sími: 512 5000

LAUGARDAGUR

Með Jónas á handleggnum



Jón Sæmundur Auðarson hefur fengið sér nýtt húðflúr og skartar nú ljóði eftir Jónas Hallgrímsson á handleggnum.

FÓLK 58

Dansdómari til landsins

Danshöfundurinn og dómarinn Dan Karaty er kominn til landsins til að halda námskeið í Laugum um helgina.

FÓLK 58

Tryggvi hættulegastur

FH-ingurinn Tryggvi Guðmundsson hefur komið að gerð flestra marka af leikmönnum Landsbankadeildar karla í sumar.

ÍÞRÓTTIR 54

Hús&heimili

Innlit til kokksins Úlfars Eysteinssonar er meðal þess sem lesa má um í sérblaði um hús og heimili sem fylgir Fréttablaðinu í dag.

Í MIÐJU BLAÐSINS

VEÐRIÐ Í DAG



LÉTTIR TIL SYÐRA - Í dag verða norðvestan 5-15 m/s, hvassast sunnan til. Lægir síðdegis. Rigning eða skúrir á landinu norðan- og austanverðu en léttir smám saman til syðra. Hiti 6-17 stig, hlýjast suðaustanlands síðdegis.

VEÐUR 4

DELTALIGHT

Rafkaup
Ármúla 24 • S: 585 2800
OPIÐ LAUGARDAG KL:11-16

ÞJÓÐVERJANNA LEITAÐ Fjöldi björgunarsveitarmanna var við leit á Svínafellsjökli í gær. Þeir sögðu aðstæður til leitar hrikalegar, hyldýpið blasi við þegar litið er niður í sprungurnar. Leitarmenn voru þreyttir og þrekaðir þegar af jöklinum var komið í gær eftir átta tíma göngu í þessu erfiða landslagi. Áfram verður leitað í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Óttast að Þingvellir falli af UNESCO-skrá

Sérfræðingur í lífríki Þingvallavatns telur fyrirhugaðan nýjan Gjábakkaveg ógna lífríki vatnsins og hefur vísað úrskurði Skipulagsstofnunar um framkvæmdina til Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna, UNESCO.

SKIPULAGSMÁL „Mikil hætta steðjar að lífríki Þingvallavatns vegna fyrirhugaðrar vegagerðar við vatnið,“ segir Pétur M. Jónasson, vatnalíffræðingur, prófessor við Kaupmannahafnarháskóla og einn helsti sérfræðingur um Þingvallavatn í heiminum.

Til stendur að hefja útboð í gerð nýs Gjábakkavegar í haust. Pétur hefur kært úrskurð Skipulagsstofnunar um framkvæmdirnar til Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna, UNESCO, og hefur málið verið tekið til athugunar og sent fleiri stofnunum.

Um er að ræða nýjan 16 kílómetra langan veg frá Laugarvatni til Þingvalla.

Ákveðið hefur verið að vegurinn eigi að vera með bundnu slitlagi og að á honum muni gilda 90 kílómetra hámarkshraði. Samkvæmt áætlun Vegagerðarinnar mun nýi vegurinn liggja töluvert sunnar en núverandi vegur um Gjábakka, það er við Þingvallavatn.

Pétur telur að ef verður af framkvæmdunum geti Þingvallavatn fallið af lista heimsminjaskrár UNESCO vegna skaða sem vegurinn myndi valda umhverfinu.

„Stóraukin umferð um svæðið myndi leiða til mikillar niturmengunar í vatninu. Það mun virka líkt og saltpétursáburður á vistkerfið. Vatnið mun verða grænt og gruggugt og missa bláan lit sinn,“ segir Pétur.

Þá segir hann að niturmengunin muni raska fæðuvef murtunnar, og búsvæðum bleikjuafbrigðanna fjögurra í vatninu, þar á meðal kuðungableikju og sílableikju sem eru friðlýstar af UNESCO og Alþingi. Einnig að framtíðarvatnsból muni mengast.

- kdk / sjá síðu 10

Leitin að ferðamönnunum:

Slys í leitinni

LEIT Björgunarsveitarmaður úr Björgunarsveitinni Súlum á Akureyri slasaðist við leit að þýsku ferðamönnunum tveimur á Svínafellsjökli í gærkvöldi.

Hann féll og hrökk úr axlarlið. Var hann hífður um borð í þyrlu Landhelgisgæslunnar og fluttur með sjúkrabíl á sjúkrahús í Reykjavík til aðhlynningar. - þo

Opið í dag Laugardag
Smiðjuvegi 76
200 Kópavogur
Baldursnes 6
603 Akureyri
www.tengi.is
TENGI

SPURNING DAGSINS

Ari, ætlið þið að leita fanga víða?

„Nei, fíklarnir munu hlaupa í fangið á Tóta T.“

Eftirleiðis verður hægt að dæma fólk í áfengis- og vímuefnameðferð. Ari Matthíasson er framkvæmdastjóri SÁÁ.

Nýr galli uppgötvaðist í Grímseyjarferju og þarf að skipta um 600 kíló af stáli:

Tréflís heldur ferjunni á floti

SAMGÖNGUR „Þetta er lítið nálargat og það er tálguð spýta, svona eins og eyrnapinni að stærð, sem heldur ferjunni á floti,“ segir Hjörtur Emilsson, framkvæmdastjóri Navis, sem hefur eftirlit með endurbótum á Grímseyjarferjunni.

Eftir að Grímseyjarferja var sjósett kom í ljós tæringargat í lestinni og sprautaðist út úr því lítil buna. Gatið hafði áður farið fram hjá skoðunarmönnum skipsins.

„Þetta eru tíu fermetrar, bæði bak- og stjórnborðsmegin í lestinni, sem þarf að skipta um og um 600 kíló af stáli sem þarf til,“ segir Hjörtur.

Hann segir afar leiðinlegt að skemmdirnar hafi komið fram svo seint, eftir aðalviðgerðir, sandblástur og málun skipsins.

„Það var búið að skipta út stáli þarna allt í kring. Það þarf að mála aftur en við teljum að miðað við eðlilegt stálverð kosti allt verkið innan við milljón króna,“ segir Hjörtur.

Hann tekur fram að gatið sé það lítið að það tæki nokkra mánuði að fylla það með vatni.

Ekki náðist í Pál Kristinsson, skoðunarmann hjá flokkunarfélaginu Lloyds Register. - kóþ

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

GRÍMSEYJARFERJAN Nú þarf að setja hana aftur í kvína, skipta um 600 kíló af stálplötum og mála á nýjan leik.

Framhaldsskólar landsins:

Færri kennslu- og prófdagar

MENNTUN Kennslu- og prófdagar voru færri en 175, sem er lágmarkið, í þrettán framhaldsskólum landsins á síðasta skólaári. Í fyrra voru tólf skólar með færri kennslu- og prófdaga en segir til um í reglugerð um starfstíma framhaldsskóla.

Samkvæmt tilkynningu frá Hagstofu Íslands síðan í gær var fjöldi reglulegra kennsludaga í framhaldsskólum á bilinu 140 til 155, en lög um framhaldsskóla segja að kennsludagarnir skuli ekki vera færri en 145. Meðalfjöldi reglulegra kennsludaga var 146, sami dagafjöldi og skólaárið 2005 til 2006. - sþs

Samkomulagið var ekkert leyndarmál

Fjármálaráðherra segir að iðnaðarráðuneyti hefði átt að kynna samkomulag ríkis og Landsvirkjunar, enda fjalli það um orkumál. Án þess hefðu virkjanamál í Þjórsá getað stöðvast. Það brjóti ekki í bága við stjórnarskrá.

VIRKJANIR „Hefði mig rennt í grun að Jón Sigurðsson ætlaðist til þess að ég kynnti þetta samkomulag þá hefði ég að sjálfsögðu gert það,“ segir Árni Mathiesen fjármálaráðherra.

Árni bregst hér við fullyrðingu Jóns Sigurðssonar, fyrrverandi iðnaðarráðherra, um skort á kynningu samkomulags iðnaðar-, landbúnaðar- og fjármálaráðherra við Landsvirkjun um vatnsréttindi í neðri hluta Þjórsár.

Samkomulagið var gert þremur dögum fyrir kosningar, án vitundar fjölmiðla og almennings, og hafa Vinstri grænir bent á að á þeim tíma hafi verið blásið til fréttafundar við hvert tækifæri.

„Fjármálaráðuneytið hafði þetta á sinni könnu. Ég hélt að þetta hefði farið í fréttabréf fjármálaráðuneytisins,“ sagði Jón í Fréttablaðinu á fimmtudaginn.

„Hann hefði bara þurft að nefna það við mig,“ segir Árni. „Enda hafa virkjanamál í Þjórsá aldrei verið neitt vandamál fyrir mig. Það er bara ekki þannig sem þetta er venjulega unnið.“

Fjármálaráðuneytið komi að næstum öllum málum sem varða eignir ríkisins. Samkomulagið hafi snúist um orkumál og því heyrt undir iðnaðarráðuneytið.

„Og venjulega þegar ég vil kynna mál sem heyrir undir fagráðuneytin þá verður fagráðherra ekki ánægður með það. Því þá er ég að fara inn á hans málaflokk.“

Árni segir samkomulagið mjög mikilvægt. „Því ef það hefði ekki verið gert þá hefðu virkjanamálin í Þjórsá hugsanlega stöðvast.“

Í ÞJÓRSÁ Án samkomulags Landsvirkjunar og ríkisins hefðu virkjanamál hér hugsanlega stöðvast, segir Árni. Landsvirkjun hafi þurft að semja við bændur.

MYND/SIGURÐUR BOGI SÆVARSSON

HVER GERIR HVAÐ?

Jón Sigurðsson segir að þar sem Landsvirkjun heyri undir fjármálaráðuneytið hefði Árni Mathiesen átt að kynna málið. Árni segir að þar sem orku- og virkjanamál heyri undir iðnaðarráðuneytið hefði Jón átt að kynna það.

Hvorugur vildi leyna samkomulaginu.

JÓN SIGURÐSSON

ÁRNI MATHIESEN

Landsvirkjun hafi þurft að hafa vilyrði fyrir nýtingu réttindanna svo fyrirtækið gæti gengið til samninga við bændur. „Og sveitarfélög höfðu sett það sem skilyrði fyrir því að fara í skipulagsmál að samið yrði við bændurna fyrst.“

Um tímasetninguna, þremur dögum fyrir kosningar, segir Árni að vissulega hefði verið betra að gera samkomulagið fyrr, en ýmis mál hafi tafið fyrir því, án þess að vilja fara út í það nánar.

Samkomulagið hafi ekki brotið í bága við stjórnarskrá. „Í því er gerður greinarmunur á réttindunum sem ríkið keypti af Títan og réttindunum sem fylgja jörðinni Þjótanda. Það er ekki hægt að selja Þjótanda án aðkomu Alþingis, því hún er fasteign.“ Hins vegar sé heimilt að leigja hin réttindin.

„Þetta er í raun bara upphafshluti að samkomulagi sem verður ekki frágengið fyrr en búið er að fjalla um hvert endurgjaldið verður fyrir auðlindina. Þá væri tímabært að bera þetta undir Alþingi.“

Iðnaðarráðherra hverju sinni ákveði hvort það verði gert.

klemens@frettabladid.is

FORELDRARNIR SYRGJA Melanie og Stephen Jones á staðnum þar sem sonur þeirra var myrtur. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

16 ára drengur handtekinn:

Grunaður um morðið á Jones

BRETLAND, AP **Sextán ára gamall drengur var handtekinn í gær, grunaður um morðið á hinum ellefu ára gamla Rhys Jones. Jones hafði verið í fótbolta með vinum sínum þegar hettuklæddur drengur á hjóli skaut þremur skotum úr byssu sem hann var með. Eitt skotanna hæfði Jones í hálsinn með þeim afleiðingum að hann lést skömmu síðar.**

Drengurinn er sá þriðji sem handtekinn er vegna morðsins. Áður höfðu tveir drengir, fjórtán og átján ára, verið handteknir en þeim hefur nú verið sleppt gegn tryggingu. - þeb

Framkvæmdir við Nýbýlaveg:

Öngþveiti vegna lokunar

SAMGÖNGUR Talsvert umferðaröngþveiti myndaðist í Kópavogi í gærdag og fram á kvöld vegna vegaframkvæmda við Nýbýlaveg. Að sögn lögreglu var það þó ekki meira en von var á.

„Þetta er bara spurning um þolinmæði,“ segir Rúnar Sigurpálsson hjá umferðardeild lögreglunnar. Hann segir öngþveitið hafa verið mjög slæmt þegar fólk var á leið heim úr vinnu, bæði á fimmtudag og í gær. „Við erum með lögreglu á mótorhjólum sem reynir að hræra í þessu eins og hægt er.“

Áætlað er að framkvæmdunum ljúki í dag. - þeb

Aðalfundur Máls og menningar:

Breytingar samþykktar einróma

VIÐSKIPTI **Samþykkt var einróma á aðalfundi Máls og menningar, sem fram fór á fimmtudag, að selja húsein félagsins við Laugaveg og leita allra leiða til að efna kauptilboð sem stjórnin gerði Ólafsfelli um yfirtöku á bókaútgáfu Eddu útgáfu.**

Árni Einarsson, forstjóri Máls og menningar, segir að fundurinn hafi verið sá fjölmennasti í áratugi, 25 af þeim 36 sem rétt áttu til setu á fundinum hafi komið. Hann segir að nú sé leiðin greið fyrir stjórnina að vinna að fjármögnun á kaupum á bókaútgáfunni. Stefnt er að því að kaupin gangi eftir 1. október. - þj

LÖGREGLUFRÉTTIR

Bílþjófar í Súðarvogi

Tveir karlmenn voru handteknir á stolnum bíl í Súðarvogi í Reykjavík í gær. Mennirnir höfðu áður komið við sögu lögreglu, því fyrr um daginn barst tilkynning um að menn á sama bíl hefðu haft í frammi ósæmilega hegðun. Sá sem ók bílnum var án ökuréttinda.

BÍLL DAGSINS

NISSAN MAXIMA QX

Nýskr. 03.96 - Sjálfskiptur - Ekinn 141 þús. km.

Ingvar Helgason NOTAÐIR BÍLAR

Opið: Mán. 10:00 - 18:00, þri.-fös. 9:00 - 18:00, lau. 12:00 - 16:00. Sími: 525 8020

Íslendingarnir sem sitja í haldi lögreglu í Kaupmannahöfn:

Kókaínið átti að koma hingað

LÖGREGLUMÁL Fullvíst þykir að tvö kíló af kókaíni, sem tveir Íslendingar voru teknir með í Kaupmannahöfn, hafi átt að fara hingað til lands. Fólkið átti pantað flugfar til Íslands og var sú ferð fyrirhuguð skömmu eftir að það var handtekið.

Það var 11. ágúst sem karlmaður fæddur 1971 og stúlka innan við tvítugt voru handtekin í miðbæ Kaupmannahafnar. Á þeim fannst lítilræði af kókaíni. Við nánari leit fann danska lögreglan svo 1,9 kíló af kókaíni í fórum þeirra. Þau hafa verið í haldi síðan og sætt yfirheyrslum. Karlmaðurinn hefur komið við sögu lögreglu áður vegna fíkniefnabrota.

Talsmaður dönsku lögreglunnar vildi lítið tjá sig um málefni tvímenninganna við Fréttablaðið í gær. Hann sagði þó að beðið væri úrskurðar dómara um framhald fangelsisvistar þeirra.

Spurður um hvenær þess úrskurðar væri að vænta svaraði hann aðeins: „Þau eiga eftir að sitja lengi í fangelsi.“

Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins hefur íslenska sendiráðinu í Kaupmannahöfn verið tilkynnt um handtöku fólksins og það brugðist við á hefðbundinn hátt, meðal annars með aðstoð við stúlkuna að beiðni aðstandenda hennar. - jss

KAUPMANNAHÖFN Maðurinn og stúlkan voru handtekin í miðbæ Kaupmannahafnar.

Fellibylurinn Dean:

Reyndist máttlítill í Mexíkó

MEXÍKÓ, AP Mexíkóbúar þakka bæði góðum undirbúningi og einskærri heppni fyrir það hve litlu tjóni fellibylurinn Dean olli.

Fellibylurinn skall af miklum þunga á strönd Mexíkó nú í vikunni, og var þriðji öflugasti fellibylur sögunnar til að fara þar á land. Þegar hann barst lengra yfir landið dró hins vegar mjög úr honum allan mátt.

Að minnsta kosti átta manns létu þó lífið, auk þess sem húskofar féllu og uppskera eyðilagðist. Tryggingatjón er metið á innan við 20 milljarða króna, sem er mun minna en búist var við. - gb

Vodafone
ÍSLENSKA ÁNÆGJUVOGIN
ÁNÆGÐUSTU VIÐSKIPTAVINIRNIR

Vertu í hópi ánægðustu viðskiptavinanna

Viðskiptavinir Vodafone í fyrsta sæti

Við lítum ekki bara á það sem skyldu okkar að veita viðskiptavinum okkar bestu mögulegu þjónustu, okkur finnst hreinlega ekkert annað koma til greina. Þetta hefur líka skilað sér í því að viðskiptavinir Vodafone eru ánægðustu viðskiptavinir farsímafyrirtækja samkvæmt Íslensku ánægjuvoginni.

Hringdu í **1414** og vandamálið er úr sögunni

Gríptu augnablikið og lifðu núna

vodafone

Fíton / SÍA F102627

LEITIN AÐ ÞÝSKU FERÐAMÖNNUNUM

Ætluðu að dvelja lengi í tjöldunum

Flest bendir til þess að Thomas og Mathias hafi ætlað að dvelja í á aðra viku í tjöldunum sem björgunarsveitarmenn fundu á Svínafellsjökli í fyrradag. Leitarmenn reyndu að setja sig í spor mannanna við leitina í gær. Mennirnir höfðu þekkst í fimmtán mánuði.

LEIT „Það er gríðarlega mikilvægt að þekkja einstaklingana sem verið er að leita að og reyna að átta sig á persónuleika þeirra," segir Víðir Guðmundsson, fulltrúi ríkislögreglustjóra og umsjónarmaður leitarinnar í gær. Þegar leitarmenn lögðu af stað í býtið bryndi hann fyrir þeim að setja sig í spor mannanna tveggja. Þeir eru þekktir fyrir að fara ekki troðnar slóðir í fjallamennsku og því voru björgunarsveitarmenn beðnir um að hafa augun opin fyrir slóðum sem þeim sjálfum dytti aldrei í hug að fara.

Lögreglan hefur rætt við móður Mathiasar, sem stödd er á Íslandi og aðra ættingja og vini til þess að kynnast mönnunum. Það vekur athygli að þótt mennirnir hafi keypt flugmiðana til Íslands hinn 19. janúar sögðu þeir engum frá ferðaáætlun sinni. Félagar Mathiasar hafa það eftir honum að hann hafi haft hug á að skoða svelgi og íshella en ekki útskýrt það nánar. Í samtali sem Thomas átti við kærustu sína skömmu eftir komuna til Íslands kvaðst hann vera smeykur við að fara inn á sprungusvæði. Þá sagði móðir Mathiasar að hann myndi seint kaupa sér leiðsögn eða borga fyrir upplýsingar, hann vildi gera hlutina sjálfur.

„Það er ljóst að Mathias er leiðtoginn í þessari ferð. Hann er líka reynslumeiri en Thomas og þekktur fyrir að fara ekki hefðbundnar leiðir," segir Víðir og bætir því við að mennirnir hafi verið í ævintýraleit og það sé haft í huga við leitina.

Mathias og Thomas hafa þekkst í fimmtán mánuði og á þeim tíma hefur Mathias klifrað mjög reglulega. Thomas hafði hins vegar ekkert klifrað í sex mánuði þegar hann kom til Íslands.

Vitað er að mennirnir ætluðu sér að þvælast í tólf daga utan alfaraleiðar og það stemmir við þann búnað sem lögreglan fann í tjöldunum ofarlega á Svínafellsjökli á fimmtudag. Talið er að mennirnir hafi ætlað sér að dvelja í tjöldunum í nokkra daga og ferðast út frá því.

Allt bendir þó til þess að þeir hafi í mesta lagi gist þar í tvær nætur. Þar voru svefnpokar og dýnur og um það bil átján daga birgðir af gasi sem og fullur kassi af súkkulaði, núðlusúpum og öðrum mat sem mennirnir hafa burðast með upp á jökulinn.

Ýmislegt er sérkennilegt við ferðamátann. Mennirnir sváfu ekki í sama tjaldi og deildu ekki útbúnaðinum. Þeir voru til að mynda með tvo prímusa.

thorgunnur@frettabladid.is

BJÖRGUNARSVEITARMAÐURINN HÍFÐUR Slasaði björgunarsveitarmaðurinn var hífður um borð í þyrlu Landhelgisgæslunnar, TF-GNÁ. Maðurinn fór úr axlarlið og var fluttur með sjúkrabíl á sjúkrahús í Reykjavík. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

JÖKULLINN SKILAR SEINT AF SÉR

Það gerist ekki oft að menn týnist með öllu á íslenskum jöklum. Síðast gerðist það í ágúst árið 1953 en þá týndust tveir breskir ferðamenn á Skaftafellsjökli. Þeirra var leitað í nokkra daga en fundust aldrei. Líklegast þótti að þeir hefðu farið niður um jökulsprungu.

Árið 2006 skilaði jökullinn nokkru af búnaði mannanna af sér. Tjöld og axir fundust en líkamsleifar mannanna eru enn ófundnar.

Hafi Þjóðverjarnir fallið ofan í sprungu verður erfitt að finna þá. Svínafellsjökull getur á pörtum skriðið um einn metra á hverjum sólarhring. Hann getur því hafa skriðið um 20 metra frá þeim tíma sem mennirnir voru á ferð við tjöldin.

Björgunarsveitarmenn telja sig hafa fundið slóð eftir Þjóðverjana:

Gistu á jöklinum í nótt

LEIT Þjóðverjarnir tveir sem leitað hefur verið að eru enn ófundnir. Um fjörutíu sérþjálfaðir björgunarsveitarmenn frá höfuðborgarsvæðinu og Norðurlandi fóru á jökulinn í gær og leituðu fram í myrkur. Sjö gistu á jöklinum í nótt. Stórleit verður á svæðinu í dag en fyrstu leitarhóparnir lögðu af stað í birtingu.

Fjórir leitarhópar gengu ólíkar klifurleiðir í gær út frá tjaldbúðum Þjóðverjanna sem fundust á fimmtudag. Síðdegis fann einn leitarhópurinn slóð tveggja manna austan í Hrútsfjallstindum. Seinlega gekk að rekja slóðina enda aðstæður erfiðar. Lögreglan rannsakaði slóðina og bar sporin saman við spor sem fundust við tjaldbúðirnar daginn áður.

Leitað var úr lofti með þyrlu Landhelgisgæslunnar TF-EIR en TF-GNÁ leysti hana af hólmi síðdegis. Hennar fyrsta verk var að sækja slasaðan björgunarsveitarmann upp á Svínafellsjökul.

Í STJÓRNSTÖÐ Friðrik Jónas Friðriksson, Jón Ingi Sigvaldason og Hjálmar Örn Guðnason skipuleggja leitina að Þjóðverjunum tveimur úr stjórnstöð. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Þyrlan sótti leitarhópana í gærkvöld og ferjaði nýjan hóp upp á jökulinn sem dvaldi þar í nótt. Komið hefur verið upp búðum við tjöld Þjóðverjanna og þar verður leitað enn betur í dag. Björgunarsveitarmenn munu meðal annars síga ofan í sprungur.

Aðstæður til leitar eru erfiðar en svæðið þar sem Þjóðverjarnir tjölduðu er við einn sprungnasta hluta jökulsins. - þo

Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

VEÐURSPÁ

LÆGÐ Á AUSTURLEIÐ

Núna í nótt var lægð að mjaka sér austur með sunnanverðu landinu sem dregur norðlæga átt inn á landið og nokkuð stífa í fyrstu einkum syðra. Um eða eftir hádegi í dag ætti að létta töluvert til syðra. Á Norður- og Austurlandi verður rigning eða skúrir en á Vestfjörðum og Vesturlandi ætti að verða úrkomulaust eftir hádegi. Hæglætisveður verður svo á morgun og hinn.

REYKJAVÍK Í DAG

Norðvestan 5-8 m/s. Rigning með morgninum en síðan þurrt og léttir til. Hiti 9-12 stig.

um hádegi »



» *á morgun*



Hæg breytileg átt.

» *mánudagur*



Hæg, breytileg átt. Úrkomulítið.

um hádegi »

Kaupmannahöfn	22°C	léttskýjað	London	26°C	léttskýjað	Friedrichshafen	28°C	léttskýjað
Billund	19°C	skúrir	París	27°C	léttskýjað	Basel	29°C	léttskýjað
Osló	21°C	léttskýjað	Amsterdam	22°C	léttskýjað	Alicante	29°C	skúrir
Stokkhólmur	24°C	léttskýjað	Frankfurt	27°C	skúrir	Algarve	25°C	skúrir
Gautaborg	20°C	skúrir	Berlín	25°C	léttskýjað	Las Palmas	26°C	skúrir

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

www.toyota.is



ÍSLENSKA SIA.IS TOY 38699 08/07



Ratar þú til Toyota Kópavogi?

Það hefur sjaldan verið eins spennandi að koma til okkar.
Vegna færslu á háspennustreng við Nýbýlaveg eru starfsmenn Toyota Kópavogi í sérstöku stuði þessa dagana. Þú gætir þurft að leita okkur uppi, en þeir sem rata í sýningarsal okkar, dagana 23. til 25. ágúst, verða verðlaunaðir alveg sérstaklega.

Kaupaukar og veitingar fyrir þá ratvísu

Við bjóðum þeim ratvísu sem komast til okkar gómsætar veitingar og skemmtilega kaupauka sem fylgja öllum seldum, nýjum bílum 23. - 25. ágúst:

- Fellum niður rafmagnsreikning heimila kaupenda nýrra bíla til áramóta*
- 5 alþrif með hverri seldri bifreið
- Þeir sem reynsluaka nýrri Toyota fá sérstakan glaðning

Komdu alla leið, dagana 23. til 25. ágúst

*Gildir aðeins um lögheimili einstaklinga sem kaupa nýjan bíl hjá Toyota Kópavogi dagana 23. - 25. ágúst.

TODAY TOMORROW TOYOTA

Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570-5070

KJÖRKASSINN

Fyllist þú ótta í miðborg Reykjavíkur?

Já 45%

Nei 55%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Á að rífa húsin við Laugaveg 4 og 6?

Segðu þína skoðun á visir.is

Gamli barnaskólinn á Akureyri hýsir nýjan fjárfestingarbanka:

Saga Capital við „gullstétt“

VIÐSKIPTI Eftir gagngerar endurbætur hýsir Gamli barnaskólinn á Akureyri höfuðstöðvar Saga Capital Fjárfestingarbanka. Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra klippti síðdegis í gær á borða og opnaði bankann formlega.

Í tilkynningu kemur fram að húsið eigi sér rúmlega hundrað ára sögu. Staðsetning þess þótti glæfraleg og stéttin framan við húsið var jafnan kölluð gullstéttin. Davíð Stefánsson skáld bjó þar og Kristján Jóhannsson söngvari fæddist þar. Um 1980 var svo komið í sögu hússins að til tals kom að rífa það. Húsið stóð svo lítið notað þar til Saga Capital tók það á langtímaleigu í fyrra. Síðan hefur verið ráðist í viðamiklar endurbætur í samræmi við kröfur húsafriðunarnefndar.

OPNUN SAGA CAPITAL, Björgvin Sigurðsson viðskiptaráðherra og Þorvaldur Lúðvík Sigurjónsson forstjóri.

Haft er eftir Þorvaldi Lúðvík Sigurjónssyni, forstjóra Saga Capital, að menntun sé einhver besta fjárfesting sem hægt sé að ráðast í og því megi orða sem svo að þarna hafi alltaf verið fjárfestingarbanki.

Í tilefni af opnun bankans og vígslu hússins býður Saga Capital alla velkomna að kíkja í heimsókn í dag laugardag milli klukkan 12 og 16. Sett hefur verið upp ljósmyndasýning um sögu hússins og Hörður Geirsson hjá Minjasafninu á Akureyri mun leiðsegja gestum klukkan eitt og þrjú.

Um 30 manns starfa hjá Saga Capital sem er alþjóðlegur fjárfestingarbanki. - óká

Hraðamyndavél á Hringbraut:

Fjögur hundruð fá sekt í pósti

LÖGREGLUMÁL Rúmlega fjögur hundruð manns eiga von á hraðasekt í póstinum á næstu dögum. Hraðamyndavél lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu var sett upp við Hringbraut á miðvikudag og fimmtudag, og festi brot 422 ökumanna á filmu.

Vöktunin stóð í um nítján klukkustundir, sem þýðir að eitt brot var myndað á þriggja mínútna fresti að meðaltali. Sá sem hraðast ók var á 131 kílómetra hraða á klukkustund, en meðalhraði ökuþóranna var 75 kílómetrar, eftir því sem segir á fréttavef lögreglunnar. Hámarkshraði á Hringbraut er 60 kílómetrar á klukkustund. - sþs

HÚSIÐ SÉÐ FRÁ SJÓNUM Byggingin á að verða fjórar hæðir að Keilugranda, Fjörugranda og Boðagranda og allt að níu hæðir við Eiðsgranda. Bílakjallari verður undir húsinu á tveimur hæðum.

Fleiri hundruð mótmæla byggingunni

Ráðgert að reisa allt að níu hæða hús við Keilugranda. Íbúðirnar verða 130 í stað 50 ef breytt aðal- og deiliskipulag verður samþykkt. Íbúarnir telja húsið skerða lífsgæði sín. Formaður skipulagsráðs segir athugasemdir verða skoðaðar.

SKIPULAGSMÁL 437 íbúar í nágrenni við Keilugranda 1 í vesturbæ Reykjavíkur hafa skrifað undir undirskriftalista þar sem þeir mótmæla byggingu húss sem á að reisa á reitnum. Íbúarnir gagnrýna að borgaryfirvöld ætli að breyta aðal- og deiliskipulagi þannig að eigendur lóðarinnar geti byggt 130 íbúðir á lóðinni í stað 50 og að heimila að byggingin verði allt að níu hæðir," segir Gunnar Finnsson, talsmaður íbúanna.

„Í gildandi aðalskipulagi kemur fram að ekki skuli byggja meira en fimmtíu íbúðir á þessum reit. Við mótmælum því ekki að byggt verði á reitnum en það eina sem við viljum er að borgaryfirvöld fari eftir þeim skipulagsreglum sem hún hefur sett sér sjálf. Við gerum þá lágmarkskröfu að kjörnir fulltrúar okkar og embættismenn fari eftir þessu í störfum sínum," segir Gunnar.

Gunnar segir að íbúar á svæðinu séu undrandi og reiðir vegna fyrirhugaðra skipulagsbreytinga því byggingin skerði lífsgæði þeirra á margs konar hátt. „Meðal annars eykst umferð um svæðið mikið ef íbúðirnar í því verða svona margar. Þetta hefur í för með sér skert umferðaröryggi barna sem eru mörg á svæðinu," segir Gunnar og bætir því við að skuggavarp verði einnig meira ef húsið verður hærra.

HÚSIÐ VIÐ KEILUGRANDA 1 Ef breytingin á aðalskipulaginu verður samþykkt munu eigendur lóðarinnar geta reist byggingu á lóðinni sem er allt að níu hæðir og með 130 íbúðum í stað 50.

Að mati Gunnars eru rök borgaryfirvalda fyrir breytingunni lítil. „Einu rökin eru þau að það sé vinsælt að búa á svæðinu. Skipulagsstofnun hefur meira að segja sagt að rökstyðja þurfi breytinguna." Gunnar telur að borgaryfirvöld séu að ganga erinda lóðareigandans en ekki íbúa í nágrenni Keilugranda. „Það leggur vonda lykt af þessu máli," segir Gunnar.

Undirskriftalistinn hefur verið sendur til Vilhjálms Þ. Vilhjálmssonar, borgarstjóra Reykjavíkur, skipulagsstjóra borgarinnar og formanns Skipulagsráðs, auk bréfs þar sem framkvæmdinni er mótmælt. Frestur til að skila athugasemdum við breytinguna á aðalskipulaginu rann út í gær.

Hanna Birna Kristjánsdóttir, formaður skipulagsráðs, segir að farið verði yfir athugasemdirnar frá íbúunum. Hún getur ekki tjáð sig um það á þessu stigi hvort tekið verði tillit til þeirra og hvort byggingarmagnið á lóðinni verði minnkað.

ingifreyr@frettabladid.is

Tveir Hollendingar dæmdir í fjórtán og sextán mánaða fangelsi fyrir kókaínsmygl:

Voru eingöngu burðardýr

DÓMSMÁL Tveir Hollendingar, nítján ára stúlka og 28 ára karlmaður, voru dæmdir í fjórtán og sextán mánaða fangelsi í Héraðsdómi Reykjaness í fyrradag fyrir að smygla rúmu kílói af kókaíni til landsins í byrjun apríl á þessu ári. Til frádráttar kemur gæsluvarðhald frá 7. apríl.

Efnin fundust á fólkinu við komuna til landsins, en þau höfðu flogið saman frá Amsterdam. Hvort um sig hafði falið um hálft kíló af kókaíni innvortis og innan klæða. Fyrir dómi sögðust þau bæði hafa flutt efnin gegn greiðslu frá fólki í Hollandi. Þau sögðust ekki þekkja hvort annað, en hafi verið sagt að látast vera par til að minnka grunsemdir.

Í dómnum segir óumdeilt að ákærðu væru eingöngu burðardýr og hafi ekki átt frumkvæði að flutningunum. Bæði hafi þau einnig játað brot sitt af hreinskilni. Refsing var því ákvörðuð fjórtán mánuðir fyrir stúlkuna og sextán fyrir karlmanninn. Þau voru látin greiða tvær milljónir í málsvarnarlaun og annan sakarkostnað.

KEFLAVÍKURFLUGVÖLLUR Fólkið var á leið til landsins með flugi frá Amsterdam þegar kókaínið fannst. Þau hafa setið í gæsluvarðhaldi síðan 7. apríl.

Héraðsdómarinn Sveinn Sigurkarlsson kvað upp dóminn en Daði Kristjánsson, saksóknari hjá ríkissaksóknara, flutti málið fyrir hönd ríkisins. Sveinn Andri Sveinsson hæstaréttarlögmaður varði stúlkuna en Ásbjörn Jónsson héraðsdómslögmaður karlmanninn. - sþs

Sprengitilboð

Keyptu sófasett og fáðu flatskjá í kaupbæti

Einungis fáanlegt í Smáralind og á markaði Hagkaupa Akureyri

32" United LCD skjár
- Upplausn: 1366x768 punktar
- HD Ready
- Progressive Scan
- Nicam stereó hljóðkerfi
- 2 scart, HDMI, component, SVHS, CVBS
- VGA tengi og heyrnartólstengi
- Textavarp
- Fjarstýring
- Stærð í cm (bxhxd): 91,7x51,7x11

Með hverju seldu
8138M eða M75 sófasetti fylgir
United - 32" LCD breiðtjaldssjónvarp
að andvirði 79.990kr*

*Gildir á meðan birgðir endast

329.000kr
GOTT VERÐ

Svefnsófasett úr leðri 8138M

269.000kr
GOTT VERÐ

Leðurhornsófi 1+2+1 M75

20" Dantax LCD skjár
- 20" 4:3 LCD sjónvarp • Upplausn: 800x600 punktar
- Svartími: 8ms og sjónsvið (h/v): 150/130°
- Skerpa: 700:1 og 500cd/m2 • 12v og 220v
- Nicam stereó hljóðkerfi
- 2 Scart, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi
- VGA tengi • Textavarp með 7 síðna minni
- Barnalæsing og fjarstýring • Borðstandur og veggfesting fylgja
- Mál í cm (bxhxd): 52,3x43,5x7,9 og þyngd: 9kg

Með hverju seldu
8181 eða 8183 sófasetti fylgir
Dantax - 20" LCD breiðtjaldssjónvarp
að andvirði 49.990kr*

*Gildir á meðan birgðir endast

199.000kr
GOTT VERÐ

Leðursófasett 3+1+1 8181

199.000kr
GOTT VERÐ

Leðursófasett 3+1+1 8183

BORÐSTOFUSTÓLAR Á SPRENGITILBOÐI

TILBOÐ 9.900kr — Verð áður 14.900,-

TILBOÐ 8.990kr — Verð áður 12.900,-

TILBOÐ 12.990kr — Verð áður 18.900,-

TILBOÐ 8.330kr — Verð áður 11.900,-

TILBOÐ 8.330kr — Verð áður 11.900,-

TILBOÐ 11.900kr — Verð áður 18.900,-

TILBOÐ 11.900kr — Verð áður 14.900,-

TILBOÐ 14.900kr — Verð áður 24.900,-

Gildir til 28. ágúst eða á meðan birgðir endast.
Með fyrirvara um villur í texta.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

VEISTU SVARIÐ?

1 *Hvaða tegund fólksbíla hefur selst best á Íslandi á árinu?*

2 *Hvað heitir leikstjóri íslensku kvikmyndarinnar Astrópíu?*

3 *Hver er besti leikmaður 7. til 12. umferðar Landsbankadeildar karla samkvæmt einkunnagjöf Fréttablaðsins?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 58

Bæjaryfirvöld segja samdrátt í Vestmannaeyjum verða 3,6 milljarða á ári vegna þorskkvótaskerðingar:

Vilja fleiri störf og betri samgöngur

VESTMANNAEYJAR Áhrif skerðingar á þorskkvóta á Vestmannaeyjar munu verða samdráttur um 3,6 milljarða á komandi fiskveiðiári, eða 10 milljarða á næstu þremur árum. Elliði Vignisson, bæjarstjóri í Vestmannaeyjum, kynnti hugmyndir Eyjamanna um mótvægisaðgerðir á blaðamannafundi um borð í Vestmannaey VE í gær.

„Í þessum þrengingum felast tækifæri. Við viljum nálgast þetta sem verkefni, ekki vandamál," segir Elliði í samtali við Fréttablaðið. Hann sagði að kostnaður við tillögurnar hafi enn ekki verið metinn, enda eigi eftir að útfæra þær nánar.

Elliði segir ríkið hafa tilkynnt að það hygðist koma til móts við sjávarbyggðir vegna kvótaskerðingar með sérstökum mótvægisaðgerðum, en best fari á því að sveitarfélögin móti sjálf hugmyndir um vaxtarbrodda og tækifæri. Bæjaryfirvöld muni funda með stjórnvöldum um tillögurnar á næstunni.

Meðal annars er lagt til að uppbyggingu á samgöngum til Eyja verði hraðað, og framkvæmdum við Bakkafjöru verði flýtt þannig að hægt verði að hefja notkun nýrrar hafnar vorið 2009. Þá verði Siglingastofnun Íslands falið að ljúka undirbúningi stórskipahafnar í Vestmannaeyjum.

Elliði leggur einnig áherslu á að störf í opinberum stofnunum tengd sjávarútvegi færist í auknum mæli til Eyja. Þannig er lagt til að ráðnir verði sérfræðingar til Hafrannsóknastofnunar í Eyjum, MATÍS ráði sérfræðinga þar og Fiskistofa bæti við starfsmönnum.

- bj

MÓTVÆGISAÐGERÐIR Þau Páll Marvin Jónsson, formaður skólamálaráðs, Páley Borgþórsdóttir, formaður bæjarráðs, Elliði Vignisson bæjarstjóri og Páll Scheving, oddviti Vestmannaeyjalistans, kynntu tillögur að mótvægisaðgerðum um borð í Vestmannaey VE í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR FRIÐRIKSSON

Leðurstuttbuxur fyrir vandláta:

Lúxusleðurbuxur fyrir 730.000

AUSTURRÍKI, AP Fyrir þá sem alltaf hefur langað til að eignast tírólaleðurbuxur sem skera sig úr, býður austurrískri klæðskerinn Christian Wohlmuther upp á sérsniðnar slíkar buxur sem selst hafa fyrir allt að 84.000 evrum, andvirði 730.000 króna.

SPARILEÐUR Það er betra að sulla ekki súrkáli og bjór niður á svona dýrgrip.

Wohlmuther, sem rekur þjóðbúningaverslun í Bad Mittendorf í Steiermark, tjáði AP að verðið réðist af skrautinu. Fyrstu lúxusleðurbuxurnar sem hann seldi voru skreyttar 166 demöntum, en þær keypti Þjóðverji búsettur í Dubai.

- aa

Bandaríkjamenn passa vel að halda mótmælendum í fjarlægð frá forsetanum:

Forsetinn fær ekkert að sjá

BANDARÍKIN Starfsmenn Hvíta hússins í Washington hafa skýr fyrirmæli um að láta forsetann helst aldrei sjá mótmælendur. Allar ferðir forsetans eru skipulagðar þannig að mótmælendum er úthlutað afmörkuð svæði og þess gætt að ekki sjáist til þeirra frá þeirri leið sem forsetinn ferðast.

Þetta kemur fram í handbók frá árinu 2002 fyrir starfsfólk Hvíta hússins. Handbókin hefur ekki verið opinber fyrr en nú fyrir skemmstu, og þá aðeins að hluta til. Bandarísku mannréttindasamtökin ACLU fengu handbókina afhenta samkvæmt dómsúrskurði í tengslum við dómsmál, sem samtökin hafa höfðað fyrir hönd tveggja mótmælenda sem voru handteknir fyrir að neita að hylja ögrandi áletranir á skyrtubolum sínum þegar George W. Bush hélt

SÉR BARA BROSANDI ANDLIT Bush fyrir utan Hvíta húsið á leið í ferðalag.

NORDICPHOTOS/GETTY

þjóðhátíðarræðu sína í þinghúsi Vestur-Virginíu árið 2004. Bandaríska dagblaðið Washington Post skýrði frá þessu nú í vikunni.

„Munið að forðast líkamlega snertingu við mótmælendur. Oftast vilja mótmælendur líkamleg átök. Fallið ekki í gildru þeirra!" segir í handbókinni, þar sem farið er vandlega ofan í ýmis smáatriði varðandi samskipti við mótmælendur á ferðum forsetans.

Einnig á starfsfólkið að meta í hverju tilviki hvort viðbrögð þess geti „leitt af sér meiri neikvæða umfjöllun á opinberum vettvangi heldur en ef mótmælendurnir eru einfaldlega látnir í friði."

- gb

Stuðningsmenn Sharifs:

Hafna sáttum við Musharraf

PAKISTAN, AP Hæstiréttur í Pakistan hefur úrskurðað að Nawaz Sharif, fyrrverandi forsætisráðherra, megi snúa aftur heim úr útlegð áður en þingkosningar verða í landinu í vetur.

Stuðningsmenn Sharifs hafna öllum sáttum við Pervez Musharraf forseta en hann steypti Sharif af stóli árið 1999.

Staða Musharrafs hefur veikst mjög eftir alvarleg átök hans við lögfræðingastétt landsins síðastliðið vor.

Þingið kýs nýjan forseta í október og nýtt þing verður kjörið síðar í vetur. Sharif og Benazir Bhutto, sem einnig er fyrrverandi forsætisráðherra, stefna að því að fella þingmeirihluta Musharrafs í þeim kosningum.

- gb

Til hamingju Valsmenn

Ný mannvirki Knattspyrnufélagsins Vals verða formlega vígð í dag.
Þetta er nýtt íþróttahús, áhorfendastúka með búningsklefum að nýjum leikvangi, sem er með hitalögn og vatnsúðunarkerfi, ný tengibygging með skrifstofum, þjónusturýmum og almenningstorgi, endurbættur samkomusalur og endurbætt ásýnd eldri bygginga svæðisins.

Hin nýju mannvirki verða opin almenningi í dag, laugardaginn 25. ágúst frá kl.14:30 -17:00. **Verið velkomin!**

Aðal hönnuður: ALARK arkitektar ehf. Dalvegur 18, 201 Kópavogur s. 534 4800, 534 4818 Jakob Lindal og Kristján Ásgeirsson arkitektar FAÍ

Aðal verktaki: MARKHÚS

2748 / TAKTIK 22.8.07

VST Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsen hf. · Rafhönnun · torf.is · Rafþjónustan · LANDMÓTUN · Eftirlit: H.S MÁLVERK Almenna verkfræðistofan · Múrdeildin ehf. · ÁSBERG ehf. verktakar · AÐALBLIKK ehf.

Allt að 70% afsláttur

Egill Árnason hf

STÓRÚTSALA

NÁTTÚRUFLÍSAR
20-50 % afsláttur

PLANKA PARKET
ÝMSAR TEGUNDIR
20-40 % afsláttur

Egill Árnason hf. Ármúla 8 108 Reykjavík Sími: 595 0500 www.egillarnason.is Afgreiðslutímar: Mánudaga - föstudaga kl. 9 - 18 og laugardaga kl. 10 - 16

EIN Á BÁTI Í KAMBÓDÍU Þessi stúlka reri bát sínum á lítilli á í Kandal-héraði í Kambódíu, þar sem flóðahætta hefur verið töluverð. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Fyrsta skóflustungan að nýbyggingu Háskólans í Reykjavík við Öskjuhlíð tekin:

Risahús rís við rætur Öskjuhlíðarinnar

MENNTUN Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson borgarstjóri tók fyrstu skóflustunguna að nýbyggingu Háskólans í Reykjavík (HR) í gær við rætur Öskjuhlíðar upp af Nauthólsvík. Dr. Svafa Gröndfeldt, rektor HR, og Bjarni Ármannsson, formaður háskólaráðs, fluttu ávörp við skóflustunguna.

Unnið hefur verið að hönnun byggingarinnar frá því í fyrrahaust af Arkís, Landmótun og Henning Larsen Architects (DK), auk verkfræðihönnuða frá Cowi (DK) og VGK-Hönnun.

Áætlað er að húsið verði um þrjátíu og fimm þúsund fermetrar að stærð og því ein stærsta bygging höfuðborgarinnar. Gert er ráð fyrir að fyrsta hluta byggingarframkvæmda verði lokið í upphafi skólaárs í ágúst 2009. Þá á að vera tilbúin til notkunar um tuttugu þúsund fermetra aðstaða fyrir tækni- og verkfræðideild, tölvunarfræðideild og viðskiptadeild. Stefnt er að því að öll starfsemi Háskólans í Reykjavík verði svo komin niður að Öskjuhlíðarrótum haustið 2010. - lbb

FYRSTA SKÓFLUSTUNGAN Eftir athöfnina stóð Sjósundfélag HR fyrir sundspretti í Nauthólsvík.

Bæjarstjórn Kópavogs:

Hvetja til góðrar umgengni

UMHVERFI **Bæjarstjórn Kópavogs veitti í gær viðurkenningar fyrir hús, götur og stofnanir sem þykja vera til fyrirmyndar í umhverfismálum.**

Með viðurkenningunum vilja bæjaryfirvöld sýna þeim, sem skara fram úr í umhverfismálum, þakklæti og jafnframt hvetja til góðrar umgengni og frágangs á lóðum. Þá hlutu Lindaskóli, Salaskóli og Snælandsskóli verðlaun í flokknum athyglisvert framlag til umhverfismála en allir flagga Grænfánanum sem er alþjóðleg viðurkenning fyrir vinnu að umhverfismálum. - kdk

Ók börnunum í leikskólann:

Þrír teknir fyrir fíkniefnaakstur

LÖGREGLUMÁL Þrír menn á þrítugsaldri voru handteknir fyrir að aka undir áhrifum fíkniefna á höfuðborgarsvæðinu í gær. Sá fyrsti var stöðvaður á Breiðholtsbraut í Kópavogi í gærmorgun, en hann hafði nýverið ekið börnum sínum í leikskóla. Hann átti mjög erfitt með að halda bílnum á veginum.

Annar ökumaður reyndi að komast undan lögreglu á hlaupum á Álfhólsvegi í Kópavogi um hádegisbil en náðist. Sá þriðji var handsamaður í Breiðholti seinni partinn í gær. - sþs

Skógræktarfélag Íslands:

Nýr formaður

NÁTTÚRA **Magnús Gunnarsson, framkvæmdastjóri Avant, var kjörinn formaður Skógræktarfélags Íslands á aðalfundi félagsins fyrr í mánuðinum. Hann tekur við embættinu af Magnúsi Jóhannessyni, ráðuneytisstjóra umhverfisráðuneytisins, formanni til tólf ára.**

Aðrar breytingar á stjórn voru þær að Sigríður Jóhannsdóttir gaf ekki áfram kost á sér til stjórnarsetu og komu því inn tveir nýir stjórnarmenn: Aðalsteinn Sigurgeirsson, forstöðumaður Rannsóknastöðvar skógræktar á Mógilsá, og Jónína Stefánsdóttir, sérfræðingur á matvælasviði Umhverfisstofnunar. - ifv

Stjórnarmyndun í Belgíu:

Umboði skilað

BELGÍA, AP Tilraunir Yves Leterme, leiðtoga kristilegra demókrata í flæmska hluta Belgíu, til að mynda nýja sambandsstjórn fóru út um þúfur í gær. Hann skilaði stjórnarmyndunarumboðinu til konungs eftir að fimm vikna viðræður borgaralegu flokkanna strönduðu á ágreiningi um valdmörk milli landshlutastjórnanna og sambandsríkisins.

Búist er við að konungur feli fulltrúa borgaralegu flokkanna í frönskumælandi hlutanum að spreyta sig. Kristilegri demókratar og Frjálslyndir sigruðu í þingkosningum sem fram fóru í landinu 10. júní síðastliðinn. - aa



ÚTSALA
VALHÚSGÖGN
SÓFAR - SÓFASETT - HORNSÓFAR - TUNGUSÓFAR - SVEFNSÓFAR - HVÍLDASTÓLAR - BORDSTOFUHÚSGÖGN - SKÁPAR...
Síðasta útsöluhelgin
opið: laugardag 11-16
sunnudag 13-16
virka daga 10-18
www.valhusgogn.is
Röltu um verslunina okkar í rólegheitum á netinu með nýja 360° sýningarkerfinu okkar Þetta verður þú að prófa!
Valhúsgögn
Ármúla 8 - 108 Reykjavík
Sími 581-2275 ■ 568-5375

Nituráhrifin athuguð síðar

Umhverfisráðherra samþykkti nýjan Gjábakkaveg með því fororði að áhrif niturs á Þingvallavatn verði rannsökuð. „Of seint," segir Pétur M. Jónasson.

SKIPULAGSMÁL Jónína Bjartmarz, þá umhverfisráðherra, staðfesti í vor úrskurð Skipulagsstofnunar um legu nýs Gjábakkavegar. Gerði hún það með því fororði að rannsóknir yrðu gerðar á áhrifum niturs á Þingvallavatn.

Pétur M. Jónasson vatnalíffræðingur telur að niturmengun spilli lífríki vatnsins og segir of seint að hefja rannsóknir eftir að vegurinn hefur verið lagður. Vegagerðin hefur svarað fullyrðingum Péturs á þann veg að erfitt sé að segja til um áhrif af útblæstri bíla á vatnið þar sem litlar sem engar rannsóknir séu til staðar.

Pétur segir það rangt og bendir á að í fimmtán ár hafi Veðurstofa Íslands rannsakað niturmengun við Írafoss.

Gjábakkavegur hefur lengi verið á teikniborðinu og nokkrar tillögur verið uppi um legu hans. Pétur hefur tvívegis áður kært úrskurð Skipulagsstofnunar og beðið um að möguleikinn á endurbótum á núverandi vegi verði tekinn til frekari athugunar eða að leiðin verði höfð sunnan við vatnið; út fyrir vatnasviðið frá Laugarvatni að Írafossi og þaðan á Hellisheiði. Í maí á þessu ári staðfesti Jónína Bjartmarz, þáverandi umhverfisráðherra, hins vegar úrskurð Skipulagsstofnunar með því tilliti að rannsóknir yrðu gerðar á áhrifum niturs á vatnið. „Það verður of seint að byrja rannsóknir eftir að búið er að leggja veginn," segir Pétur um þá ákvörðun.

karen@frettabladid.is

SÆKIR Í HAUGINN Nesbú hefur dreift hænsnaskít á útivistarsvæðinu á Vogastapa. Fuglinn sækir í hauginn eins og sjá má. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Útivistarsvæðið á Vogastapa:

Nesbú dreifir hænsnaskít

UMHVERFISMÁL Nesbú á Vatnsleysuströnd hefur í sumar safnað nokkrum tonnum af hænsnaskít á haug á Vogastapa á Reykjanesi. Magnús Guðjónsson, forstöðumaður Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja, telur að Nesbú hafi ekki heimild heilbrigðisyfirvalda til að dreifa skítnum á þessum stað og ætlar að skoða málið.

Stefán Már Símonarson, framkvæmdastjóri Nesbús, segir að fyrirtækið hafi dreift skít þarna fyrir nokkrum árum, hafi safnað á haug í sumar og ætli að dreifa skítnum í haust. Ekki þurfi leyfi til þess en heilbrigðisyfirvöld hafi þó verið látin vita á sínum tíma. Áburðardreifing gjörbreyti gróðurfari því gróðurinn sæki í svæðið eftir dreifinguna. - ghs

Í túninu HEIMA

BÆJARHÁTÍÐ MOSFELLSBÆJAR

DAGSKRÁ DAGANA 23. - 26. ÁGÚST 2007

LAUGARDAGUR 25. ÁGÚST

10:00 – 13:00 ÍÞRÓTTAMIÐSTÖÐIN AÐ VARMÁ
Regnbogahlaupið. Mannræktin ATORKA skipuleggur hringhlaup á fellin fjögur umhverfis Mosfellsbæ (Helgafell, Reykjafell, Reykjaborg og Úlfarsfell). Gert er ráð fyrir þremur klukkustundum fyrir þá sem eru í góðri þjálfun. Orkudrykkir í boði á toppi hvers fells.

Varmárvöllur:
Frjálsíþróttadeild Aftureldingar býður til Meistaramóts öldunga.

11:00 – 13:00 FLUGVÖLLURINN TUNGUBÖKKUM
Módelflugáhugamenn setja vélar sínar á loft ef veður leyfir.

11:00 – 18:00
Stekkjarflöt:
Skátafélagið Mosverjar. Ratleikur fyrir alla aldurshópa með léttum þrautum. Veitingar, grín og glens fyrir fólk á öllum aldri.

Hlíðarvöllur:
Púttflatir Golfklúbbsins Kjalar opnar fyrir alla sem langar að prófa að pútta.
Í klúbbhúsinu eru veittar nánari upplýsingar.

Ratleikur á hestum:
Ræst verður í Laxnesi kl. 11.00. Riðið um Kýrgil, þar sem silfur Egils Skallagrímssonar er falið og þaðan yfir Mosfellið, niður bakka Leirvogsár og komið í mark við Harðarból. Vegleg verðlaun í bæði unglingaflokki og meistaraflokki.

Íþróttasvæðið að Varmá:
Fló og fjör heldur flóamarkað í tjaldi við Íþróttamiðstöðina.
Allt á að seljast, klinkið í fullu gildi.

12:00 – 16:00 ÁLAFOSSKVOS
Varmársamtökin með útimarkað. Seld verður fersk lífræn matvara, blóm og handverk ásamt því að boðið verður upp á veitingar og ýmsa skemmtan.

12:00 – 17:00 ÚTIMARKAÐUR MOSSKÓGA Í MOSFELLSDAL
Grænmeti frá Mosskógum, silungur frá Heiðarbæ, rósir frá Dalsgarði o.fl. o.fl.

13:00 – 17:00 LISTASALURINN Í KJARNA
Mosfellingar samtímans
Bæjarblaðið Mosfellingur sýnir fjölda ljósmynda í eigu blaðsins í tilefni af 5 ára afmæli.

13:00 – 18:00 SÝNINGARHÖLL
Íþróttahúsið að Varmá:
Fyrirtæki, klúbbar, félagasamtök og einstaklingar kynna starfsemi sína. Ýmislegt í boði, m.a. hestaferð, teymt undir börnum – hoppkastali o.fl.

Ferðasafn stærðfræðisafnsins Mathematikum frá Þýskalandi:
Safnið hefur verið sett upp víða um heim og þar er að finna verkefni og þrautir af ýmsum toga. Þar getur fjölskyldan fundið viðfangsefni við sitt hæfi. Sýningin er í Íþróttamiðstöðinni að Varmá.

„Komið að dansa" – Hópur fjörugra dansáhugamanna hvetur gesti til að dansa með.

DAGSKRÁ Á HÁTÍÐARSVIÐI Í SÝNINGARHÖLL
Kl. 13:30 Álfarnir Þorri og Þura skemmta börnum.
Kl. 14:00 Hljómsveitir frá Félagsmiðstöðinni Bólinu stíga á svið.
Kl. 15:00 Ragnar Bjarnason ásamt kvartett Reynis Sigurðssonar.
Kl. 16:30 Fimleikasýning fimleikadeildar UMFA.
Kl. 17:00 Leikfélag Mosfellssveitar með dagskrá.

13:00 – 18:00
„Borhola 13" – Mosfellsbær er uppspretta heita vatnsins!
Orkuveita Reykjavíkur með opið hús í dælustöðinni við Dælustöðvarveg í Reykjahverfi.

14:00 VARMÁRVÖLLUR
Hundasýning. Hundaræktunarfélag Íslands.

16:00 GLJÚFRASTEINN
„... og fjöllin urðu kyr" – Hátíðardagskrá í tilefni 20 ára afmælis Mosfellsbæjar.
Bjarki Bjarnason og Sigurður Ingvi Snorrason hafa tekið saman dagskrána sem er fléttuð úr tónlist, sögum og veruleika úr Mosfellsbæ og -sveit fyrr og síðar, m.a. með augum Nóbelskáldsins. Flytjendur: Eyjólfur Eyjólfsson, Sigurður Ingvi Snorrason, Anna Guðný Guðmundsdóttir, Hávarður Tryggvason, Bjarki Bjarnason og Þórunn Lárusdóttir.

15:45 – 16:00 FLUGKLÚBBUR MOSFELLSBÆJAR
Hópflug yfir hátíðarsvæðið.

16:00 VARMÁRVÖLLUR
Verðlaunaafhending og tilnefning:
Sigurvegari í unglingaflokki og meistaraflokki í ratleik hestamanna.
Litaglaðasti bæjarhluti Mosfellsbæjar tilnefndur.
Afhending umhverfisviðurkenninga.

16:17 ÓLYMPÍULEIKAR MOSFELLSBÆJAR
Starfsmenn fyrirtækja keppa í ýmsum þrautum með ólympísku ívafi.

17:00 LISTASALUR MOSFELLSBÆJAR Í KJARNA
Tónlistardeild Listaskóla Mosfellsbæjar með tónleika.

18:00 GÖTUGRILL
Íbúar Mosfellsbæjar halda götugrill í vel skreyttum götum bæjarins.

23:30 HLÉGARÐUR
Stórdansleikur Þruma og eldinga.
Hljómsveitin Gildran leikur fyrir dansi.

SUNNUDAGUR 26. ÁGÚST

12:00 - 14:00 VARMÁRVÖLLUR
Frjálsíþróttadeild Aftureldingar býður til Meistaramóts öldunga.

13:00 – 17:00 SÝNINGARHÖLL
Íþróttahúsið að Varmá:
Fyrirtæki, klúbbar, félagasamtök og einstaklingar kynna starfsemi sína. Ýmislegt í boði, m.a. hestaferð, teymt undir börnum, dagskrá fyrir leikskólabörn, hoppkastali o.fl.

Ferðasafn stærðfræðisafnsins Mathematikum frá Þýskalandi:
Sýning heldur áfram frá deginum á undan.

„Borhola 13" – Mosfellsbær er uppspretta heita vatnsins!
Orkuveita Reykjavíkur með opið hús í dælustöðinni við Dælustöðvarveg í Reykjahverfi.

Fornbílaklúbbur Íslands:
Fornbílar félagsmanna í FBÍ verða til sýnis við Íþróttahúsið að Varmá.

Golfklúbburinn Kjölur:
Unglingaeinvígið í Mos nú haldið í þriðja sinn og er sem fyrr um að ræða boðsmót þar sem fimm stigahæstu drengjum og þremur stigahæstu stúlkum í öllum aldursflokkum á Kaupþingsmótaröð GSÍ, að loknum fjórum mótum, er boðin þátttaka.

Tíu keppendur hefja leik í hverjum aldursflokki og er leikið frá rauðum teigum að hvítum og frá fyrstu holu til sjöundu, en þá standa eftir þrír keppendur í hverjum aldursflokki sem keppa til úrslita ásamt sigurvegaranum frá því í fyrra.

14:00 BÆJARLEIKHÚSIÐ
Leiksýning Leikfélags Mosfellssveitar. 13–16 ára leikarar Leikfélags Mosfellssveitar sýna leikritið ***Ofviðrið*** eftir Shakespeare.

DAGSKRÁ Á HÁTÍÐARSVIÐI Í SÝNINGARHÖLL
Kl. 13:30 Álfarnir Þorri og Þura skemmta börnum.
Kl. 14:00 Fimleikasýning fimleikadeildar UMFA.
Kl. 14:30 Álafosskórinn – Stjórnandi: Helgi R. Einarsson.
Karlakór Kjalnesinga – Stjórnandi: Páll Helgason.
Kammerkór Mosfellsbæjar – Stjórnandi: Símon H. Ívarsson.
Mosfellskórinn – Stjórnandi: Páll Helgason.
Reykjalundarkórinn – Stjórnandi: Íris Erlingsdóttir.
Vorboðarnir – Stjórnandi: Páll Helgason.
Samsöngur kóranna við undirleik Skólahljómsveitar Mosfellsbæjar.
Stjórnandi: Daði Þór Einarsson.
Kl. 16:00 Hin vinsæla hljómsveit Sprengjuhöllin leikur í boði OR.
Kl. 17:00 Formlegri dagskrá í íþróttahúsi lokið.

13:00 – 16:00 VIÐ ÍÞRÓTTAHÚSIÐ AÐ VARMÁ
Leikskólabörn með dagskrá.

17:00 DAGSKRÁRLOK

GÓÐA SKEMMTUN!

DAGSKRÁ EINNIG Á WWW.MOS.IS

BÆJARÚTGERÐIN - A4 HÖNNUNARSTOFA

KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

OMX ÍSLAND 15
8.283 **-0,79%**

Fjöldi viðskipta: 508
Velta: 7.710 milljónir

MESTA HÆKKUN

TEYMI	4,31%
ÖSSUR	1,91%
FØROYA BANKI	1,30%

MESTA LÆKKUN

KAUPÞING	1,27%
ATLANTIC PETROL.	1,25%
TRYGGINGAMIÐST.	1,14%

HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU: Atorka 9,40 +0,54% ... Bakkavör 67,70 +0,00% ... Eimskipafélagið 40,50 +0,00% ... Exista 34,00 +0,30% ... FL Group 26,20 -0,76% ... Glitnir 28,30 -0,88% ... Icelandair 26,90 +0,00% ... Kaupþing 1.170 -1,27% ... Landsbankinn 40,45 -0,49% ... ... Straumur-Burðarás 20,60 -0,96% ... Össur 107,00 +1,91% ... Teymi 5,81 +4,31%

viðskipti
Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

Lækkun á markaði

Gengi hlutabréfavísitalna lækkaði lítillega á flestum fjármálamörkuðum í gær. Bandarískur fjármálamarkaður sló taktinn en nokkurrar svartsýni gætti í röðum fjárfesta vestanhafs eftir að forstjóri Countrywide Financial, eins stærsta húsnæðislánafyrirtækis Bandaríkjanna, sagðist ekki sjá fyrir endann á samdrætti fyrirtækisins. Í kjölfarið fylgdu hlutabréfamarkaðir víða um heim.

Hlutabréfamarkaðir eru viðkvæmir fyrir fréttum af stöðu mála á bandarískum húsnæðislánamarkaði en fjölmörg fjármálafyrirtæki víða um heim hafa fjárfest í slíkum lánasöfnum.

Kínabanki, næststærsti banki Kína, viðurkenndi í gær að hann ætti í einu slíku fyrir jafnvirði 635 milljarða íslenskra króna. Við þetta gætti taugatitrings í röðum kínverskra fjárfesta sem losuðu sig við bréf í bankanum með þeim afleiðingum að gengi hans féll um rúm fimm prósent.

KÍNVERSKIR FJÁRFESTAR Taugatitrings gætti í röðum fjárfesta í Kína eftir að í ljós kom að næststærsti banki landsins hafði fjárfest í bandarískum fasteignalánasöfnum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Þrátt fyrir það sló SCI-vísitalan enn eitt metið í Kína. Vísitalan hefur stigið hratt upp á síðkastið þrátt fyrir hræringar á mörkuðum og hefur hún þrefaldast á tæpum tveimur árum. **- jab**

Stærstu félögin hagnast helmingi meira

Samanlagður hagnaður tíu stærstu fjármálafyrirtækja Norðurlanda nam 820 milljörðum. Sampo, sem er að stórum hluta í eigu Íslendinga, hagnaðist mest. Íslensku bankarnir ofarlega yfir hæstu arðsemi og mestu aukningu hagnaðar.

Tíu stærstu fjármálafyrirtæki Norðurlanda nutu hagstæðra skilyrða á alþjóðlegum fjármálamörkuðum á fyrri hluta ársins og skiluðu þá ríflega helmingi meiri hagnaði eftir skatta en á sama tíma í fyrra. Í þessum hópi eru Kaupþing, Landsbankinn og Glitnir.

Samanlagt högnuðust félögin tíu um 820 milljarða króna samanborið við um 528 milljarða króna árið 2006.

Þótt Sampo Group í Finnlandi sé ekki nema sjöunda stærsta fyrirtækið að markaðsvirði skilaði það langmestum hagnaði, tæpum 275 milljörðum króna eða nífalt meiri hagnaði en árið áður. Því má öðru fremur þakka góðum hagnaði af sölu á Sampo Bank til Danske Bank sem skilaði sér í bækur Sampo á fyrsta ársfjórðungi.

Nordea, sem er stærsta fjármálafyrirtæki Norðurlanda, hagnaðist um 130 milljarða króna á fyrri hluta ársins sem var átta prósenta aukning á milli ára.

Glitnir og Handelsbanken í Svíþjóð voru einu fjármálafyrirtækin þar sem hagnaður dróst saman á milli ára. Annars var aukning hagnaðar á milli ára nokkuð stöðug og lá hún á bilinu átta til tuttugu prósent. Kaupþing, Landsbankinn og Sampo skáru sig hins vegar vel úr. Kaupþing jók hagnað á milli ára um 47 prósent og skilaði 46,3 milljörðum króna í hús. Landsbankinn jók hagnað sinn í 26,3 milljarða sem var aukning um 29 prósent.

Ef Sampo er skilinn frá sýndi Landsbankinn hæstu arðsemi eigin fjár á fyrri hluta ársins, rúmum 39 prósentum á ársgrundvelli. Kaupþing og Glitnir komu þar í humátt á eftir.

Mikill hagnaður Sampo birtist einnig í bókum Existu, stærsta hluthafa félagsins, sem hagnaðist um 73 milljarða króna á fyrri hluta ársins. Þetta er besta afkoma íslensks fyrirtækis á einum árshelmingi og má einkum þakka því að Exista tekur hlutdeild í hagnaði finnska félagsins. **eggert@frettabladid.is**

Á AÐALFUNDI EXISTU Risahagnaður finnska félagsins Sampo Group birtist í bókum íslenska félagsins Existu. Fréttablaðið/Valli

AFKOMA STÆRSTU FJÁRMÁLAFYRIRTÆKJA NORÐURLANDA

Félag	Hagnaður	Arðsemi eigin fjár
Sampo Group	274,6	126,5%
Nordea	127,4	19,5%
Danske Bank	86,2	5,9%
DnB Nor	65,9	18,8%
SEB	61,7	17,0%
Handelsbanken	59,7	14,0%
Swedbank	54,8	19,5%
Kaupþing	46,8	32,0%
Landsbankinn	26,3	39,3%
Glitnir	16,5	24,2%
Alls í milljörðum	**820,0**	

Upphæðir miðast við gengi krónunnar þann 30. júní sl.

Sextíu prósent bankatekna að utan

Eftir kaup Kaupþings á hollenska bankanum NIBC breytist tekjusamsetning íslensku bankanna á þann veg að 60 prósent tekna þeirra koma frá útlöndum, samkvæmt upplýsingum frá Fjármálaeftirlitinu (FME). Jónas Fr. Jónsson, forstjóri FME, segir að samkvæmt nýjum hálfsársuppgjörum bankanna hafi hlutfallið verið 54 prósent áður.

Yfirtakan á NIBC er sú stærsta sem íslenskt fyrirtæki hefur ráðist í til þessa og bendir Jónas á að við hana stækki íslenska bankakerfið um 30 prósent á samstæðugrunni. „Þá fjölgar þeim löndum þar sem íslensk fjármálafyrirtæki hafa hagsmuna að gæta," segir hann og bætir við að fyrirhuguð stækkun auki enn við verkefni og kröfur sem gerðar séu til FME sem eftirlitsaðila á alþjóðlegum fjármálamarkaði.

Gangi kaupin eftir kemur í hluthafahóp Kaupþings alþjóðlegur fjárfestir sem virkur eigandi og segir Jónas mega ætla að slíkt myndi auka breidd í hluthafahópnum og beri vott um alþjóðavæðingu íslenska fjármálakerfisins. Ætlað er að Ravi Sinha, framkvæmdastjóri J.C. Flowers, sem fer fyrir fjárfestahópnum sem selur NIBC, taki sæti í stjórn Kaupþings. - óká

HÖFUÐSTÖÐVAR NIBC Á miðvikudag var tilkynnt um stærstu kaup íslensks fyrirtækis til þessa með yfirtöku Kaupþings á hollenska bankanum NIBC. MYND/NIBC

Innlend hlutabréf skila Gildi lífeyrissjóði hárri raunávöxtun

Gildi lífeyrissjóður, þriðji stærsti lífeyrissjóður landsins, skilaði á fyrri hluta ársins 17,6 prósenta raunávöxtun á ársgrundvelli. Til samanburðar nam meðalraunávöxtun áranna 2002-2006 11,2 prósentum. Hrein eign sjóðsins hækkaði um 25,3 milljarða króna og nam 240,7 milljörðum króna í lok júní.

Árni Guðmundsson, framkvæmdastjóri Gildis, segir að gríðarleg hækkun á innlendum hlutabréfum sjóðsins skýri þessa góðu ávöxtun á árinu, en sjóðurinn er tiltölulega stór á þeim markaði. Innlend hlutabréf gáfu 69 prósenta raunávöxtun á ársgrundvelli. Um 29 prósent eigna sjóðsins liggja í innlendum hlutabréfum en innlend skuldabréf vega þó þyngra eða 44 prósentum. Þau sýndu 4,2 prósenta raunávöxtun á sama tíma.

ÁRNI GUÐMUNDSSON Afkoma sjóðsins er enn þá góð þrátt fyrir leiðréttingu á markaði í ágúst.

„Síðan erum við með gjaldmiðlavarnir sem sennilega eru meiri en hjá öðrum lífeyrissjóðum. Þær voru að skila mjög góðri afkomu á þessum fyrstu sex mánuðum," segir hann og bætir við: „Við erum með því að minnka sveiflurnar í ávöxtuninni og það hefur skilað sér vel hjá okkur í gegnum árin."

Hann tekur fram að þrátt fyrir óróa á fjármálamörkuðum að undanförnu þá er sjóðurinn ekki með ósvipaðar tekjur á fyrstu átta mánuðum ársins og þær sem fram komu í hálfsársuppgjörinu. „Auðvitað er raunávöxtunin að sama skapi ekki sama tala þar sem átta mánuðir eru liðnir. En afkoman er enn góð þrátt fyrir þennan óróleika sem er búinn að vera undanfarið." Fjárfestingatekjur voru 23,5 milljarðar króna á fyrstu sex mánuðunum; nærri helmingi meiri en á sama tíma í fyrra.

Árni leggur á það áherslu að meginmarkmið Gildis sé að skila góðri langtímaávöxtun til sjóðsfélaga. „Það eru langtímasjónarmið sem skipta máli: Að skila góðri ávöxtun yfir lengri tíma." - eþa

Montreal
í Kanada
frá 29.990 kr.*

Heimsferðir bjóða frábært tilboð á síðustu sætunum til Montreal í ágúst og september. Þetta er frábært tækifæri til að njóta lífsins í þessari stórkostlega spennandi borg. Í borginni mætast gamli og nýi tíminn, rík sagan og iðandi nýbreytnin á einstaklega skemmtilegan hátt. Það er frábært að skoða sig um, versla og njóta lífsins í Montreal; fallegar byggingar, endalaust úrval verslana og veitingastaða og mjög hagstætt verðlag. Gríptu tækifærið og smelltu þér til Montreal og njóttu þess besta sem þessi spennandi heimsborg hefur að bjóða.

Frábært verð
Verð kr. 29.990
Netverð á mann. Flugsæti báðar leiðir með sköttum.

Verð kr. 49.990
Netverð á mann. Flug, skattar og gisting í tvíbýli á Travelodge Montreal *** m/morgunverði í 7 nætur.

Verð kr. 59.990
Netverð á mann. Flug, skattar og gisting í tvíbýli á Hotel Delta Centre Ville **** í 7 nætur.

Mundu MasterCard ferðaávísunina!
Ferðaskrifstofa
Heimsferðir

Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík • Sími 595 1000 • Fax 595 1001
Akureyri sími: 461 1099 • Hafnarfjörður sími: 510 9500

FORESTER SUBARU

SYMMETRICAL AWD

Subaru Forester sameinar það besta úr fólksbíl og jeppa. Hann er lipur í akstri eins og fólksbíll en hefur dráttar- og drifkraft á við marga stærri jeppa.

„Mér finnst stundum eins og ég sé á tveimur bílum. Ég kemst í þröng stæði innanbæjar en dríf síðan í torfærum á landsbyggðinni eins og ekkert sé."

Forester liggur mjög vel á veginum en er samt með mun meiri veghæð en aðrir jepplingar. Hann er á svipuðu verði og venjulegur fólksbíll þrátt fyrir að vera með 158 hestafla vél, sem er mun meiri kraftur en í mörgum stærri jeppum.

„Maður er orðinn of góðu vanur á Forester. Það er í raun ótrúlegt hvað maður fær rosalega mikið fyrir lítið."

Subaru hefur verið seldur á Íslandi í yfir 30 ár. Reynslan af bílnum við þær erfiðu og óvenjulegu aðstæður sem hér eru hefur gert Subaru að samnefnara fyrir endingu, hörku og úthald. Raunar er hvergi selt meira af Subaru miðað við höfðatölu en einmitt á Íslandi.

Það ætti enginn að kaupa sér bíl án þess að koma fyrst og reynsluaka Subaru. Spyrðu bara Subarueigendur. Þeir vita af hverju Subaru eru sennilega gáfulegustu bílakaup sem þú gerir:

„Hey, þetta er Ísland!"

TILBOÐ! Innifalið í verði: upphækkun, heilsársdekk og dráttarbeisli.

Subaru Forester, sjálfskiptur **kr. 2.690.000,-**

Ingvar Helgason	Sævarhöfða 2 Sími 525-8000	Opið: Mán. 10 - 18, þri.-fös. 9 - 18, lau. 12 - 16.	
Umboðsmenn um land allt	Akureyri 464-7940	Njarðvík 421-8808	Höfn í Hornafirði 478-1990

Ríkulegur staðalbúnaður

• Loftkæling • aksturstölva • sæti með mjóhryggsstuðningi • hraðastillir
• samlitir stuðarar • 6 loftpúðar • ABS bremsur með EBD og EBC
• spólvörn • ISOFIX festingar fyrir barnabílstóla • og margt fleira

Volkswagen Golf Variant er grænn bíll

HEKLA greiðir fyrir kolefnisjöfnun allra nýrra Volkswagen-bíla í eitt ár. Kolefnisjöfnun felst í því að binda samsvarandi magn gróðurhúsalofttegunda og bíllinn gefur frá sér. Þetta gerum við með skógrækt og landgræðslu.

Nýr Golf Variant
– enn meira rými

Sýning í dag frá kl. 12 til 16.
Komdu og prófaðu!

Pláss fyrir 267 fótbolta

Ímyndaðu þér hvað það þýðir í farangri og innkaupapokum! Golf Variant er glæsilegur, vel útbúinn og sniðinn að þörfum fjölskyldunnar.

Verð frá aðeins **2.390.000** kr.

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA - 07-1049

HEKLA Laugavegi 172-174 · sími 590 5000 · www.hekla.is · hekla@hekla.is
Umboðsmenn HEKLU um land allt: Akureyri · Akranesi · Ísafirði · Reyðarfirði · Reykjanesbæ · Selfossi

HEKLA

skoðun

greinar@frettabladid.is

Miðbæjarbragur verður ekki bættur með niðurrifi gamalla húsa.

Miðbær með sérstöðu og reisn

STEINUNN STEFÁNSDÓTTIR SKRIFAR

Miðbær Reykjavíkur er mjög til umræðu þessa daga. Annars vegar eru skiptar skoðanir um niðurrif gamalla húsa við Laugaveg og hins vegar snýst umræðan um skálmöld sem þar stendur um nætur, og jafnvel um daga, ef marka má orð borgarstjórans í Reykjavík.

Miðbær höfuðborgar og bragurinn þar skiptir ákaflega miklu máli. Þar er nokkurs konar ásjóna þjóðar. Mörgum þykir sú ásjóna sem við blasir á Laugaveginum, sem er að sönnu lífæð miðbæjarins, ekki fögur og að húsin þar þjóni ekki því hlutverki sem byggingar í miðbæ eiga að gegna. Á móti kemur að í miðbæjum bæja og borgar má, og á að vera hægt, að lesa sögu þeirra, að minnsta kosti að einhverju leyti.

Á Íslandi eigum við fá hús frá nítjándu öld og upphafi þeirrar tuttugustu. Þess vegna er það menningarleg skylda okkar að varðveita þessi fáu hús og sýna þeim sóma. Í þeim er saga okkar.

Miðbærinn verður ekki gæddur lífi með steinsteypu, áli og gleri. Samkeppni við verslunarmiðstöðvar úthverfanna verður ekki unnin með því að reisa í miðbænum litlar eftirlíkingar þeirra.

Miklu fremur þarf að skerpa á sérstöðu miðbæjarins og hlúa að þeim krafti sem í honum býr og margir kunna vel að meta. Þess vegna er eftirsótt að eiga heima í miðbænum og nágrenni hans. Þar sækjast margir eftir að vinna og versla.

Skálmöldinni sem stendur í miðbæ Reykjavíkur um nætur verður hins vegar að ljúka. Þann brag á ekki með nokkru móti að líða. Ölvun á almannafæri er bönnuð, sömuleiðis óspektir alls konar, svo sem að brjóta flöskur og hafa uppi hávaðasöm ólæti.

Það er líka bannað að aka umfram hámarkshraða og leggja bílum sínum á gangstéttum. Við slíkum brotum er sektað. Óspektir í miðbænum eru hins vegar uppspretta umræðu og hneykslunar en að öðru leyti engra viðbragða. Látið er sem þetta sé óhjákvæmilegur fylgifiskur þess að í miðbænum séu veitingastaðir sem veita vín. Stungið er upp á breyttum opnunartíma skemmtistaða, að flytja reykingar að nýju inn í hús, að fjarlægja kæliskáp úr áfengisútsölu sem aðeins er opin að deginum (þessu þáttur komst reyndar á framkvæmdastig eins og þekkt er) í stað þess að ganga hreint til verks og beina sjónum að þeim einstaklingum sem hafa uppi óspektir.

Beita má viðurlögum við óspektum, rétt eins og við hraðakstri og stöðu bifreiða á gangstéttum. Þetta hefur verið gert í borgum erlendis og þykir hafa gefist vel.

Miðbær Reykjavíkur er allt öðruvísi en allir miðbæir höfuðborga í heimi. Í því er fegurð hans og sérstaða fólgin. Braginn í bænum má bæta með því að umgangast húsin þar af virðingu. Sömuleiðis ætti borgurum að vera skylt að umgangast hver annan af virðingu. Annað er óviðunandi.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson ABSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Björgvin Guðmundsson og Sigríður Björg Tómasdóttir FULLTRÚI RITSTJÓRA: Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

BHS

Laust starf í Borgarholtsskóla haustið 2007

Starf á skrifstofu Borgarholtsskóla er laust til umsóknar.
Um er að ræða ½ starf.
Starfið fellst í símavörslu og öðrum skrifstofustörfum.

Viðkomandi þarf að vera lipur í framkomu og geta unnið með ungu fólki. Æskilegt er að umsækjandi hafi stúdentspróf eða sambærilega reynslu og góða tölvukunnáttu.
Vinnutími er 12:00 til 16:00

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi SFR og Stofnunarsamningi Borgarholtsskóla.

Umsóknarfrestur er til 11. september 2007.

Upplýsingar um störfin veita skólameistari og aðstoðarskólameistari í síma 535 1700
Upplýsingar um skólann má finna á www.bhs.is

Skólameistari

FRÁ DEGI TIL DAGS

Breyttir tímar

Páll Magnússon útvarpsstjóri ekur um á margmilljóna króna bíl sem er hluti fríðinda hans í starfi útvarpsstjóra. Það er af sem áður var að útvarpsstjóri greiddi sjálfur fyrir bíl sinn eins og forverar Páls í starfi, þeir Markús Örn Antonsson og Heimir Steinsson, gerðu. Samkvæmt frétt um Vísis greiðir Ríkisútvarpið 200 þúsund krónur á mánuði fyrir bílinn, sem þýðir að hann kostar tæpa tvær og hálfa milljón á ári. Sæmileg upphæð það fyrir ríkisfyrirtæki sem rekið hefur verið með verulegu tapi undanfarin ár.

Bankahlaup

Einu sinni var til Reykjavíkurmaraþon en það er liðin tíð, síðan Glitnir gerðist bakhjarl hlaupsins er ávallt talað um Reykjavíkurmaraþon Glitnis. Bjarni Ármannsson, fyrrverandi bankastjóri, var feikiáberandi í hlaupinu í fyrra, hljóp maraþon og fékk verðskuldaða athygli. Þó að núverandi bankastjóri, Lárus Welding, hafi ekki fetað þessa leið þá fór ekki framhjá neinum að Glitnir stendur á bak við hlaupið. Sparisjóðurinn í Keflavík hyggst nú leika sama leikinn og hefur gerst bakhjarl Reykjanesmaraþonsins sem fram fer á Ljósanótt í Reykjanesbæ. Reykjanesmaraþon Sparisjóðsins í Keflavík er kannski ekki mjög þjált heiti en hver veit nema það venjist vel. Þá er ekki ljóst hvort Geirmundur Kristinsson sparisjóðsstjóri muni leika stjörnuhlutverk en það kemur væntanlega í ljós á hátíðinni sem fram fer eftir viku.

Hver er á ferð?

„Hvort er það Vincent D'Onofrio eða Björn Ingi Hrafnsson sem leikur góða gæjann í Law and Order?" spyr Björn Ingi Hrafnsson, borgarfulltrúi Framsóknarflokksins, á heimasíðu sinni. Með færslunni fylgir mynd af leikaranum en Björn Ingi hefur margoft lent í því á ferðum sínum erlendis að vera ruglað saman við þennan leikara sem auk þess að leika í sjónvarpsþáttunum, sem sýndir eru á Sýn, er þekktur fyrir leik sinn í myndinni Men in Black.

sigridur@frettabladid.is

Rækallinn

SVERRIR JAKOBSSON
Í DAG | Trúmál

Andskotinn illsku flár enn hefur snöru snúna snögglega þeim tilbúna sem fara með fals og dár", orti Hallgrímur Pétursson. Ákveðinn hluti mannkyns virðist lengi hafa þurft á óvini að halda, persónugervingu hins illa sem mætti eigna allt sem færi aflaga í veröldinni. Andskotinn er með ákveðnum greini, hinn eini sanni óvinur sem hægt er að eigna allt illt.

Ekki hafa samt allir jafnmikla þörf fyrir Andskotann. Hann er einkum að finna í trúarbrögðum sem ættuð eru frá Vestur-Asíu og hefur misjafnt vægi innan þeirra. Innan kristni er hann sérstaklega mikilvægur á meðan hlutverk hans er mun léttvægara í trúarbrögðum gyðinga og múslima. Þörf kristinna manna fyrir Djöfulinn virðist raunar fara minnkandi, en það er vert að velta því fyrir sér hvers vegna hann hafði lengi svona veigamikið hlutverk í hugum kristinna manna. Þar á Biblían einungis litla sök og verður fyrst litið á vitnisburð hennar.

Ákærandi og rógberi

Í upphafi Jobsbókar segir frá því „að synir Guðs komu til þess að ganga fyrir Drottin, og kom Satan og meðal þeirra". Nafnið Satan merkir „ákærandinn" á hebresku og það er einmitt hlutverk hans í sögu Jobs; hann sakar Job um að elska Guð einungis vegna þess að Guð hafi verið honum góður. Guð hlustar á ákærandann og leggur ýmsar þrautir á Job til að reyna trú hans. Þessi uppruni Fjandans er nokkuð á skjön við það hlutverk sem hann fékk síðar í augum kristinna manna. Þarna er hann hluti af liðssveit Drottins þótt hans starf sé kannski ekki það geðslegasta.

Þegar Nýja testamentið var samið eftir daga Krists var Satan nefndur diabolos á grísku, en það merkir „rógberi". Þetta er ástæða þess að hann er stundum kallaður rækallinn á íslensku, en á 18. öld notaði fólk fremur hina eldri orðmynd, „rægikall". Á miðöldum er talað um „hinn raga karl" og greinilega átt við Satan þannig að orðið gæti verið gamalt í íslensku þótt það finnist ekki á bók fyrr en tiltölulega seint.

Þörf kristinna manna fyrir Djöfulinn virðist raunar fara minnkandi, en það er vert að velta því fyrir sér hvers vegna hann hafði lengi svona veigamikið hlutverk í hugum kristinna manna.

Þetta er grunnhugmyndin á bak við Fjandann. Hann er ákærandi og rógberi, en hvern ákærir hann? Satan beinir óvild sinni ekki að Guði; hann er fyrst og fremst fjandmaður mannkynsins, saksóknari Drottins sem krefst þess að mannfólkið sanni hollustu sína við hann eða hafi verra af.

Höfðingi þessa heims

Staða djöfulsins í kristinni trú er hins vegar gerólík því veigalitla hlutverki sem hann hafði við hirð Guðs í Gamla testamentinu. Kristni er að því leyti skyldari fornpersneskum trúarbrögðum þar sem til er guð hins illa og hann er öflugur mótstöðumaður hins góða guðs. Í kristni var Djöfullinn skilgreindur sem fallinn engill og uppreisnarmaður gegn Guði. Höggormurinn í Paradís var gerður að holdgervingi hans og Satan var meira segja stundum ruglað saman við filistínska guðinn Beelzebub, eða „flugnahöfðingjann".

Þessi tvíhyggja var frá upphafi hluti af kristnum boðskap, en kristnir rétttrúnaðarmenn litu samt aldrei á Pokurinn sem jafnoka guðs. Þeir höfðu sérstakar áhyggjur af því að fólk færi að ofmeta Skrattann og gera hann að fullkominni hliðstæðu Guðs – það fólk var álitið djöfladýrkendur og gat týnt lífinu ef yfirvöld náðu til þess.

Ljósberinn

Villutrúarmenn miðalda trúðu því að Guð hefði átt tvo syni, hinn uppreisnargjarna Satanael og Jesúm Krist. Samkvæmt þeirra kokkabókum var Satan eldri sonurinn og höfðingi þessa heims. Kristur hefði hins vegar vald yfir sálum mannanna sem væru ekki þessa heims. Af þessu leiddi fyrirlitningu á jarðlífinu sem færi fram í skuggadal Satans og væri prísund sálarinnar.

Í bók Jesaja (14:12) í Gamla testamentinu er konungur nokkur í Babylon áminntur fyrir dramb og kallaður Lucifer, „ljósberinn" sem er tilvísun í plánetuna Venus. Fljótlega fundu kristnir menn líkindi með hinni föllnu stjörnu og djöflinum og gerðu Lúsífer að einu af nöfnum skrattans. Þá skipti litlu máli að ljósberinn kemur víða fyrir í Biblíunni og þá oftast sem pláneta en ekki sem Fjandinn. Lúsífer varð mikilvægur hluti af kristinni heimsmynd þrátt fyrir að hann sé ekki í hinni helgu bók nema fyrir þýðingarmistök. Á slíkum grundvelli getur trú mannanna stundum byggt.

Nýir heimar

UMRÆÐAN
Nýtt leikár

TINNA GUNNLAUGSDÓTTIR

Þessa dagana eru skólar landsins að hefja starfsemi sína og nýr og spennandi heimur að opnast þúsundum íslenskra barna. Leikhús landsins eru líka að undirbúa starfsemi sína og það sem þau ætla að bjóða öllum almenningi að njóta í vetur.

Í Þjóðleikhúsinu hefst starfsemin þetta árið í Íþróttahúsi Jóns Þorsteinssonar við Lindargötu 7, með frumsýningum á tveimur nýjum íslenskum leikritum í Kassanum og Kúlunni. Í Kassanum verður frumsýnt nýtt og spennandi verk eftir Bjarna Jónsson, „Óhapp", en Bjarni hefur þegar getið sér gott orð sem leikritahöfundur sem þorir að takast á við raunveruleika dagsins í dag og framreiða margræðan leikhúsgaldur. Viku síðar verður frumsýnt nýtt leikrit fyrir yngstu áhorfendurna í Kúlunni, „Gott kvöld" eftir Áslaugu Jónsdóttur. Áslaug sem hefur hingað til kallað sig bókagerðarkonu er nú orðin leikhúsgerðarkona, þar sem hún semur ekki bara leikritið upp úr samnefndri verðlaunabók sinni, heldur skapar hún verkinu einnig umgjörð.

Þjóðleikhúsbyggingin sjálf verður ekki vettvangur leiksýninga fyrr en líður undir lok septembermánaðar og það má segja að það sé að nokkru táknrænt að fyrsta sýningin á Stóra sviðinu er leikrit byggt á Hamskiptum Franz Kafka. Þjóðleikhúsbyggingin er hjúpuð verkpöllum þessa dagana og því í einskonar viðgerðaham, en þegar líða tekur á haustið mun hamurinn falla og nýviðgert og glæsilegt húsið blasa við. Vetrardagskráin verður ekki síður glæsileg en húsið sjálft, en ekki færri en fjögur ný íslensk leikrit eru á verkefnaskránni auk eldri íslenskra verka. Á jólum verður sýnd rússnesk klassík en þar fyrir utan er megináherslan á ný og spennandi erlend leikrit.

Það fer sem sagt saman nýsköpun og nýtt útlit í Þjóðleikhúsinu í vetur sem kynnir sig þetta árið sem hjarta íslenskrar leiklistar. Ef að líkum lætur mun nýr og spennandi heimur opnast þeim þúsundum Íslendinga sem sækja það heim til að njóta sýninga þess og nema og skynja þar hjartslátt tímans.

Höfundur er þjóðleikhússtjóri.

Eru peningar meira virði en börn?

UMRÆÐAN
Kjör kennara

SIGRÍÐUR A. GUÐBRANDSDÓTTIR

Nú eru skólarnir að hefjast og eins og á hverju ári heyrum við að það vanti marga kennara í leik- og grunnskóla landins.

Aftur á móti heyrist aldrei að það gangi erfiðlega að manna bankana, Kauphöllina eða verðbréfasjóðina. Hvers vegna skyldi það vera?

Við viljum öll eiga peninga og sem mest af þeim. Þeir sem passa peningana okkar eru oftast bankastjórar eða aðrir stjórar í fjármálastofnunum. Oftar en ekki eru þeir á mjög háum launum, svo háum launum að venjuleg manneskja skilur ekki tölurnar. Sumir fárast út af þessum ofurlaunum, en flest þegjum við, því við fáum víst litlu breytt um laun þeirra, þeir eru jú að gæta fjöreggs þjóðarinnar, peninganna og verðbréfanna. Ekki veit ég alveg hvernig staðið er að kjarasamningum þeirra en ég hef aldrei heyrt að þeir hafi farið í verkfall, hvað þá sjö vikna verkfall sem bráðabirgðalög bundu enda á, án ávinnings eins og raunin var með grunnskólakennar í síðustu kjarasamningum. Við viljum flest að fjárfestingar okkar beri arð og til þess að tryggja það eru þessir „traustu“ menn ráðnir til starfans og til að þeir sinni starfi sínu vel verður að greiða þeim sómasamlega.

En við eigum líka annað fjöregg og það fjöregg er lifandi. Flest eigum við börn og börnin eru okkar fjárfesting, fjárfesting í áframhaldandi lífi í landinu, velferð og vellíðan. En hver gætir þeirra? Það er lögboðið að börnin okkar gangi í skóla frá 5 ára aldri til 16 ára og hlutverk skólans er að fræða unga fólkið og nú orðið líka að ala það upp. Hverjir sjá um það verk? Jú, kennarar sem hafa stundað sérnám í fjögur ár og eru sérfræðingar á sínu sviði. En hvað fá þeir greitt fyrir? Sumum finnst að kennarar fái alveg nógu há laun, þeir fái líka svo langt sumarfrí og vinni ekki lengur en til kl. 14 á daginn og þar að auki sé nú ekki svo erfitt að kenna 20-30 börnum. En hvernig getum við vitað hversu mikið kennarar starfa? Ekki fylgjumst við með lífi kennara eftir að kennslu lýkur (það er sýnilegi hluti starfsins), stór hluti kennarastarfsins fer fram eftir að nemendur fara úr skólanum. Vitum við nokkuð um hvernig vinnudagur forstjóra fjármálastofananna líður? Hvað vitum við nema að þeir séu stóran hluta sumarsins í laxi og í golfi eftir klukkan 3 á daginn? Hvers vegna hefur viðgengist svo lengi að almenningur hafi hálfpartinn horn í síðu kennara og látið sem þeir eigi nú eiginlega ekkert gott skilið. Hvers vegna hugsum við ekki frekar um það í hverju starf þeirra felst? Þeir eru að gæta þess sem okkur foreldrum og þjóðinni allri er verðmætast. Ef hér elst upp kynslóð sem ekki fær góða kennslu og umhyggju á grunnstigi námsins, hvernig getum við ætlast til að nemendur standi sig vel á alþjóðlegum samanburðarprófum eða bara í almennri umgengni, hvað þá í sérhæfðu námi er fram í sækir?

Sem betur fer halda margir kennarar starfi sínu áfram, sama hver launin eru en í góðæri eins og núna leita æ fleiri kennarar í betur launuð störf. Áhrif þess eru ekki bara að nemendur missi kennara sína og skólastjórar hafi áhyggjur af mannaráðningum, heldur tapast einnig þekking og reynsla.

Nokkuð hefur borið á greinum frá kennurum sem vilja vekja athygli á þessu málefni en furðulegt nokk, lítið hefur heyrst frá foreldrum. Er ekki tími til kominn að foreldrar þessa lands standi saman um hag barna sinna? Við eigum að krefjast þess að sem allra best verði staðið að námi og framtíð barna okkar. Það er hægt með því að borga kennurum það há laun að þeir geti nýtt sérfræðiþekkingu sína í skólum landsins. Hversu há þau laun þurfa að vera er svo annað mál. Eða hvort er okkur mikilvægara peningarnir eða börnin okkar?

Höfundur er móðir barna á grunnskólaaldri og framhaldsskólakennari.

Fiskirannsóknir og háskólar

UMRÆÐAN
Hafrannsóknir

Háskólar Íslands og fleiri ættu að stunda fiskirannsóknir og allt sem tengist þeim beint og óbeint. Menntamálaráðherra ætti að veita stórum fjárhæðum til allra einstaklinga og skóla sem vilja rannsaka fisk. Þessir styrkir væru alveg frjálsir og óháðir útgerð, kvóta og HAFRÓ. Væru aðeins leið að sannleikanum.

LÚÐVÍK GIZURARSON

1. Sandsíli. Núna hefur sandsílið víða horfið. Rannsaka það, en svara ekki að sjór hafi hitnað. Það vita allir að sjór er heitari nú en áður.

2. Brottkastið. Skrifa mætti í einu þrjár til fjórar óháðar og sannsögulegar bækur um brottkastið. Best væri að þrír til fjórir höfundar gerðu það óháðir hver öðrum svo sannleikurinn kæmi í ljós. Ekki fela neitt lengur. Ekki bíða eftir meira hruni í þorskveiðum. Fá sannleikann fram óháðan allri útgerð.

3. Framhjá vigt. Mikið er talað um það, að fiskur fari framhjá vigt og þorskur sé kallaður steinbítur. Láta má tvo til þrjá skrifa um þetta frjálst og óháð hver öðrum og allri útgerð. Sannleikur bara sannleikur.

4. Grænlandsþorskurinn. Þessa dagana var þýskur togari í eigu Íslendinga að landa 700 tonnum frá Grænlandi af þorskflökum í Hafnarfirði. Um leið sagði skipstjórinn að síðustu tvö árin hefði Grænlandsþorskurinn ekki gengið til Íslands eins og áður var. Af hverju er það? Er efni í rannsókn og góða bók.

5. Hávaði í sjó. Mikill hávaði skapast þegar stór trollari fer um fiskimiðin með trollið úti. Hvaða áhrif hefur slíkur hávaði á fiska? Þeir skelfast og fælast.

Margt fleira má skoða. Rannsaka þarf ótal aðra hluti sjálfstætt og óháð. Leitum sannleikans.

Höfundur er hæstaréttarlögmaður.



Fimmfaldur pottur stefnir í
33
milljónir
Náðu þér í lottómiða á næsta sölustað eða á lotto.is
Lottó

MAÐUR VIKUNNAR

Séní sem alltaf leynir á sér

Gítarleikarinn Þórður Árnason sagði skilið við hljómsveitina Stuðmenn nýverið og ákvað að vera í sumarfríi án þess að vera á bakvakt. Þar með er einn elsti liðsmaður sveitarinnar horfinn á braut.

Það var í raun alveg í takt við persónugerð Þórðar að enginn skyldi hafa uppgötvað að í tæpt hálft ár höfðu Stuðmenn spilað án hans því flestir viðmælendurnir lýsa honum sem hógværum einfara. „Honum er sennilega líka meinilla við að vera slegið upp sem Maður vikunnar," sagði einn viðmælandi og þótti líklegt að þau væru teljandi á fingrum annarrar handar viðtölin þar sem Þórður hefur rætt einkahagi sína. Hann sé einfaldlega ekki mikið gefinn fyrir sviðsljósið og hafi tekist að halda sig fjarri því þrátt fyrir að hafa verið meðlimur í vinsælustu hljómsveit Íslands, fyrr og síðar.

Gítarleikaranum er lýst sem afar skarpgreindum manni og hann vilji setja sig vel inn í það sem hann gerir og kynna sér hlutina vel. Hann er sagður hafa verið með snert af ofvitaeinkennum, til dæmis verið búinn að læra dönsku á undan jafnöldrum sínum með aðstoð Andrésar Andarblaðanna. Þegar hann fór að læra á gítar náði hann undragóðum tökum á honum á stuttum tíma.

Þórður er ekki mikið fyrir að bera hæfileika sína á borð. Hann er til að mynda menntaður á selló og píanó og er einn örfárra Íslendinga sem hefur numið djassleik við Berkley-háskólann í Bandaríkjunum. Þórður hefur lagt til ófáa texta Stuðmanna og margir þeirra bera með sér að höfundur þeirra er leiftrandi húmoristi og kaldhæðnin lekur af honum.

Þórður var alltaf talinn svolítið sérstakur sem barn og hafði sig lítið í frammi. Hans félagslegu tengsl komu til að mynda öll í gegnum tónlistina í MH. Og þrátt fyrir að Þórður hefði vel getað tekið hæstu einkunn á stúdentsprófinu ákvað hann að segja skilið við námsbækurnar og hóf að spila á sexstrengja hljóðfærið sitt af miklum móð. „Hann kom inní tíma, alltof seint og kennarinn spurði forviða af hverju hann kæmi fyrst núna. Þórður horfði stíft á kennarann, svo yfir bekkinn, lagaði gleraugun á enninu, gekk út og sást ekki aftur fyrr en 30 árum seinna," lýsir einn viðmælandi þessu skyndilega brotthvarfi Þórðar úr menntaskólanum.

Þórður hefur í fimmtán ár verið kennari í Tónlistarskóla Hafnarfjarðar og er það mál manna að hann hafi fundið sig vel í kennarastöðunni. Hann er mjög vel liðinn af nemendum sínum og leyfir þeim að finna sér sinn eigin farveg og vill helst ekkert vera að þvinga neinu uppá þá.

Þórður er sagður ótrúlega vel lesinn og það kemur enginn að tómum kofunum hjá honum. Hann setur saman tölvuna sína sjálfur, þannig að hún sé nú örugglega alveg rétt samsett og þykir fátt jafn skemmtilegt en að panta sér gömul raftæki af netinu og gera við þau. En Þórður er jafnan mjög hlédrægur og hann er alls ekki allra. „Hann leitar miklu meira inná við heldur en út á við, er mjög leitandi og íhugull. Hann er einfaldlega séní og séní ganga ekki alltaf meðalveginn." Hann ku ekki vera neitt sérstaklega diplómatískur og segir alltaf það sem honum býr í brjósti. „Og er kannski ekkert að skafa neitt utan af því heldur. En hann er líka gull af manni og alveg ákaflega traustur vinur."

ÞÓRÐUR ÁRNASON

ÆVIÁGRIP

Þórður er nýorðinn 55 ára, en hann er fæddur 18. ágúst 1952. Foreldrar hans eru Árni Magnússon, sem er látinn, og Guðrún Þórðardóttir. Þórður gekk í Breiðagerðisskóla og síðar Réttarholtsskóla en hélt síðan á vit ævintýra Menntaskólans við Hamrahlíð. Þaðan lauk hann þó ekki stúdentsprófi fyrr en árið 2001. Þórður hefur spilað með fjölda hljómsveita, Þursaflokknum, Pops og Brunaliðinu en þeirra frægust er sennilega Stuðmenn sem hann sagði nýlega skilið við eftir farsælt starf síðan á sjöunda áratug síðustu aldar. Þórður á eina dóttur, Elísabetu Þórðardóttur píanóleikara.

HELSTA AFREK

Í Morgunblaðinu árið 1969 var skrifað að aðrir gítarleikarar á landinu hefðu fengið grænar bólur af öfund yfir hæfni Þórðar á gítarinn.

HVAÐ SEGIR ÞÓRÐUR:

„Stuðmenn eiga ekki eftir að deyja út frekar en Vínardrengjakórinn. Það kemur alltaf maður í manns stað." Þórður í Fréttablaðinu 21. ágúst 2007.

Auglýsingasími
512 50 50
FRÉTTABLAÐIÐ
– Mest lesið

Útsala

50% afsláttur af völdum vörum

Sértilboð: Galdrastelpu skóladagbókin 2007/2008 1.999,- kr. (fullt verð 2.490,- kr.)

Eymundsson.is

Eymundsson

Bóksali frá 1872

NÓATÚN

GRÍSAGRILLSTEIK
MIÐJARÐARHAFS
998 kr. kg

Þú sparar **300** kr. kg

UNGNAUTAFILLET
Í KRYDDOSTI
2.798 kr. kg

Þú sparar **600** kr. kg

LAMBAFILLET
MEÐ FITURÖND
2.698 kr. kg

Þú sparar **600** kr. kg

HELLMANS SINNEP
OG MAJÓNES
199 kr. stk.

Opið 10-21



Ýsa í suðrænni sósu

899 kr. stk.

Kjúklingur er málið

50% afsláttur!

50% afsláttur

MÓA KJÚKLINGUR HEILL FERSKUR

350 kr. kg.

Bestir í kjöti, ferskir í fiski og eigum allt á grillið fyrir þig!

MÓA KJÚKLINGALEGGIR MAGNPAKKNING

399 kr. kg

35% afsláttur

MÓA KJÚKLINGAVÆNGIR MAGNPAKKNING

197 kr. kg

30% afsláttur

LAMBAHRYGGUR AF NÝSLÁTRUÐU

1.298 kr. kg

Þú sparar 500 kr. kg

SPRITE OG SPRITE ZERO

99 kr. 2 l

LÍF SAFAR

89 kr. stk.

Gouda ostar á tilboði!

OSTA snjallar

10% afsláttur

NÓATÚNS ELDHÚSRÚLLUR

299 kr. pk.

Verði ykkur að góðu!

NÓATÚN

Fimmfaldur pottur stefnir í 33 milljónir

Náðu þér í lottómiða á næsta sölustað eða á lotto.is

Lottó

Haust: sultugerð og fjárhættuspil

Í Dagbók **Þráins Bertelssonar** er sagt frá því hvernig sumri hallar, vetrarforða er safnað með sultugerð og fjárhættuspili, skólar hefjast, ferðalangar snúa heim og RUV-sjónkinn slær met í plebbaskap.

KÆRA DAGBÓK

Þráinn Bertelsson skrifar

FÖSTUDAGUR, 17. ÁGÚST.

17% hindúi

Tók trúarbragðapróf á netinu. Það var fremur heimskulegt – bæði prófið sjálft og eins að eyða tíma í að svara því.

Niðurstaðan var þessi:

Hvaða trúarbrögðum tilheyrir þú? Svör þín sýna að þú ert búddatrúar.

Búdda	83%
Lúterstrú	67%
Trúarleit	67%
Guðleysi	33%
Hindúatrú	17%
Gyðingdómur	17%
Frelsunartrú	0%
Kaþólsk trú	0%
Íslam	0%

Ekki er ég nú alveg sammála niðurstöðunum. Hins vegar geta þær komið sér vel ef ég verð einhvern tímann yfirheyrður um trúarskoðanir mínar. Þá get ég svarað:

Ég er 17% hindúi.

Ungi maðurinn sem er viðskiptaráðherra biður veitingamenn vinsamlegast að skila virðisaukaskattinum sem þeir stálu blygðunarlaust frá neytendum og stungu í eigin vasa.

Mig langar til að benda þessum greindarlega pilti á dásamlegt atriði í mynd eftir tékkneska snillinginn Milos Forman sem útskýrir mannlega náttúru – en hana þurfa stjórnmálamenn að þekkja – betur en gert verður með mörgum orðum.

Myndin heitir „Slökkviliðsballið“ og þar segir frá slökkviliði í smáþorpi sem heldur fjáröflunarskemmtun. Meðal skemmtiatriða er tombóla og aðalvinningurinn á tombólunni er reykt svínslæri. Vinningarnir eru hafðir til sýnis á langborði inni í félagsheimilinu. Hefst nú gleðskapurinn en skyndilega slökkna öll ljós. Rafmagnið er farið. Eftir drykklanga stund hefur slökkviliðsstjórinn náð að skrúfa öryggin í aftur og ljósin kvikna. Þá vill svo til að búið er að stela öllum tombóluvinningunum af langborðinu – nema svínslærinu. Slökkviliðsstjóranum sárnar þetta lúalega athæfi sveitunga sinna og flytur innblásna ræðu um heiðarleika og traust. Hann segist ætla að gefa öllum þjófunum tækifæri til að bæta ráð sitt. Ljósin verði slökkt aftur í eina mínútu svo að hver og einn geti skilað þýfinu aftur á borðið. Ljósin er slökkt og það heyrist skarkali í myrkrinu. Mínútan líður. Ljósin kvikna aftur. Allra augu beinast að borðinu. Þar hefur sú breyting orðið að nú er líka búið að stela svínslærinu.

Núna standa yfir miklir tónleikar í Laugardal í boði Kaupþings. Á morgun er maraþonhlaup í boði Glitnis þótt ég skilji ekki alveg hvernig maður getur farið að því að hlaupa í boði einhvers. Þetta er sjálfsagt vel meint en með því að setja upp svona svakalega viðburði eru bankarnir að drepa niður menningarlíf. Allt framtak einstaklinga og félagasamtaka bliknar í samanburði við birtuna af gulli milljarðamæringanna. Og hvar endar þessi barnaskapur? Jólin í boði Baugs? Áramót í boði ÁTVR? Nýársdagur í boði Lyfju? Hógværð þurfa þeir að temja sér, drengirnir í mormónatrúboðafötunum. Lítillæti hæfir ungum mönnum best, sagði Björnstjerne Björnson og hann vissi hvað hann söng.

LAUGARDAGUR, 18. ÁGÚST.

Plebbastöðin RÚV

Mikil vonbrigði. Ég horfi sjaldan á sjónvarp en fyrir löngu var ég búinn að ætla mér að sjá frönsku kvikmyndina sem sýnd var í sjónvarpinu í kvöld. „Rivières pourpres“ eða „Blóðrauðar ár“ heitir myndin og er byggð á samnefndri bók eftir Jean-Christophe Grangé.

Þetta er ekkert sérstaklega merkileg bók en þetta er samt fyrsta bókin sem ég las eftir að ég einsetti mér að læra loksins þetta dásamlega tungumál, frönskuna.

Auðvitað hlakkaði ég til að heyra úrvalsleikara fara með setningar úr bókinni sem ég staulaðist gegnum með svo miklum erfiðismunum.

Vonbrigðin voru því mikil og ég trúði varla mínum eigin eyrum þegar það kom á daginn að Ríkisútvarpið kaus að sýna þessa frönsku mynd MEÐ ENSKU TALI! Hvers konar dómadags plebbaskapur er þetta? Bý ég á Íslandi eða í Alabama? Reykjavík eða Red River? Ríkisútvarp, menningarhlutverk á menningarnótt, blablabla!

SUNNUDAGUR, 19. ÁGÚST.

Sultugerð

Eftir kvöldmatinn tók ég á mig rögg og sauð sultu úr ribsberjum. Fjögur kíló sem frú Sólveig tíndi. Þrátt fyrir meinta alheimshlýnun voru ribsberin smærri en í fyrra,

hvernig svo sem stendur á því.

Sultugerðinni fylgir notaleg tilhugsun um að vel gangi að safna forða í búið til vetrarins og ofurlítil angurværð yfir því að sumarið skuli vera á förum.

spá um þróun sem verður í framtíðinni á hlutabréfamarkaði byggist á þekkingu en ekki heppni. Þetta getur vel verið rétt en ég veit ekkert um hlutabréf og er búinn að græða 30% á árinu. Það er samt engin hætta á að ég verði ríkur af hlutabréfum. Til þess kem ég með of litla peninga að spilaborðinu og af því litla útsæði sem ég á þarf ég að taka peninga til lífsframfæris.

Kannski ég reyni að leita upp Hreiðar í Kaupþingi og biðja hann að lána mér hundrað milljónir svo að ég geti gerst fjárhættuspilari að atvinnu. Alltaf gaman að breyta til.

Auglýsingasími
512 5050

– Mest lesið

MÁNUDAGUR, 20. ÁGÚST.

Heim frá Ameríku

Í dag var hátíð í bæ. Krummi okkar kom heim frá Ameríku eftir þriggja vikna ferðalag. Hann fór að heimsækja Patrick vin sinn sem býr í New York-ríki og stundar nám við Cornell-háskólann. Þeir Patrick og Krummi kynntust í hitteðfyrra þegar þeir voru báðir skiptinemar í Brasilíu. Patrick kom í heimsókn til okkar í fyrravetur og núna langaði Krumma að endurgjalda honum heimsóknina.

Ég er ekki í nokkrum vafa um að stofnanir eins og AFS sem gangast fyrir nemendaskiptum milli landa fyrir ungmenni á menntaskólaaldri vinna gífurlega gott og mikilvægt starf. Það er þroskandi fyrir krakka að kynnast ólíkum menningarheimi og öðrum lifnaðarháttum en hinum mjúku þægindum hér heima.

Krummi er mjög ánægður með ferðina til Bandaríkjanna. Það er gott, því að heimska og glæpir þeirra sem stjórna því landi leiða gjarna til þess að fólk ályktar að þjóðin sé öll geðvillt og vangefin, sem er mikill misskilningur.

ÞRIÐJUDAGUR, 21. ÁGÚST.

Skólarnir byrja

Það er ótrúlegt hvað endirinn á þessari bók ætlar lengi að ganga mér úr greipum. Við hvert orð sem ég skrifa færist endirinn fjær. Samt skal ég ljúka þessu á næstu dögum áður en ég geng af göflunum að sitja hér í einangrun í kjallaranum.

Andri og Krummi eru að byrja í skólanum. Þeir eru komnir mislangt á menntabrautinni.

Andri ákvað að færa um set og er byrjaður í Landakoti. Honum líst mjög vel á sig þar en auðvitað er það krefjandi og stressandi verkefni að byrja í nýjum skóla. Krummi er að byrja síðasta veturinn sinn í Kvennaskólanum.

Ég kíkti á stundatöflurnar þeirra. Mér sýnist að Andri, sem er níu ára, muni hafa helmingi meira að gera en Krummi í vetur.

FIMMTUDAGUR, 23. ÁGÚST.

Um fjárhættuspil

Hlutabréfin mín halda áfram að stíga í verði eftir hina fyrirsjáanlegu dýfu sem þau tóku í hinni viku.

Ekki skil ég hvernig hægt er að banna fjárhættuspil en leyfa hlutabréfaviðskipti. Í fótboltagetraunum borgar maður fyrir að fá að spá um frammistöðu knattspyrnufélaga. Ef maður reynist sannspár græðir maður en tapar annars. Í Kauphöllinni gilda sömu lögmál. Maður veðjar á veraldargengi fyrirtækis með því að kaupa í því hlut. Svo bíður maður bara og fyrirtækið og þar með hlutabréfin hækka eða lækka í verði nákvæmlega eins og knattspyrnulið ferðast upp eða niður á stigatöflunni.

Um hlutabréfaviðskipti eru til óteljandi þykkar bækur því að sumir vilja meina að getan til að

100% lán
BÍLL + TÖLVA
FRÁ 15.500 kr. Á MÁNUÐI
Nú býður Bílaþing HEKLU nokkra vel valda bíla með **sumar-** og **vetrardekkjum** á einstökum kjörum. Viðskiptavinir munu að auki fá glæsilega Hewlett Packard fartölvu.
HVÍTA HÚSIÐ/SÍA - 07-1205
HP Pavilion dv6331
Örgjörvi: AMD Turion 64 X2 1,8 GHz (dual core)
Vinnsluminni: 2 GB
Skjár: 15,4" WXGA
Harður diskur: 160GB SATA
Geisladrif: Lightscribe dual layer DVD skrifari
Minniskortalesari: 5 í 1
Vefmyndavél og fjarstýring
Skjástýring: Nvidia GeForce Go 7200, allt að 256 MB
Stýrikerfi: Microsoft Windows Vista Home Premium
Glæsilegur hugbúnaðarpakki
2ja ára ábyrgð frá Opnum kerfum
Listaverð: 119.900 kr.

Verðdæmi
Skoda Fabia, nýskráður: 28.1.2004
Ekinn 32 þús. km - Verð **950.000** kr.
aðeins **15.531** kr. á mán. í 72 mánuði.

Verðdæmi
VW Polo, nýskráður: 18.6.2004
Ekinn 57 þús. km - Verð **990.000** kr.
aðeins **16.162** kr. á mán. í 72 mánuði.
HEKLA
www.bilathing.is
bilathing@hekla.is
Sími 590 5040
Laugavegur 174 | Klettháls 11
Opið mánudaga–föstudaga kl. 10–18 og laugardaga kl. 12–16
BÍLAÞING HEKLU
Númer eitt í notuðum bílum

TIM BURTON KVIKMYNDALEIKSTJÓRI ER 49 ÁRA

„Ef ég þyrfti að velja milli þess að fara á fund hjá stærstu kvikmyndaverunum eða skipta um bleiu myndi ég frekar velja bleiurnar.“

Kvikmyndaleikstjórinn Tim Burton er einn sérkennilegasti listamaður innan kvikmyndageirans og hefur gert myndir á borð við Beetlejuice, Big Fish, Kalli og sælgætisgerðin og The Corpse Bride.

tímamót

timamot@frettabladid.is

ÞETTA GERÐIST: 25. ÁGÚST 1970

Stífla sprengd í mótmælaskyni

Bændur við Laxá í Suður-Þingeyjarsýslu brugðust illa við þegar stjórn Laxárvirkjunar ákvað að stífla Laxá við Brúar. Áætlað var að neðsti hluti Laxárdals færi undir vatn sem síðan yrði veitt um Suðurá austur yfir heiðar í Laxá og taka svo árnar saman gegnum jarðgöng við Brúar og virkja þar. Bændur bundust samtökum til að koma í veg fyrir þessa framkvæmd en viðræður leiddu fljótlega í ljós að samkomulag yrði ekki um málið. Framkvæmdir hófust þrátt fyrir mótmæli.

Bændur tóku sig þá til, sprengdu Miðkvísl og fjarlægðu stíflumannvirki sem stjórn Laxárvirkjunar hafði sett í ósa Mývatns. Til þess notuðu þeir sprengiefni Laxárvirkjunar sem starfsmenn höfðu geymt í ýmsum hraunhellum við Mývatnsósa.

Virkjunarmenn héldu þó áfram framkvæmdum við Brúar en á vordögum 1971 settu bændur lögbann á vatnstöku úr Laxá. Með banninu fylgdi það að ekkert vatn skyldi fást til nýju virkjunarinnar nema tryggt yrði að ekki yrði virkjað meira við Laxá en miðað við 12 mv en stjórnarmenn höfðu stefnt að virkjun miðað við 55 mv.

Deilan leystist og úr varð að stjórn virkjunarinnar virkjaði fyrir 12 mv og féll frá áformum um stórfelldari framkvæmdir.

MERKISATBURÐIR

1609 Galileo Galilei kynnti stjörnukíkinn sem hann notaði til að afsanna jarðmiðjukenninguna.

1718 Borgin New Orleans var stofnuð í Louisiana.

1825 Úrúgvæ lýsti yfir sjálfstæði frá Brasilíu.

1895 Hið Skagfirska kvenfélag var stofnað. Félagið starfar enn og heitir nú Kvenfélag Sauðárkróks.

1902 Sighvatur Árnason lét af þingmennsku 78 ára og elstur allra sitjandi þingmanna.

1912 Þjóðernisflokkur Kína, Kuomintang, var stofnaður.

1944 Bandamenn frelsuðu París úr klóm þjóðverja í síðari heimsstyrjöldinni.

1980 Microsoft kynnti sína útgáfu af Unix, Xenix.

VIÐEY Búast má við mikilli gleði.

Viðeyjarhátíð

Viðeyjarhátíð verður haldin í annað skiptið í dag og að þessu sinni verður hundrað ára afmælis þorpsins í Viðey minnst með því að skapa ósvikna þorpsstemningu.

Dagskráin stendur frá tólf á hádegi til miðnættis en í þorpinu verður fjölbreyttur útimarkaður með íslensku grænmeti, kryddum, sjávarfangi og handverki. Tækifæriseldhúsið „Alveg milljón“ selur gestum grillað góðgæti en Viðeyingafélagið verður með kaffisölu í Vatnstankinum.

Eitthvað verður um að vera fyrir alla aldurshópa. Til dæmis geta börnin spreytt sig í þrautakóngi.

Þeir sem vilja geta gætt sér á hátíðarmáltíð í Viðeyjarstofu milli 18 og 22 en klukkan níu verður slegið upp heilmiklu dansiballi á palli við Viðeyjarstofu. Þar stígur Þjóðdansafélag Reykjavíkur dans og Harmonikkufélagið Hljómar spilar fyrir dansi.

Hátíðin markar endapunktinn á sumardagskrá Viðeyjar þetta árið en dagskrá hátíðarinnar er ókeypis utan ferjutolls.

AFMÆLISBÖRN

Tinna Hrafnsdóttir leikkona er 32 ára.

Þórunn Valdimarsdóttir rithöfundur er 53 ára.

200 ÁR FRÁ FÆÐINGU JÓNASAR HALLGRÍMSSONAR: 21 LISTAMAÐUR SÝNIR

Skyldi ég vera þetta sjálfur?

Í tilefni 200 ára fæðingarafmælis Jónasar Hallgrímssonar, opnar í dag samsýning tuttugu og eins listamanns í Ketilhúsinu á Akureyri. Sýningin er hluti af menningarhátíðinni Akureyrarvöku sem nú stendur yfir norðan heiða.

Þórarinn Blöndal myndlistarmaður átti hugmyndina að sýningunni og er jafnframt sýningarstjóri. „Ég hef mikinn áhuga á lífi og störfum Jónasar og mér finnst þessi sýning tilvalin leið til að heiðra minningu þessa merka skálds,“ segir Þórarinn sem hafði samband við listamennina í byrjun árs.

Birtingarform verkanna hafa sum hver komið á óvart að sögn Þórarins, enda mörg og fjölbreytt. „Þetta eru bæði kvæði, sögubrot, skúlptúrar, málverk, myndbönd og innsetningar,“ segir Þórarinn sem segir sýninguna fyrst og fremst vera til heiðurs Jónasi.

„Eina skilyrðið var að verkin yrðu samtal við eða um Jónas, annars fengu listamennirnir frjálsar hendur og efnistök,“ segir Þórarinn sem segir titil sýningarinnar, „Skyldi ég vera þetta sjálfur?“ hafa komið upp í samtali við Megas, sem er einn þeirra listamanna sem taka þátt í sýningunni.

„Jónas Hallgrímsson safnaði og orti margar svokallaðar veðurvísur og titillinn kemur frá einni slíkri,“ segir Þórarinn og vísar í niðurlag tiltekinnar vísu sem er: „Skjögra ég eins og skorinn kálfur, skyldi ég vera þetta sjálfur“.

NÆTURKYRRÐ EFTIR JÓN GARÐAR HENRÝSSON.

SKÁLDIÐ HEIÐRAÐ Þórarinn Blöndal er upphafsmaður og sýningarstjóri myndlistarsýningar til heiðurs Jónasi Hallgrímssyni sem opnar á Akureyri í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/ÖRLYGUR HNEFILL

Við opnunina mun Þórarinn Hjartarson flytja kvæði Jónasar og dúóið Aurora Borealis, skipaður þeim Margréti Hrafnsdóttur, sópransöngkonu og Ólöfu Sigursveinsdóttur, sellóleikara, flytja tónlist tileinkuð Jónasi.

Að sögn Þórarins er val á sýningastaðnum Akureyri engin tilviljun.

„Jónas var sjálfur Norðlendingur, frá Hrauni í Öxnadal svo okkur Eyfirðingum finnst við eiga svolítið í honum,“ segir Þórarinn hlæjandi.

Ásamt sýningunni um Jónas eru að sögn Þórarins mjög margar myndlistasýningar sem opna í Listagilinu í dag og fjöldinn allur af myndlistarfólki í bænum.

„Það er mikið líf og fjör um þessar mundir og jafnvel örlítill vísir að myndlistarhátíð,“ segir Þórarinn og bætir við að sýningin standi fram yfir afhendingu á íslensku Sjónlistaverðlaununum sem veitt verða á Akureyri í lok september.

Eftirtaldir listamenn munu taka þátt í sýningunni: Aðalheiður S. Eysteinsdóttir, Arna Valsdóttir, Áslaug Thorlacius, Birgir Snæbjörn Birgisson, Finnur Arnar, Hanna Hlíf Bjarnadóttir, Helgi Þórsson, Hlynur Hallsson, Hulda Hákonardóttir, Ilmur Stefánsdóttir, Jón Garðar Henrysson, Jón Laxdal, Jón Sæmundur Auðarson, Jóna Hlíf Halldórsdóttir, Jónas Viðar, Joris Rademaker, Megas, Margrét H. Blöndal, Pálína Guðmundsdóttir, Ragnar Kjartansson og Þorvaldur Þorsteinsson.

Sýningunni hefur verið vel tekið á Akureyri og að sögn Þórarins er Akureyrarbær meðal styrktaraðila. Sýningin opnar í dag kl.14 í Ketilhúsinu í Listagilinu og er opin alla daga nema mánudaga frá kl. 13:00 og 17.00. Sýningunni lýkur helgina 21.-23. sept. þegar íslensku Sjónlistaverðlaunin verða veitt á Akureyri.

†

Ástkær móðir okkar, fósturmóðir, tengdamóðir, amma og langamma,

Lilja Sigrún Óskarsdóttir

áður til heimilis á Skógtjörn, Álftanesi,

lést á Hrafnistu í Hafnarfirði, miðvikudaginn 22. ágúst.

Auðbjörg Eggerstdóttir
Sigurður Eggertsson
Klemenz Eggertsson
Erla Stringer
og fjölskyldur.

†

Elskulegur faðir minn, afi, bróðir og mágur,

Elías Júlíusson

Keldulandi 21, Reykjavík,

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi mánudaginn 20. ágúst. Útförin fer fram frá Fossvogskapellu miðvikudaginn 29. ágúst kl. 13.00.

Sigríður Drífa Elíasdóttir
Steindór Snær Ólason
Ragnar Elíasson
Bjarney Runólfsdóttir
og aðrir aðstandendur.

Kári Vilberg Atlason
Olga Steingrímsdóttir

†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Ingunn S. Jónsdóttir

lést á hjúkrunarheimilinu Droplaugarstöðum mánudaginn 20. ágúst. Útförin fer fram frá Bústaðakirkju, þriðjudaginn 28. ágúst kl. 15.00.

Jóna Gróa Sigurðardóttir
Mattína Sigurðardóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

Guðmundur Jónsson
Sigurjón Kristjánsson

Afmæli

Í tilefni merkra tímamóta tökum við á móti gestum í Árbliki laugardaginn 25. ágúst nk. eftir kl. 20.00.

Allir velkomnir

Össi frá Gröf og Stína frá Breiða

Auglýsingar sendist á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **550 5000.**

SJÓNVARPSTÆKI
HEYRNARTÓL
BÍLHÁTALARAR
BÍLTÆKI
ÚTVÖRP
MYNDAVÉLAR
HÁTALARAR
HLJÓMBORÐ
DVD SPILARAR
LCD SJÓNVÖRP
BÍLMAGNARAR
FERÐATÆKI
ELDAVÉLAR
PLASMA SJÓNVÖRP
ÞVOTTAVÉLAR
ÍSSKÁPAR
KAFFIVÉLAR
MP3 SPILARAR
ÖRBYLGJUOFNAR

RISA ÚTSALA

LOKADAGUR ÚTSÖLUNNAR

OPIÐ Í DAG KL. 10 - 16

ALLT AÐ 75% AFSLÁTTUR

ENN MEIRI AFSLÁTTUR AF VÖLDUM VÖRUM

UPPÞVOTTAVÉLAR
HRÆRIVÉLAR
STRAUJÁRN
BRAUÐRISTAR
SÍMAR
BLANDARAR
VÖFFLUJÁRN
SAMLOKUGRILL
RYKSUGUR
HÁFAR

Skoðið tilboðin á www.ht.is

Heimilistæki
www.ht.is

TAKMARKAÐ MAGN

Fyrstur kemur – fyrstur fær!

REYKJAVÍK	AKUREYRI	HÚSAVÍK	SELFOSS
SÆTÚNI 8	GLERÁRGÖTU 36	GARÐARSBRAUT 18A	EYRARVEGI 21
SÍMI 569 1500	460 3380	464 1600	480 3700

CASIO · Lenco · NAD · KENWOOD · PHILIPS · SuperTech · UNITED · BEKO · DeLonghi · elna · exido
ideline · Melissa · TechnoWind · Bauknecht · Bompani · GeneralFrost · INDESIT · VESTFROST · Whirlpool

MEGA kassar!
Þessa helgi munum við lækka VSK af Pampers bleiukössum
EKKERT BRUÐL
Lækkum VSK!
úr 24,5% niður í 7% en ríkiskassinn fær samt sitt
MEGA VALUE • VORTEIL • BONNE AFFAIRE
Pampers Baby-Dry
MEGA verð nú:
2061 KR.
Verð áður 2398 KR.
4+ MAXI PLUS 3x40=120
3 MIDI 3x52=156
Smjörlíkið í baksturinn og steikinguna!
Sjáðu verðið!
500g
59 KR.
smjörlíki
Myllu heimilisbrauð
98 KR.
770g
HEIMILIS BRAUÐ
Nettóþyngd: 770g
3 Svalar í pakka
69 KR.
Veljið sjálf!
Svali
3x Kappi kakómjólk
KAKÓMJÓLK
98 KR.
3 saman
Kappi
3 Trópí í pakka
129 KR.
Veljið sjálf!
Trópí
Símjúkur Smyrill
Smyrill 300g
89 KR.
Smyrill
Bónus býður betur!
JÓ jógúrt
49 KR.
150g
JÓ jógúrtin frá Mjólku
EKKERT BRUÐL
Ný uppskera!
VÍNARKAFFI
Vínarkaffi/ Vínarbaunir
398 KR.
250g
Kaffitár
Kaffi og kaffibaunir
Bónus fittnessbollur og kúmenbollur
BOLLUR kúmen og Fittness
159 KR.
320g
Sjáðu þetta!
Andrex
3 ROLLS FREE
Nú 12 rúllur!
639 KR.
EKKERT BRUÐL
12 rúllur á verði 9
BÓNUS

Einföld og frábær lausn fyrir góðan málsverð!

PÓSTLISTINN
bonus.is

Eldað Cordon Bleu
kílóverð nú:
1042 KR.
Merkt verð 1489 KR.

30% afsláttur
við kassann

Eldað svínasnitsel
kílóverð nú:
1034 KR.
Merkt verð 1489 KR.

Pitsubakstur getur verið óborganleg fjölskylduskemmtun!

Teflon pitsuform
498 KR.
Ø 34 sm

Bökum sjálf!

Ferskt pitsudeig
198 KR.
400g

Ferskt grilldeig
198 KR.
400g

Blandað kinda og lambahakk

Kinda/lambahakk
kílóverð nú:
498 KR.

FERSKAR KJÖTVÖRUR

Hálfúrbeinuð og skinnlaus kjúklingalæri

2 lítrar!
89 KR.
Coca-Cola light

40% afsláttur
við kassann

Hálfúrbeinuð skinnlaus læri
kílóverð nú:
600 KR.
Merkt verð 1000 KR.

Blandaðir bitar
kílóverð nú:
275 KR.
Merkt verð 393 KR.

30% afsláttur
við kassann

Vinsælustu bjúgun í Bónus!

Kofareykt bjúgu
kílóverð nú:
286 KR.
Merkt verð 335 KR.

KF frosin blóðmör
kílóverð nú:
326 KR.
Merkt verð 543 KR.

KF frosin lifrarpylsa
kílóverð nú:
337 KR.
Merkt verð 561 KR.

40% afsláttur
við kassann

Kryddaður lambabógur
kílóverð nú:
699 KR.
Merkt verð 998 KR.

AFSLÁTTUR VIÐ KASSANN

Kryddaður ferskur lambabógur

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

Sjáum feitabollu einu sinni á dag

Páll Ásgeir Ásgeirsson tók viðtal við Sverri Þ. Sverrisson, betur þekktan sem Sveppa, þegar sá síðarnefndi var valinn sjónvarpsmaður ársins. Sveppi hefur stundum séð Pál Ásgeir síðan þá, til að mynda í spurningaþætti, og oft verið hvumsa yfir því hvað Páll Ásgeir veit mikið. *Júlía Margrét Alexandersdóttir* hitti félagana og ræddi við rithöfundinn og skemmtikraftinn um Stuðmenn, Veðurstofueinelti og sýslumanninn á Selfossi.

Hvar hittust þið fyrst og hverjar eru ykkar minningar um þann fund? Ef þið yrðuð að skipta um hlutverk í einn dag – hvað mynduð þið gera í líkama hvors annars?

Páll Ásgeir: Já, ég man eftir því. Ég tók eitt sinn viðtal við Sveppa. Hvaða ár var það?

Sveppi: Í nóvember 2003. Þegar nýbúið var að velja mig sjónvarpsmann ársins.

Páll Ásgeir: Eða, þú varst nýbúinn að láta þjóðina velja þig sem sjónvarpsmann ársins.

Sveppi: Stóra svindlmálið – þetta var alveg yndislegur tími. Ég hef nú ekki rekist mikið á hann síðan þetta var, en ég veit alltaf hver hann er og hugsa með sjálfum mér þegar ég sé hann: „Já, þetta er gæinn sem tók við mig viðtal, alveg rétt – hvað, helvíti veit hann mikið. Já, þetta er greinilega enginn vitleysingur.“

Páll Ásgeir: Ég veit svo sem ekki hvort ég myndi gera eitthvað annað í líkama Sveppa en það sem ég er vanur – fara út að hlaupa og svo framvegis. En jú, jú, ég myndi sjálfsagt líka hlaupa niður Laugaveginn og hrella fólk.

Sveppi: Bara svo þú vitir það þá er ekki mikið hægt að gera með þennan líkama. Hann er ekki hannaður til margs, nema einmitt bara að fíflast. En af því ég veit að Páll Ásgeir er göngugarpur og hefur gengið allan fjandann myndi ég líklega ganga upp á eitthvert gott fjall. Ég er nefnilega svo latur að ganga að ég þarf kannski bara eitt gott spark í rassinn og þá myndi þetta byrja að rúlla. Getur það verið?

Páll Ásgeir: Já, það er málið. Byrja á einu fjalli. Esjan er fín. Þú ert kannski klukkutíma að fara upp að steinunum. Nema harðjaxlarnir sem nota Esjuna til að þjálfa sig – þeir fara svona tvo, þrjá hringi, upp og niður að steinunum – hlaupandi.

Sveppi: Bara upp og niður Esjuna?

Páll Ásgeir: Já.

Sveppi: Fyrir hvað eru þessir menn að þjálfa sig? Kenýa-maraþonið? En já, ég myndi líka fara á tónleika, því hann er svo hávaxinn. Ég myndi sjá svo vel á sviðið.

Páll Ásgeir: Ég er fimmtugur svo hvað haldið þið eiginlega að ég sé búinn að fara oft í bíó? Samt heyri ég í hverri einustu bíóferð, þegar ég er sestur, fólkið fyrir aftan mig segja: „Eigum við að færa okkur? Sérð þú eitthvað?“

Sjáum feitabollu allavega einu sinni á dag

Hefjum svo leika á kjúklingi. Hann er orðinn vinsælli á borðum þjóðarinnar en lambakjötið. Hafið þið ykkar eigin skýringar á þessari þróun? Hvort mynduð þið taka með ykkur gám af kjúklingi eða lambi á eyðieyju? Hvað finnst ykkur almennt um mataræði þjóðarinnar?

Sveppi: Á mínu heimili er kjúklingur mun vinsælli, enda hægt að matreiða hann á svo margan hátt.

Páll: Þetta er ekki þróun sem kemur mér neitt sérstaklega á óvart, enda heilsutengt – minni fita í kjúklingi og allt það. Líklega tengt heilsuæðinu.

Sveppi: Svo er líka svo gott að narta bara í hráan kjúkling á kvöldin og svona.

Páll: Já, já. Á eyðieyjuna held ég að ég myndi taka með mér lambakjöt því öfugt við kjúklinginn er hægt að borða það hrátt.

Sveppi: Góður punktur. Mætti ég taka með mér lifandi kjúkling? Bara svo mér skyldi ekki leiðast?

Páll: Hvað mataræði þjóðarinnar varðar sýna tölur að við stefnum sömu leið og Ameríkanar. Offita fer að verða eitt stærsta heilsufarsvandamál þjóðarinnar. Tuttugu til þrjátíu prósent þjóðarinnar þjást af offitu og maður þarf ekki annað en að fara hér upp á næsta götuhorn til að sjá að þetta er rétt.

Sveppi: Maður rekst á feitabollu allavega einu sinni á dag.

Páll: Við áttum frábært tækifæri til að lýsa Ísland McDonald‘s Free Zone á heimsvísu, en við slepptum því. Ég hef aldrei farið inn á McDonald‘s á ævinni og mun aldrei gera.

Sveppi: Og þess vegna er hann líka gangandi upp á fjöll – annað en ég sem dett þarna inn öðru hvoru. Dóttir mín hrópar upp „McDonald‘s!“ þegar við keyrum framhjá. Þetta heitir skyndibiti og maður fer þarna inn stundum þegar mikið hefur verið að gera og maður er nýbúinn að sækja í leikskólann og er svo að hlaupa í eitthvað annað fljótlega.

Hvað gerir Páll Ásgeir þegar allt er í pati og hann hefur ekki tíma?



SKYNDIBITAÞJÓÐ
Páll Ásgeir hefur aldrei farið inn á McDonald‘s en dóttir Sveppa hrópar nafn fyrirtækisins þegar fjölskyldan keyrir framhjá. Sveppa finnst Páll Ásgeir vera gaurinn sem sýður sér eitt ýsuflak og slafrar því í sig þegar mikið er að gera. Páll Ásgeir viðurkennir hins vegar að fara þá stundum á Subway.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALGARÐUR

Á RÖKSTÓLUM

Þetta er svona gæi sem sýður sér eitt ýsuflak og slafrar því í sig.

Páll Ásgeir: Það eru til hollir skyndibitar – sem eru búnir til úr alvöru mat. Það er til dæmis hægt að fá sér Subway ef þú vilt að ég nefni vörumerki. Við erum hins vegar að taka þátt í því að gera allar höfuðborgir heimsins eins með því að leyfa McDonald‘s, Burger King og fleiri stöðum að vaða yfir okkur.

Smælingjarnir borguðu tónleikana

Nú eru bankarnir nýbúnir að halda veglega tónleika þar sem helstu listamenn þjóðarinnar tróðu upp. Hefðuð þið viljað sjá þessum peningum eytt á annan hátt í nafni bankans? Hvert var besta atriðið? Hvað olli vonbrigðum?

Sveppi: Var þetta ekki ágætis hugmynd bara?

Páll Ásgeir: Þetta samband viðskiptavinar og banka er flókið. Þeir okra á okkur og við leyfum þeim það. Skuldir heimilanna eru að aukast og bestu viðskiptavinir bankanna eru þeir sem skulda mest. Og þeir sem eru að draga á eftir sér mörg hundruð þúsund króna yfirdráttarheimild, sem þeir borga 20 prósenta vexti af – ef þið vissuð það ekki – þeir eru allra bestu viðskiptavinirnir. Og það er fólkið sem stendur undir þessum tónleikum.

Sveppi: Þannig að þetta voru í rauninni ekki fríir tónleikar.

Páll Ásgeir: Nei, það væri mjög mikil einföldun að segja það, því það voru þeir alls ekki. Ég held að það besta sem bankinn geti gert fyrir viðskiptavini sína sé að gefa þeim góð kjör og lága vexti. En bankinn getur ekki haft vit fyrir fólki. Það er jafnmikið manns eigið mál og bankans að ganga með myllustein um hálsinn í formi himinhás yfirdráttar.

Sveppi: Mann sundlar þegar maður heyrir af bönkum sem kannski fyrsta ársfjórðung hafa hagnast um einhverja 15 milljarða.

Páll Ásgeir: Einmitt – og þá réttir einhver smælingi upp höndina og spyr: „En getið þið þá ekki lækkað vextina hjá okkur sem skuldum ykkur svona mikið?“ Bankarnir segja nefnilega að einstaklingsviðskipti séu orðin svo lítill hluti af viðskiptum bankans að þau skipti nánast engu máli fyrir reksturinn. Sannleikurinn er hins vegar sennilega sá að það eru samt einmitt smælingjarnir sem standa undir hagnaðinum. Einhvers staðar í myrkviðum bankans drögum við hjólið sem knýr þetta áfram. En það vilja bankarnir ekki viðurkenna.

Sveppi: Mér heyrist þessi maður hafa mun sterkari skoðanir á þessu en ég. Ég missti af báðum tónleikunum en pabbi sagði að Bubbi hefði verið bestur og Stuðmenn verstir. En Stuðmenn hafa örugglega ætlað sér þetta – þú

Sveppi: Maður hlustar á textana hans og pælir virkilega í þeim. Hann er bestur í heimi að nota erlend tökuorð, búa til nýyrði og svo framvegis.

Páll: Og allar kynslóðir sem á eftir koma læra texta Megasar og nýyrðin. Þetta er maðurinn sem kenndi okkur að segja spáðu í mig og smælaðu framan í heiminn. Maður sér ekki Sigur Rós leika þetta eftir.

Sveppi: Attsjú-ú.

Páll: Nei, það er ekki alveg eins.

Sveppi. Sæææææljón.

segir ekkert Jakobi Frímanni og Agli Ólafs hvað þeir eiga að gera.
Páll Ásgeir: Sumt af því sem Kaupþing bauð upp á var mjög vont og annað mjög gott. Svo eiga listamenn misgóða daga. Stuðmenn áttu ekkert sérstaklega góðan dag. Atriðið var eins og klippt út úr myndum sem þeir hafa búið til – eins og þetta væri í raun atriði úr Með allt á hreinu. Það vantaði bara blátt reiðhjól á sviðið. En tónleikarnir á Miklatúni voru frábærir. Og þar bar Megas af. Hann hefur þetta snillingseinkenni að hann fer bara upp á svið og gerir það sem hann vill. Honum er alveg nákvæmlega sama hvað okkur finnst.
Sveppi: Maður hlustar á textana hans og pælir virkilega í þeim. Hann er bestur í heimi að nota erlend tökuorð, búa til nýyrði og svo framvegis.
Páll Ásgeir: Og allar kynslóðir sem á eftir koma læra texta Megasar og nýyrðin. Þetta er maðurinn sem kenndi okkur að segja spáðu í mig og smælaðu framan í heiminn. Maður sér ekki Sigur Rós leika þetta eftir.
Sveppi: Attsjú-ú.
Páll Ásgeir: Nei, það er ekki alveg eins.
Sveppi: Sææææljón.

Myndir ekki segja þetta þekktir þú hann

Störf ykkar snúast oft á tíðum um það að skoða samfélagið – hvað er það allra, allra fyndnasta við íslenskt samfélag að ykkar mati? Ef þið yrðuð dæmdir til samvista við einhverja opinbera manneskju í heilan dag (án frímínútna) – sem þið þekkið ekki persónulega – hvaða manneskja yrði fyrir valinu?
Páll Ásgeir: Mér finnst Íslendingar oft mjög fyndnir. Það er stuttur í okkur kveikurinn – við stökkvum upp á stól og það verða allir vitlausir yfir einhverri Grímseyjarferju í nokkra daga. Það mál hefur farið nokkra hringi núna og hefur oft verið óbærilega fyndið en það er samt engin lausn í sjónmáli. Líklegt er að þegar kúlunni er kastað svona oft á milli þagni málið á endanum en á meðan á því stendur eru allir alveg ofboðslega æstir og með mikla réttlætiskennd. En við vitum öll innst inni að þetta breytir engu og það sem við segjum um þetta mál og þá sem eru ábyrgir skiptir engu máli. En mér þykir mjög vænt um Íslendinga og þeir eru nákvæmlega eins og ég vil hafa þá.
Sveppi: Mér finnst mótmælendur mjög fyndnir. Ég einhvern veginn skil ekki það að mótmæla. Mér finnst bara svo plebbalegt að hugsa til einhvers fólks sem er heima hjá sér að búa til skilti: (Sveppi hefur upp raust með leikrænum verkalýðstilburðum): „Hvað eigum við að láta standa á því? – Já, láttu standa á því bara að við látum ekki bjóða okkur þetta!“ Er fólkið að tússa þetta í reiði við stofuborðið hvetjandi hvert annað? „Já, skrifum þetta! Látum þá hafa það!“ Og svo verður aldrei neitt úr þessu. Ekki nema þá eitthvað sem maður getur næstum því bara gefið selbita og þá hverfur það. Íslensk mótmæli verða eitthvað svo plebbaleg versus mótmæli til dæmis úti í Frakklandi þar sem vörubílstjórar taka sig saman og liggja bara á flautunni í sólarhring og segja svo upp – allir. Af hverju er útlenskt fólk – sem býr erlendis – bara í einhverju landi – af hverju fer það í flugvél til Íslands til að mótmæla álveri sem á að byggja einhvers staðar í rassgati? Af hverju er þetta fólk ekki bara að mótmæla því að það sé ekki til vatn í Afríku eða hungursneyð í Eþíópíu? Aldrei myndi ég, ef það væri eitthvað vesen í Belgíu, segja bara: „Pakkaðu, elskan mín, við verðum að fara að fljúga til Belgíu, það er verið að reisa einhverja risaverksmiðju þarna þar sem einhver bóndabær stóð áður.“ Hverjum er ekki sama? Fljúga yfir Atlantshafið, keyra frá Keflavík – er ekki í lagi með þetta lið?
Páll Ásgeir: Um þetta ætla ég ekki að segja annað en að heimurinn er þorp.
Sveppi: En ef ég ætti að velja mér manneskju til að hitta og eyða tíma með heilan dag yrði það sýslumaðurinn á Selfossi. Hann er Stonesaðdáandi.
Páll Ásgeir: Þetta segirðu bara af því þú þekkir hann ekki.
Sveppi: Ha ha. Já, hann á fullt af Stones-dóti, hefur hitt Mick Jagger og veit allt um þá. Ég væri alveg til í að drekka kaffi með honum.
Páll Ásgeir: Sko, það er hægt að taka trúðinn á þetta og nefna bara einhvern hæfilega skrítinn en ef maður á að svara þessu í alvöru þá finnst mér, af því fólki sem ég hef hitt um ævina, ég yfirleitt læra mest af þeim sem vinna skapandi störf. Ég held ég myndi vilja eyða einum degi með manni eins og Kristni Sigmundssyni eða einhverjum óperusöngvara. Eða einhverjum rithöfundi. Ég held það væri gaman að sitja á vinnustofu Einars Kárasonar einn dag og horfa yfir öxlina á honum og sjá hvernig hann fer að þessu.
Sveppi: Ég myndi ekki vilja horfa á sýslumanninn vinna og horfa yfir öxlina á honum: „Rosalega eru þetta áhugaverðir pappírar hér, einmitt. Er það svona sem þú ferð að þessu?“
Páll Ásgeir: „Bíddu já, er þetta þvagleggurinn?“ Það mál er reyndar stórfyndið líka.

Tíu nördar gegn einum

Að lokum. Eineltið á Veðurstofunni er ein af fréttum síðustu vikna. Hafið þið horft upp á einelti á vinnustað eða orðið fyrir slíku? Hvað er best að gera þegar það er ekki einfaldlega hægt að hringja bara í foreldrana?
Sveppi: Þetta er það fyndnasta sem ég hef heyrt á ævinni heyrt. Ef þú ferð í veðurfræði þá geturðu líka bara skráð þig strax í Regnbogabörn. Þetta eru fordómar í mér en ég sé fyrir mér tíu nörda sem eru að pæla í einhverjum skýjum og leggja einhvern einn nördinn í einelti. Ég væri til í að sjá bíómyndina. „Dapri veðurfræðingurinn.“ Fullorðið fólk á veðurstofu að leggja einhvern í einelti? Hvernig atvikast svona?
Páll Ásgeir: Ég get verið sammála honum að mörgu leyti. Þetta mál er í eðli sínu fyndið og maður einhvern veginn bjóst síður við því að fólk með jafnlangt háskólanám að baki myndi stytta sér stundir við það í vinnunni að einelta hvert annað. En einelti er auðvitað andlegt fyrirbæri og snýst ekki um menntun heldur innrætingu. En það má líka halda því fram að það hafi verið svolítið hetjulegt af þessari konu að koma fram og tala um sjálfa sig sem fórnarlamb eineltis og ég held að þjóðin hafi líka litið á það þannig og séð hana sem hetju.
Sveppi: Ef einhver myndi gera eitthvað á minn hlut myndi ég reyna að tala við viðkomandi undir fjögur augu.
Páll Ásgeir: Ég hugsa að það samtal eigi sér oft stað en í svona tilvikum hefur þetta gengið eitthvað lengra. Í mínu tilviki myndi ég ljúka samtalinu á orðunum: „Þetta var munnleg viðvörun.“ En fullorðið fólk á að geta leyst svona mál. Ef svona mál koma upp og enda eins og á veðurstofunni er það mikill áfellisdómur yfir yfirmönnum, því þeir eiga að geta höggyið á hnútana.
Sveppi: Ég myndi annars ekki nenna að vinna á skattstofunni.
Páll Ásgeir: Þjónustustörf af ýmsu tagi ættu ekki við mig.
Sveppi: Nei, þá gæti fólk sagt við þig: „Hvað, af hverju get ég ekki fengið hálfa gúrku?“ Þá myndir þú segja: „Nei, það er ekki hægt. Vertu úti!“
Páll Ásgeir: Nei. Það myndi víst ekki ganga. ■

SÉÐ UPP LAUGAVEGINN Viðmælendur Fréttablaðsins hafa mismunandi og missterkar skoðanir á þeim vandamálum sem talin eru steðja að í miðbænum um helgar, sem og niðurrifi gamalla húsa við Laugaveginn.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Hefði mátt gera gömlu húsin upp

Mikil umræða hefur skapast upp á síðkastið um „ástandið“ í miðbæ Reykjavíkur um helgar sem og niðurrif húsa, og uppbyggingu nýrra, við Laugaveginn. Yfirvöld velta fyrir sér leiðum til að bæta ástandið og tvö hús frá nítjándu öld verða líklega rifin. *Ingi F. Vilhjálmsson* bað nokkra verslunareigendur og íbúa í miðbænum um að ræða sínar skoðanir á þessum hitamálum.

ÞÓRUNN ANSPACH

ÞÓRARINN ST. HALLDÓRSSON

SÆVAR KARL ÓLASON

ÁRNI EINARSSON

GUÐLAUG HALLDÓRSDÓTTIR

Fjölgun alvarlegra líkamsárása og nauðgana, drykkjulæti, sóðaskapur, hávaði og almennt stjórnleysi eru nokkur af þeim atriðum sem hafa skapað umræðuna um „ástandið“ í miðbæ Reykjavíkur um helgar. Því hefur verið haldið fram að ekki sé lengur óhætt að ganga einsamall í miðbænum að nóttu til og jafnvel ekki á daginn. Í vikunni héldu lögreglan á höfuðborgarsvæðinu og borgaryfirvöld fund með veitinga- og skemmtistaðaeigendum í miðbænum þar sem ræddar voru leiðir til að draga úr þessum neikvæðu fylgifiskum skemmtanalífsins.

Stefán Eiríksson, lögreglustjóri á höfuðborgarsvæðinu, komst þar að þeirri niðurstöðu að endurskoða þyrfti opnunartíma skemmtistaða. En hvað segja íbúar og verslunareigendur í miðbænum um þetta ástand og niðurrif gamalla húsa við Laugaveginn?

Ástandið aldrei verið verra

Árni Einarsson, hótelrekandi og íbúi við Laugaveginn síðan árið 1989, segir að ástandið í miðbænum hafi aldrei verið verra. Hann kennir veitingamönnum fyrst og fremst um ástandið. „Mér finnst að veitingamenn í miðbænum séu yfirgangssamir og fríi sig allri ábyrgð á starfsemi sinni og viðskiptavinum sínum eftir að þeir eru komnir út af stöðunum,“ segir Árni. Hann segir að gestir skemmtistaða komi í miðbæinn um helgar og hagi sér eins og svín. „Fólk reynir að fara inn í öll skot og sund til að míga hérna um helgar. Íbúar í miðbænum eru byrjaðir að víggirða húsin sín til að koma í veg fyrir þetta,“ segir Árni.

Sævar Karl Ólason, sem rekið hefur verslunina Sævar Karl í Bankastræti um árabil, er sammála Árna um að veitingamennirnir í miðbænum standi sig ekki nægilega vel. „Þeir hreinsa svo illa til í kringum sig og fyrir framan veitingastaðina,“ segir Sævar en bætir því við að hann hafi ekki orðið fyrir miklu ónæði af truflunum í miðbænum um helgar. „Rúðubrotin koma í bylgjum en það er minna um þau en áður. Ég hef ekkert á móti því að fólk fari í bæinn um helgar. Þetta er ekki svona mikið ónæði eins og fólk talar um, það eru einhverjir sérfræðingar og stjórnmálamenn sem aldrei koma í bæinn sem hafa básúnað þetta ástand í miðbænum út. Reykjavík er bara mjög flott og frábær borg,“ segir Sævar Karl.

Guðlaug Halldórsdóttir, eigandi verslunarinnar 3 hæðir á Laugaveginum, tekur í svipaðan streng því hún telur að vandamálin í miðbænum um helgar fylgi skemmtanalífinu í borg eins og Reykjavík. „Er þetta ekki bara frekar eðlilegt ástand?“ Þórarinn St. Halldórsson, í Spilaverslun Magna á Laugaveginum, hefur heldur ekki orðið fyrir ónæði um helgar af ástandinu og rúðurnar hjá honum hafa verið látnar í friði.

Þórunn Anspach, eigandi verslunarinnar Kisunnar á Laugaveginum, er hins vegar ekki alveg sammála Sævari nágranna sínum því henni finnst alveg hræðilegt að vera á ferli í miðbænum um helgar eftir myrkur. „Þá verður fólk eins og trylltar skepnur. Það er til dæmis búið að brjóta glerið í búðinni okkar fjórum sinnum á síðustu tveimur mánuðum,“ segir Þórunn.

Hvað er til ráða?

Viðmælendur blaðsins hafa almennt séð ekki svör á reiðum höndum um hvað sé hægt að gera til að bregðast við ástandinu í miðbænum. Þeir benda þó meðal annars á að hægt sé að stytta opnunartíma skemmtistaða og auka löggæslu.

Árni Einarsson hefur hins vegar skýrt mótaðar hugmyndir um aðgerðir. Hann telur að það ætti að taka upp veitingaferilskrá, svipað og ökuferilskrá, þar sem haldið er saman upplýsingum um hvernig eigandi hvers skemmtistaðar stendur sig. „Skemmtistaðirnir eiga að fá punkta í kladdann ef þeir hleypa inn of ungu fólki, leyfa gestum að fara út með áfengi, valda hávaða og ónæði, ef brunaútgangar inni á stöðunum eru tepptir og annað slíkt. Svo þegar menn eru komnir upp í ákveðið marga punkta þá eiga þeir að missa veitingaleyfið,“ segir Árni. Hann telur auk þess að leita eigi leiða til að halda gestum skemmtistaða inni á stöðunum svo þeir séu ekki á stöðugu rápi um miðbæinn því að með því geti skapast pústrar á milli fólks auk mikils hávaða sem valdi ónæði. „Ein leið væri að hætta að hleypa fólki inn á staðina eftir ákveðinn tíma.“ Árni segir að reykingabannið á skemmtistöðum hafi auk þess verið illa undirbúið því hávaði frá stöðunum hafi aukist mikið í kjölfarið. „Það var vanhugsað að framkvæma það svona. Það er ekki hægt að setja fólk svona út á göturnar og segja við það: þið reykið bara úti. Þessi lausn skapar meiri vandamál en hún leysir,“ segir Árni og bætir því við að eftir bruna skemmtistaðarins Pravda fyrr í sumar hafi ástandið á Laugaveginum versnað til muna.

Niðurrif húsa við Laugaveg

Blaðamaður spyr viðmælendur um húsin tvö við Laugaveg 4 og 6 sem Skipulagsráð Reykjavíkurborgar hefur gefið leyfi til að rífa; í næstu viku mun byggingafulltrúi Reykjavíkurborgar líklega samþykkja teikningarnar að nýju tvö þúsund fermetra húsi sem á að byggja í stað þeirra. Viðmælendur Fréttablaðsins eru sammála um að húsin séu ljót eins og er: að annað hvort þurfi að rífa þau eða gera þau upp.

Sævar Karl telur að húsin megi missa mín. „Mér finnst að þeir menn sem vilja vernda þessi tvö hús við Laugaveginn standi á móti framförum á Íslandi. Mér þykja þessir kofar alveg hræðilegir því þeim hefur ekkert verið haldið við. Auðvitað á að rífa þá.“

Þórunn tekur í sama streng og Sævar. „Mér finnst alltaf svolítið leiðinlegt þegar gömul hús eru rifin en á sama tíma þá þykja mér þessi tvö hús við Laugaveg 4 og 6 ekki vera mjög falleg. En auðvitað skiptir máli hvernig húsið sem rís í staðinn verður,“ segir Þórunn bætir því við að hún verði alltaf dálítið hrædd þegar byggja eigi ný hús við Laugaveginn. „Hins vegar eru mörg gömul hús við Laugaveginn sem mér finnst að eigi ekki að rífa, til dæmis Brynja og Hljómalindarhúsið.“ Árni segir að húsin við Laugaveg 4 til 6 megi hverfa. „Lóðaverð er orðið of hátt við Laugaveginn til að geta borið svona lítil hús,“ segir Árni.

Þórarinn telur aftur á móti að það eigi frekar að gera húsin upp en að rífa þau þó að „húsin séu ljót“ eins og er. „Ég held að það séu mistök. Mér finnst það passa betur við götumyndina en að byggja stór steypt hús sem eru lítið fyrir augað og hafa lítinn karakter,“ segir Þórarinn. „Það þarf bara að laga þau,“ segir hann.

Aðrir möguleikar en niðurrif?

Sævar Karl segir að hugsanlega sé hægt að halda framhliðum húsanna, gera þau upp og reisa nýbyggingar á bak við þau. „Þessi leið hefur verið notuð mikið í útlöndum og þetta er líka hægt að gera við Laugaveginn,“ segir Sævar Karl.

Árni tekur undir þetta sjónarmið. „Ef þeir sem vilja vernda þessi hús geta sýnt fram á annað þá ber að taka mark á því. Verndunarsinnar höfðu rétt fyrir sér með Bernhöftstorfuna og Aðalstrætið og þess vegna hafa þeir áhrif. Mér finnst sorglegt að menn séu fyrst núna að koma fram með nýjar tillögur til að vernda þessi hús,“ segir Árni og vísar til tillögu Torfusamtakanna, sem kynnt var í vikunni, sem gengur út á að endurbæta og stækka húsin tvö frekar en að rífa þau.

Guðlaug segir að húsin við Laugaveg 4 og 6 séu skelfileg en að huga þurfi að heildarmynd húsanna við Laugaveg en ekki bara hugsa um eitt og eitt hús. „Ef það er gert þá verða húsin við götuna svo ósamstæð. Í Washington í Bandaríkjunum til dæmis, þá halda þeir framhliðunum á húsunum og byggja miklu stærri hús fyrir aftan. Ég held að við ættum að reyna að læra þetta af öðrum þjóðum: gera eitthvað fallegt úr þeim gömlu húsum sem við eigum og ekki skemma allar minjarnar okkar,“ segir Guðlaug.

> Skemmtistaðirnir eiga að fá punkta í kladdann ef þeir hleypa inn of ungu fólki, leyfa gestum að fara út með áfengi, valda hávaða og ónæði, ef brunaútgangar inni á stöðunum eru tepptir og annað slíkt.
>
> **ÁRNI EINARSSON**
> HÓTELEIGANDI OG ÍBÚI VIÐ LAUGAVEG

Erlingur á margt handtakið í þessum bíl, sem gengur eins og klukka þótt kominn sé á sjötugsaldur. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Hef hann svolítið eðlilegan og sveitó

Willy's-jeppinn hans Erlings Ólafssonar afgreiðslumanns er kominn yfir sextugt en ber aldurinn vel enda er fallega farið með hann.

„Þessi bíll kom til landsins vorið 1946 og var í Húnavatnssýslu nánast óslitið alla sína vinnuævi eða til 1980, fyrst í Finnstungu, síðar á Blönduósi og um 1960 fór hann að Hólabaki. Það var ekki fyrr en árið 2000 sem ég eignaðist hann. Þá var hann búinn að standa í tuttugu ár í tveimur góðum bílskúrum hér syðra, fyrst hjá smiði úr Húnavatnssýslu í tíu ár og hjá Iðnskólakennara önnur tíu.“ Þannig byrjar Erlingur Ólafsson sögu Willy's-jeppa sem stendur í hlaðinu hjá honum í Kópavogi og hann hefur greinilega nostrað mikið við. „Bíllinn var í góðu standi þegar ég fékk hann og rauk í gang eftir hálftíma en samt var ýmislegt sem þurfti að lagfæra. Það dundaði ég við í frístundum fyrstu mánuðina.“

Jeppinn góði var blæjubíll í byrjun að sögn Erlings. „Allir Willysar voru fluttir inn með blæju til 1955,“ upplýsir hann. „Húsið á þessum er smíðað hjá Bílasmiðjunni um eða fyrir 1960 og skúffan er líka íslensk og frá sama tíma.“

Nú er jeppinn eins og nýsleginn túskildingur. „Ég pensilmálaði hann í vor til að hafa hann svolítið eðlilegan og sveitó,“ segir Erlingur brosandi og er í lokin spurður hvort hann tími eitthvað að nota gripinn. „Já, ég keyri hann alltaf af og til og er að fara í heilmikinn bíltúr á honum núna um helgina.“ *gun@frettabladid.is*

Auglýsingasími
512 50 50
– Mest lesið

Leigubíll á dag getur verið ódýrari en það sem kostar að reka bíl í mánuð. Fyrir minni fjölskyldur og námsmenn getur því strætó, hjól og stöku leigubíll borgað sig.

i30 fyrir Evrópumarkað

Hyundai i30 er bíll sem stílaður er inn á Evrópumarkað. i30 er fínasti bíll en það er eins og eitthvað vanti.

Hyundai i30 er nær sami bíll og cee`d. Hann hefur þó fengið aðeins öðruvísi yfirbragð sem felst meðal annars í öðruvísi grilli og öðruvísi fram- og afturljósum.

FRÉTTABLAÐIÐ/TRYGGVI

Hvað eiga kvikmyndirnar Twins, Twin Dragon, Big Business og Parent Trap sameiginlegt? Jú, þær fjalla allar um tvíbura sem aðskildir hafa verið í fæðingu en mætast svo aftur á miðri lífsleiðinni.

Hvernig kemur það Hyundai i30 við? Sjáið til. Einu sinni fyrir ekki svo langa löngu í fjarlægu landi er nefnist Suður-Kórea fæddust tveir bílar: i30 og cee`d. Þeim var stíað í sundur rétt eftir fæðinguna og settir í fóstur hjá tveimur bræðrum, Hyundai og Kia. Þar ólust þeir upp þangað til þeir loksins komust á götuna árið 2007 þar sem þeir, loksins segja sumir, mættust á Miklubrautinni. Hyundai i30 og Kia cee`d eru nefnilega nær sami bíllinn.

Nóg um það í bíli. Hyundai hefur verið í nokkurri sókn undanfarið og með nokkrum vel heppnuðum nýjum bílum hefur fyrirtækið náð að losa sig við druslustimpilinn að mestu. Bílarnir koma vel út úr bilanakönnunum víðast hvar og það verður að segjast eins og er að þeir eru ódýrir.

Nú á að nýta meðbyrinn og sækja inn á Evrópumarkað af hörku. Breyta á nafnakerfi Hyundai og fara svipaða leið og BMW, Audi, Citroën og Benz hafa farið. Nöfnin munu samanstanda af bókstaf og tölustaf og er fyrsta slíka nafnið i30. i30 fellur í flokk C-bíla, það er að segja hlaðbaka líkt og Ford Focus, VW Golf og Toyota Corolla (nú Auris).

Á milli framsætanna er hólf fyrir lagaskjóður (mp3-spilara) með Aux- og USB-tengi. Hólfið er fóðrað þannig að skjóðan hringlar ekki í hólfinu og skemmist heldur ekki.

Innréttingin í i30 sýnir að dögum kóreskra bílaframleiðenda sem byrjenda er lokið.

i30 er ágætlega útlítandi bíll á afskaplega látlausan hátt. Öfugt við gamla Hyundai Accent, er bíllinn vel byggður og ber með sér að bílaframleiðandinn hafi þroskast og stefni nú á markaðshóp sem tilbúinn er að eyða meira í bílana sína.

Sama er uppi á teningnum inni í bílnum, látlaus og stílhrein innréttingin er viðkunnanleg og þó mælaborðið beri þess augljós merki að vera upprunnið í austanverðri Asíu gengur það vel inn í heildarmyndina.

i30 býður upp á ágætis aksturseiginleika. Hann er mýkri en systkin sitt cee`d án þess þó að verða á nokkurn hátt óstöðugri, eiginlega þvert á móti. Dísilvélarnar sem boðið er upp á eru sprækar en bensínvélarnar eru ekki jafn spennandi kostur. Þær eru einfaldlega ekki nógu kraftmiklar.

Stærsti galli i30 er hins vegar sjálfskiptingin. Hún er eins og eitthvað sem þeir áttu á lager og er hún illa til þess fallin að færa Hyundai upp í virðingarskalanum. Sorglegt og í raun frekar furðulegt þar sem passað hefur verið upp á að allt annað sé í lagi.

Þegar á heildina er litið er Hyundai i30 afskaplega samkeppnishæfur bíll. Hann er hins vegar ekki mikið meira en það. Það er eins og hönnuðir Hyundai hafi vandað sig svo mikið við að gera allt rétt að þeir hafi gleymt að taka einhverja áhættu, áhættu sem gert hefði bílinn að einhverju öðru en enn einum hlaðbaknum.

tryggvi@frettabladid.is

Deals on wheels
CARMAX.is
www.carmax.is

Þýskar álkerrur
fyrir fjölskylduna, verktakann, sveitarfélagið. Vandaðar kerrur frá einum stærsta framleiðanda Evrópu. Kerrur sem slegið hafa í gegn síðustu ár. Sumarsendingin nýkomin. Leitið upplýsinga og skoðið hið mikla úrval. Margar stærðir og gerðir.
N1 Langatanga 1a - Mosfellsbæ - Sími: 566 8188
Fjarðanet hf. - Grænigarður - Ísafjörður - S.470 0836

Ferðamannabólusetningar og ráðgjöf
tímapantanir í síma: 535-7700
ferðavernd
Læknasetrið Mjódd, www.ferdavernd.is
Þönglabakka 1 ferdavernd@ferdavernd.is

KOLAPORTIÐ
Frábært tilboð á rúmfötum í bás B12
Settið á 500 kr.100% bómull.
OPIÐ
um helgina
frá kl. 11-17
pantaðu bás á netinu:
www.kolaportid.is

FJAÐRIR OG GORMAR
Í FLESTAR GERÐIR
JEPPA
Japan/U.S.A.
FJALLABÍLAR
Stál og stansar ehf.
Vagnhöfða 7
110 Reykjavík
Sími: 517 5000

Sendum frítt um land allt!
Jeppadekk
GT RADIAL
Betra verð á heilsársdekkjum
235/65R17, kr. 12.900
245/70R17, kr. 13.900
265/70R17, kr. 14.900
275/60R17, kr. 15.900
Úrval annarra stærða upp í 38".
Felgustærð 15", 16" 17" og 18".
Nánar á jeppadekk.is
Við mælum með míkróskurði
JEPPADEKK.is
ALORKA • Vagnhöfða 6 • Sími 577 3080
PIPAR • SÍA • 70753

Smelltu á mazdabrimborg.is
mazda
Nýr Mazda
Skoðaðu nýjasta pallbílinn frá Mazda. Mazda BT-50. Smelltu á mazdabrimborg.is.
Gerðu góð kaup. Komdu í Brimborg. Vertu Mazda.
Mazda BT-50 4x4 DoubleCab. Verð frá
2.890.000 kr.*
brimborg
Öruggur staður til að vera á
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.mazdabrimborg.is
*Brimborg og Mazda áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.

Golfskóli ásamt frábærum golfvelli fyrir lengra komna er í boði í aukaferð Úrvals-Útsýnar til **Valle del Este 1.-7. október. www.uu.is**

Sterkir litir einkenna afríska náttúru. Hér má sjá mann með úlfalda sinn á hvítri strönd Watamu við grænblátt Indlandshafið.
MYNDIR/INGA SÓLNES

Afrísk paradísarheimt við Indlandshaf

Afríka er flestum Frónbúum alls ókannaður heimur, en ógleymanleg paradís þeim sem til þekkja.

„Töfrar Afríku felast ekki síst í litadýrðinni, því náttúran er öll í svo sterkum litum. Indlandshafið er fagurgrænt og -blátt, strendurnar með snjóhvítum púðursandi og sólin eins og eldrauð, risavaxin kúla á fjólubláum himni við sólsetur. Þá eru innfæddir yndislega vingjarnlegir og glaðir í sinni," segir Inga Sólnes, eigandi Gestamóttökunnar sem hingað til hefur staðið fyrir ráðstefnum og ferðalögum innanlands, en færir nú út kvíarnar og býður til lúxusferðar í Watamu-þjóðgarðinn í Kenýa í september.

„Við lendum í höfuðborginni Naíróbí og skoðum okkur þar um fyrsta sólarhringinn. Þaðan förum við í Masai Mara-þjóðgarðinn þar sem við verðum í fjóra daga," segir Inga, en þess má geta að kvikmyndin Out of Africa um ævi Karenar Blixen var að hluta tekin í Masai Mara. „Þar förum við í safari-jeppaferðir við sólarupprás og sólsetur til að sjá frumskóginn vakna og sofna með sínu fjölskrúðuga dýralífi. Við gistum í tjöldum sem útbúin eru öllum hugsanlegum þægindum og verðir standa fyrir utan sem verja okkur fyrir hættulegri villidýrum skógarins," segir Inga og nefnir fíla og villihunda sem hættulegustu dýrin, meðan ljón og aðrir villikettir Afríku eru jafnhræddir við manninn og maðurinn er við þá.

„Frá Masai Mara förum við yfir á strönd Indlandshafsins í Watamu-þjóðgarðinn, nokkuð fyrir norðan Mombasa. Þjóðgarðurinn er friðlýstur og einkennist af friði, ró og stórkostlegri náttúrufegurð, en ferðamannastraumur er ennþá lítill þar um slóðir. Í Watamu njótum við lífsins á fimm stjörnu hóteli við grænblátt hafið og eyðum dögunum í siglingar, sverðfiskveiðar, snorkling-köfun og fleira dásamlegt," segir Inga, en hægt verður að fara í skoðunarferðir á snákabúgarð og handverksmarkað innfæddra, ásamt fleiru sér-afrísku að sögn Ingu.

„Kenýa er fyrrum bresk nýlenda og ber þess enn glöggt merki. Kenýabúar tala góða ensku og hótelið er í ensk-afrískum stíl, með guðdómlegum mat, þjónustu og fínheitum. Það er má segja orðið uppselt í þessa ferð, en ég hygg á fleiri ferðir til Afríku á næsta ári." *thordis@frettabladid.is*

Íslendingar njóta tilverunnar á lúxushóteli í Watamu-þjóðgarðinum í Kenýa.

Frá spennandi safari-jeppaferð meðal villtra dýra Afríku í Masai Mara-þjóðgarðinum.

Inga Sólnes, eigandi Gestamóttökunnar, nýtur fegurðar Afríku af svölum sínum.

Lífrænn markaður í Skaftholti

Skaftholt í Gnúpverjahreppi verður með lífrænan markað á laugardag.

Lífræna búið Skaftholt í Gnúpverjahreppi opnar dyr sínar á laugardag og býður upp á grænmetismarkað.

Lífræna búið Skaftholt í Gnúpverjahreppi mun opna dyr sínar nú í haust eins og undanfarin fimmtán ár. Að Skaftholti er starfrækt heimili fyrir þroskahefta sem lifa þar og starfa í sátt við náttúruna.

Að Skaftholti hefur verið stundaður lífrænn búskapur allt frá árinu 1980 og er heimilið með sjálfbæra ræktun. Að Skaftholti er ræktað lífrænt grænmeti bæði úti og í gróðurhúsum auk þess sem ræktað er lífrænt korn.

Á laugardaginn gefst gestum tækifæri á að kynna sér starfsemina og kaupa grænmeti en auk grænmetis vinnur búið einnig sjálft mjólkurvörur til heimilisins.

Á laugardaginn verður einnig veitingasala þar sem er í boðið kaffi og jurtate með heimabakkelsi. Opið verður laugardaginn 25. ágúst klukkan 14-17 og er Skaftholt um 5 km frá Selfossi. Allir velkomnir. *- rh*

Hálfvitar, víkingar og fjárdráttur

Fljótsdalsdagur verður haldinn hátíðlegur á Héraði á sunnudag.

Ormsteiti sem stendur yfir á Héraði í Fljótsdal lýkur á sunnudag með Fljótsdalsdegi. Dagurinn hefst með gönguferð um Tröllkonustíg og veiðikeppni Veiðiflugunnar í Bessastaðaá kl. 10.

Í Víðivallaskógi verða grillaðar pylsur og hellt upp á ketilkaffi í hádeginu. Eftir hádegi kl. 14. verður fjölbreytt dagskrá á Skriðuklaustri sem hefst með tónleikum Ljótu hálfvitanna en sveitin Without the Balls hitar upp fyrir Hálfvitana.

Síðan verður víkingahópurinn Rimmugýgur með bardaga og handverkssölu. Hinir árlegu Þristarleikar munu svo fara fram á flötunum við hús Gunnars skálds og að venju verður keppt í pokahlaupi, fjárdrætti, steinatökum og rabarbarakasti.

Auk þess er fólk hvatt til að mæta með sultur og taka þátt í sultukeppni þar sem keppt verður í tveimur flokkum; besta rabarbarasultan og aðrar sultur eða hlaup. Einnig verður lengsti rabarbarinn verðlaunaður.

Hádegis- og kaffihlaðborð verður hjá Klausturkaffi og gefst gestum meðal annars kostur á að skoða sýninguna um Lagarfljótsorminn sem stendur yfir á Skriðuklaustri. Nánari upplýsingar veitir Skúli Björn Gunnarsson, forstöðumaður Gunnarsstofnunar, í síma 471-2990 eða 860-2985. *- rh*

Egill Gunnarsson glímir við lambhrút á Fljótsdalsdeginum í fyrra.
MYND/GUNNAR GUNNARSSON

Kíktu á
1 FERÐATORG.IS
Leitarvél • Umfjöllun • Kort
Myndskeið • Umræðusvæði

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki

allt - sem þig vantar

[ALLAR SMÁAUGLÝSINGAR VIKUNNAR Á visir.is]

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER OPINN ALLA DAGA KL. 8–22

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000
smaar@frettabladid.is / visir.is

AFGREIÐSLAN ER OPIN:
VIRKA DAGA 8–18
UM HELGAR 11–16

BÍLAR & FARARTÆKI

Ducati Monster 600 1997 Fallegt hjól skoðað 08 Ásett verð 690 þús. tilboð 390 100% lán mögulegt visa euro Bílabankinn 588 0700 Breiðhöfða 11

Bílabankinn
Breiðhöfða, 112 Reykjavík
Sími: 588 0700
www.bilabankinn.is

BMW X5 4,8I Árgerð 2007. Ekinn 8 þ.km. Verð kr. 9.200.000. Með öllu!

Bílasalan Bílfang
Malarhöfða 2, 110 Rvk.
Sími: 567 2000
www.bilfang.is

Til sölu Nissan 350z árg 05 ek.42.000km,sjálfsk, 310hö Kn kitt,sumar og vetradekk, áhv kr.3060. verð kr.3.700.000. Leður, Xenon.

Litla bílasalan
Eirhöfða 11, 112 Rvk.
Sími: 587 7777
www.litla.is

SUBARU IMPREZA GL 4WD, árg. 5/1997, ek. 166 þ. km, 2.0L Sjálfskiptur, verð 430 þ. Nánari uppl á www.arnarbílar.is rn: 130044 S. 567 2700

Arnarbílar ehf
Gylfaflöt 5, 112 Reykjavík
Sími: 567 2700
www.arnarbilar.is

Bílar til sölu

Toyota Camry HYBRID 5,9L/100km Nýr frá 2600þús til leigubílstj., almennt v.3325þús. Highlander á Lexus RX400 grunni. 268 hö. 7,5L/100km! 2006 frá 3.790þús. Nýir/Nýlegir bílar frá USA/Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. Íslensk Ábyrgð. Bílalán. 30 ára traust fyrirtæki. Sími 552 2000 - www.islandus.com

2007 Dodge Caliber frá 1995þús, 7,4L/100km (fæst sem 4x4), Dodge Caravan frá 2.490þús! Nýir/Nýlegir bílar frá USA/Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. Íslensk Ábyrgð. Bílalán. 30 ára traust fyrirtæki. Sími 552 2000 - www.islandus.com

Toyota Corolla, árg 98, ek 110 þús, 1600cc. Verð 420 þús. Sigrún s. 896 2960.

Til Sölu BMW 730I '95 E38, Ek. 202 þús, Verð 900 þús. uppl í s. 868-5449

Toyota Land Cruser 100 árg. 2003 Disel. Bíllinn er í mjög góðu standi, 7 manna, leður, lúga, diselmiðstöð o.fl. Verð 4,8 staðgr. uppl, 893 6109.

Lincoln Mark LT árg 2007 ekinn 0 Einn með Öllu S:898-2811

BMW Compact Sport árg. 00, ek. 84 þús., ath skifti. 1150 þúsund, Uppl. í s. 849 6966.

GMC Sierra 1500 X-Cab- 4WD nýsk. '03 Sk. '08. Uppl. í s. 691 7979.
Uppl. í s. 691 7979.

VW Golf Variant 2,0 4x4 árg. '05. Ek. 45 þús. Uppl. í s. 865 8444.

VW Caravelle TDI diesel, árg.'04. Ek. 126 þús. Uppl. í s. 864 3223.

Toyota Corolla árg '99 ek, 140 þ. sk' 08, cd, fín bíll. Verð 490 þ. eða tilboð. Sími 616 6237.

Nissan X-Trail árg. '2002. Ek. 76 þ. Litur blár, og ljóst leður á sætum. Sóllúga. verð: Kr. 1.600.000. Uppl. í s. 844 2426.

Toyota Avensis St árg.'05. Ek. 30 þús. Þjónustubók, vetrar og sumardekk, krókur ofl. Verð 2.390 þús. Mjög gottl lán 2 millj. Uppl. í s. 893 2429 & 897 2681.

Opel Astra árg.'96 ek. 141 þ. Ssk. Verð 180 þ. Vetrardekk fylgja með. Uppl. í .s 893 9252.

Til sölu Musso '98 Dísel, túrbó, Ssk, sóllúga, rafmagn. Uppl. í s. 867 7148.

BMW 735IA, 270hö. '98, ek. 210 þ. ssk., steptro., CD+magasín, TV, álfelgur, buffaloleður, hleðslujafnari, spólvörn ofl. og ofl. Eyðsla 12L. V. 1650 þ. Góður stgr. afsl. Þjónust. Hjá B&L. Lítur mjög vel út. Engin skipti. S. 898 8576.

Til sölu Lexus IS 200. Ek. 134 þús. ásett 1380 áhv. 816 þús. Tilb. óskast. S. 840 7439 Þorgeir.

Toyota Corolla H/B 5 dyra. '95 , beinsk., ekinn aðeins 136 þús! Dökkblár, ný sumar/vetrardekk á felgum. Gott viðhald, mikið endurnýjaður. Verð 300 þús. Frábær skólabíll. Uppl. í síma 840 1735, Vignir.

Toyota Corolla (Luna) árg. '98. Mjög góðu ástandi. Ek. 122þ. Sumar- og vetrardekk fylgja með. V. 290þ. Uppl. í s. 895 5755

Volvo V50 T5 ek. 27 þús. Leður, sjálfskiptur. Áhv. 2,7 m. Ásett verð 3,5. m. Tilboð óskast, skoða skipti. S. 661 5223.

Til sölu Toyota Land Cruser árg.'97, ssk. 35" dekk. Verð 1800 þús. Ca 1400 þús áhv. Uppl. í s. 664 9715.

Til sölu Jeep Grand Cherokee '93 sk.'08 Nýjar legur í drifi og ný pústgrein. Verð 250 þús. S. 664 3393.

Suzuki Grand Vitara árg. 2000 ekinn 83 þús. km. Mjög vel með farinn. verð 1.100 þús. S: 899 2173

VW Polo árg. 2002 ekinn 60 þús. km Mjög vel með farinn dekurbíll. verð 830 þús. S: 864 4030

Opel Astra 1200. árg '00. Ekinn 138 þús. Frábær bíll. 6948523 Jóhann

Dogde Ram árg. '04. Ek. 55 þús. Uppl. í s. 895 5792.

Kjarakaup/lækkað verð

Grand Cherokee limited árg. 2005, ek. 28 þús. km Staðgreiðsluverð 3.690.000 kr. og Grand Cherokee limited árg. 2006, ek. 38 þús. km. Staðgreiðsluverð 3.990.000 kr.Tveir með öllu, toppeintök og klárir í ferðalagið. Uppl. í símum 693 5151 og 694 7720

Impreza WRX Turbo 2002 Ek 50 Þ Km Mikið breittur undir húddi verð: 1,950þ. Enginn skifti. Sími 6931807

Must sell '94 Toyota Corolla, 170k, 70.000 kr. Call 692 9937.

Einn með öllu

Skoda Roomster árg. 01/07. Ek. 4500 km. Cruse controle, air condine, hiti í frams. er á álf. vetrardekk fylgja á felgum. Verð 1700 þ. Áhvílandi 670 þ. Til sýnis á sölu Bílaþing Heklu. Kletthálsi.

Til sölu Cerokee '94 og Dogde Van '94. Tilboð óskast. Uppl. í s. 863 7645.

Lada Sport nýskráður júlí '07. Ek. 400 km, vökvastýri, álfelgur, dráttarbeysli, Uppl. í s. 849 5948.

Nissan Patrol, Elegance „38, 01/99, leður, lúga, nýleg dekk. Ekinn 225 þ.km. verð 1.990.000. Allt að 100% lán. uppl. í s. 897 2444

Toyota Corolla Verso, 1,8 Vvti, 01/04, 45 þ.km. CD rafmagn í rúðum. Verð 1.490.000 Allt að 100% lán. Uppl. í s. 897 2444

Opel Astra STW, 91þ.km. 11/01, 5 gíra, krókur, fæst á allt að 100% láni á aðeins 600 þ.kr. uppl í síma 897 2444

Lexus RX 300, 5/03, 76 þ. km. leður, lúga, CD magasín ofl. Verð 3.590.000 Uppl. í s. 897 2444

Mikið endurnýj. Nýskoð.og nýsmurð. Áhvíl.310þús. V. 380þús Aðeins 14þús á mánuði. S: 863-1003

Focus tilboð 1200.000 þús ásett verð 1550.000 árg 2005 ekin 65.000þ beinsk uppl í 8943334

Ford focus tilboð 520.000 árg 2000 ekinn 94 þús beinsk uppl í 8943334

Toyota Corolla árg. '98 í toppstandi. V/S dekk. V. 340þ. Uppl. í s. 660 0417

Toyota Avensis árg.1999 ek.135þ. 5g. ný sk. ásett verð 590þ.uppl. í s. 6648363

Mazda 2. Árg. '07. Ek. 4þ. 1,6L. Bsk. Uppl. í s. 699 4687 & 895 1327

Tilboð óskast í Renault Master 17 sæta rúta árg.'01. með ónýta vél, að öðruleiti í toppstandi. S. 898 5142.

Til sölu Toyota Corolla '05 sportútgáfa, ek. 28 þús. Verð 1.800 þús. S. 868 7003.

Renult laguna '96. Mikið nýtt. Bremsur, alternartor, rafgeymir ofl. 150 þ. 659 4624.

Grand Cherokee Laredo árg.'06. Ek. 40 þús. km. Leður, blár, mjög fallegur og vel með farinn bíll. Tilboð 2.990 Uppl. í s. 899 0309.

Pajero Sport árg.'00 ek.120 þ. Verð 1400 þús. Uppl. í s. 849 8782.

Tilboð óskast í Renault Megane árg. '98, skemmdan eftir árekstur. Uppl í s. 847 0670.

Toyota Corolla árg.'98. Ek. 124 þús. Mjög góður bíll. Uppl. í s. 692 9597 Steini.

Nissan Terrano'95 ekinn 222þús.sk.08 í toppstandi. Verð 275þús. Uppl. s.861-5832

Til sölu Renault RN, árg 95 ek 184 þús. Tjónlaus, nýbúið að skipta um stýrisenda, spindla og öxulhosur. Bíll í góðu lagi. Skoðaður 08 í júní. Fæst fyrir 120.000 kr. Vinsamlegast hafið samband við Guðmund í síma 840 8010

Kia Clarus ný sk.'03 ek. 70 þús. Verð 400 þús. Uppl. í s. 867 6520.

Mjög sparneytinn

Toyota Avens Staison árg.'00. Ek. 140 þús. Verð 680 þús. Bílalán. 695 0443.

Tilboð. Hvít Opel Corsa. Í frábæru standi. Árg.'98. sk.'08. Uppl. í. s. 587 8614 & 848 2864.

Opel Astra Zedan '00 og Vectra '99 ek. 68 þ. ssk. 1,6. V. 360 þ. S. 693 2991.

WRX árg. '05 ek. 43 þús. Breyttur, vélarlaus, slátur fylgir. Áhv. ca. 1840þ, fæst á yfirtöku á láni. Uppl. í s. 860 7073.

Daewoo Matiz árg.'00. Ek. 78 þús. Beinsk. Verð 340 þús. Uppl. í s. 697 3297.

Nissan Almera árg.'00 Ek. 103 þús. Sk.'08. Grár, vel með farinn. Uppl. í s. 823 6612.

Opel Astra station árg '97 ssk. Einn eigandi, fjarstart, sk'08. Tilboð óskast. S. 844 0051.

Honda Civic '98 silfurlitaður, ssk., Ek. 102 þ. Sk. '08. Heilsársdekk, ný tímareim, nýtt pústkerfi, cd, mp3 spilari. Verð 500 þús. Uppl. í s. 695 6913 milli kl. 11- 18 á sunnudag.

Nissan Micra'97 sk.'08, 3ja dyra. Ek. 150 þús, fjólublá. Verð 95 þ. Peugot 206 '99 sk.'08. 3ja dyra. Ek. 135 þ. Blár, filmur, nýjir afturdemparar og tímareim. Verð 195 þ. Dogde Stratus '98 sk.'08 Ek. 90 þ. km. Dökkvínrauður. Sj.sk. Nýir afturdemparar ný tímareim góður bíll kr 345 þ. S. 840 2200.

VW polo árg. 98 ek.83.000 Ný tímareim og fleira. Verð. 280 þús. S:869-6442

Toyota Corolla árg.'03 ek. 100 þús. Skoðaður '08. Nagladekk fylgja. Fæst gegn 80 þús út og yfirtöku á láni. Áhvíl. 750 þús. 17 þús. á mán. uppl. í síma. 893 7141.

0-250 þús.

HiLux '94 bensín. Nýleg tímakeðja, kúpling og hemlar. ekinn 153 þús. Ný skoðaður. Verð 250.þús. S.6611710

Toyota Corolla. 1.6 Árg 97. Keyrð 143000. Beinskipt. Reyklaus. Verð 270.000 Uppl í síma 8699085

Daewoo Nubira árg. 1999 ek. 118þús. Dráttarkúla, tilboð 200Þ. s.8918514

Ódýr bíll. Polo '95 Ek. 159þ. Nýtt frambr. eftir árekstur. V. 60þ. Uppl. 6610641

Renault Megane 1.6 árg.09/98. Bsk, ek. 135 þ. Ný sko, ný tímareim, ný heddp, álf, cd. Sk. mögul. á mjög ód. bíl. V. 240 þ. S. 693 0093.

Renault Megane 1.6 árg.09/98. Bsk, ek. 135 þ. Ný sko, ný tímareim, ný heddp, álf, cd. Sk. mögul. á mjög ód. bíl. V. 240 þ. S. 693 0093.

Suzuki Vitara 96. 5d. nýuppt. gírkassi. ný bremsur framan, vants-kassi, -dæla, frábær í snjó og hálku. v. 160stg, s. 6625029

Til sölu hyundai accent'95. Ek 105 þús. Sk.08 verð-40þúsund. S 663-9736

VW Vento '97 sjálfsk, vetradekk , sk. 08. Fínn bíll. MP3 spilari og fjarstart, fjarst. saml. Verð 200 þ. S. 6699711

VW vento 1.6. 1996. sk 08. ek. 150 þ. km. Rauður. bsk. Verð 220 þús S: 823-9328

Til sölu Ford Fíesta 1250, '98, ekinn 128 þús., beinskiptur, 3ja dyra, hvítur. Mjög góður. Verðh. 250 þús.. S. 566-8786

VAG 1.8T 20v mótor, árg. '04, ek. 50 þ. km, kr. 110 þ. M/túrbínu ofl. S. 662 8888.

Bíll sem fer alltaf í gang. Opel Astra '96. Ek. 65þ. Uppl. í s. 867 8959.

Honda Civic '95 árgerð 1400 vél. Tilboð óskast. Uppl. í s. 616 9194.

Blazer S10 4x4 árg.'89 2d, ssk, sk.'08 negld d. V. 140 þ. Uppl. í s. 825 3139.

Suzuki Baleno '98 : 4x4, dráttarkúla, rafmagn í öllu, samlæsing, þjóav., Kenwood cd, ek.120 þús. Sko.'08. Lítur mjög vel út. Verð 250 þús. Sími 863 6346.

Tilboð 250 þúsund

til sölu Toyota Carina E stasion árg.'94. 2.0, ssk. Sk.'08. Einn eigandi. Fallegur bíll í toppstandi. Uppl. í s. 899 4275.

Nissan Primera. ssk. sk'08. Þarfnast smá aðhlynningar. Árg.'92. Selst mjög ódýrt. uppl. í s. 863 8087

Til sölu Honda Civic 1,4 árg '98, ek 130. þús skoðaður '08, cd ,magnari, þjófavörn, spoiler, filmur og álfelgur, v. 250 þ. Uppl í s. 847 3059.

Einstakur bíll Nissan Sunny ssk. Árg'94 ekinn aðeins 33 þ. aðeins einn eigandi skoðaður í toppstandi. Vel dekkjaður með auka nelgdum dekkjum á felgum. V. 250 þ. Uppl. í s. 896 0608

250-499 þús.

VW Golf 1,6,árg. 2000, ek.97 þús. Tilboð stgr. 490 þús. S. 865 6575.

Ford Crown Victoria 1993 ek.210þ Frábær bíll, vel við haldið. Nánari uppl. 690-3673 490þ stgr.

Skoda Octavia '99. Ek 75 þús. Ný skoðaður, nýl. kúpling sumar/vetrard. Gott eintak. Tilb. 400 þús stgr. Engin skipti. Uppl. í s:8203032

VW Polo 1400. Árg '99. Ek. 104þ. Bsk. Sk. '08. V. 380þ. Uppl. í s. 824 7227 & 567 2727

Nissan Almera 1600cc, Árg. '98, Ek 105 þ. Sk. '08, Krókur, CD, Verð aðeins 290 þ. stgr. S. 862 3606.

Toyota Rav4 1996. Sjálfskiptur. 5 dyra. toppbogar. Toppviðhald. V=490. S:8472544

VW Golf station 1.6, árg 1999, ek 144 þús. Ásett 380 þús kr. Uppl í 8681366.

MMC Lanser 1300 árg.'98. Ek 160 þús. Álfelgur, cd, magnari, 2 aukagangar af dekkjum. S. 840 9234.

Hyundai Accent árg.'98, ek. aðeins 26 þ. Ssk, einn eig.,sk.'08, sumar og vetradekk, ásett verð 260 þ. S. 554 0768.

Tilboð 450 þús. Subaru Impreza AWD árg. 2000 ekinn 115 þ. Í góðu standi, ný sumar og vetrardekk. S. 864 1534.

Renault Megane Coupe 2.0 16v, árg. '99, ek. 120 þ. Kr. 499 þ. stgr. S. 662 8888.

VW Passat

VW Passat Station '99 Passat ek. 150 þús. Staðgreiðlutilboð 340 þús. Uppl. í s. 663 4246.

Toyota Corolla

Toyota Corolla '99 ek. 118 þús. 5 dyra, verð aðeins 390 þús. Uppl. í s. 698 7040.

Til sölu Toyota Hilux SR5 árg.'93 ekinn 210þ. 33"dekk. Uppl. í síma 867 6639

500-999 þús.

Honda CRV árg'98. Ek. 127 þús. Topplúga, ssk., þjóavarnark. Verð 690 þ. Stg. Uppl. í s. 895 7477.

Toyota Corolla '99 ek.116.000 km. ný nagladekk fylgja VERÐ: 550.000 kr.s8486702

Tilboð óskast!

Skoda Octavia Ambiante árg. 2001, ekinn 112 þús. Ný tímareim. Bíll í góðu standi. Ásett verð 750 þús. Tilboð óskast. Engin skipti! Uppl. í s. 821 4625, Sveinn.

Toyota Yaris Sol 1300, árg. '03, 5 gíra, 5 dyra, ek. 49 þús. Vel með farinn. Verð 990 þús. S. 690 7853.

VW POLO Basicline, árg"04, ek.55þús, bsk. Sumar og Vetradekk, Lán getur fylgt er 18þús á mán. Verð 890þús. S:6601908

Skoda Octavia 4x4 árg. '02 ek. 95 þ. ásett 1.150 þ. tilboð 850 þ. Uppl. í s. 661 1140.

YARIS 2001, EK 123 ÞÚS. BSK. 08 SKOÐUN. 1,0 VÉL. 550 STGR UPPL Í SÍMA 869-3073.

Vel búinn VW polo f.skr 10.02 ek. 65 lán 660 afb.12.000 V. 850.000 s. 891 7958

Ford Focus '00 Ekinn 127þús. Vel með farinn og góður fjölskyldubíll. Verð 670 þús. Uppl í s. 896 3950.

Útsala útsala

VW Golf '01. Ek. 85 þús. Listaverð 690. Tilb. 499 þús. Uppl. í s. 564 4432 & 861 8932.

Nissan Terrano II árg 1996, ekinn 188 þúsund. Fallegur bíll. Einn eigandi. Verð 590 þúsund. Sími 696 6660.

Volswagen Golf comfortline 1600 árg. '99, ek 134 þús. Reglulegt yfirlit, nýsk. áhv 309 þús. uppl í s. 662 4577

Til sölu Nissan Almera árg '03 1.8 bsk. Fæst gegn yfirtöku á láni sem er 1 milljón uppl. í síma 8653229

Til sölu vegna flutnings erlendis, er 2005 árgerðin af Toyota Avensis station, steingrár með sjálfskipt. Verð 950. þús. Upplýs. í síma 8256109 eftir kl. 15 á laugardag. Hannes

1-2 milljónir

Chrysler town-country-limited 7 manna árg. 2002. kr:1.980.000.- s:862-4659 Eva

Subaru Legacy, árg. 03, ek. 60þ, sk. 08, v. 1.290þ eða tilboð, s. 663-2282

Camaro Z28 árg. '96 ek. 64 þ. m. Flækjur, borla o.fl., ný uppt.skipting. Tilboð óskast í s. 694 4887.

Toyota Avensis 04 bsk, ek 37þús. s/v dekk. 1850þús. s.6901330

Sjálfskipt Toyota Corolla '03 5 dyra ek. 74 þús. Áhv. 930 þú. 15 þ. á mán. Verð 1.410 þús. Uppl. í s. 693 5053.

Trans am ram air ws6 96 ekinn 51þús mílur, mjög vel með farinn, uppl. 6640302

Til sölu er Subaru Legasy Outback 2000 árgerð. Ekinn 140.000, vel með farinn og fallegur bíll. Verð 1.200.000. S. 897 9740.

Toyota Rav4 Auðveld

Árg. 2003, 5 gíra, 3 dyra, grár og flottur. Ekinn 62 þ. Verð 1650 þ. Áhv. 1350 þ. Afb. einungis 21 þ. á mánuði. 10 mánuðir eftir af framlengdri verksmiðjuábyrgð frá Toyota. Sími 862 0000.

100% Lán. Til sölu Ford Focus Station „03 ekinn 57þ.beinsk.Fæst á yfirtöku á láni ca:21þ. á mánuði. uppl í síma 8499020 Steini

Grafa til sölu Hydrema 906 árgerð 1991 9000 klst lítur vel út í góðu lagi verð með 1.750.000.- +vsk uppl.í síma.8973150

TIL SÖLU

2 milljónir +

Lancer Evolution VIII. Svartur, keyrður 19þús mílur, þar af helmingur í langkeyrslu. Invidia N1 cat-back og lækkaður með tanabe gormum. Evo 7 afturljós. Nánast ný sumar og vetrardekk. Þetta er alvöru bíll fyrir þá sem hafa gaman af að keyra og hann elskar veturinn líka. Ásett 3.9, allar frekari upplýsingar í síma 866 6943.

Nissan Navara 2003 Sýningarbíll. Disel, beinsk. Ek 84 þús. 36"br, sk '08. Verð 2,8 m. S 6632938.

Toyota Avensis Wagon Sol árg.'06 ek.20. þús. sjálfskiptur dráttarbeisli, bakkskynjarar, loftkæling, reyklaus bíll, verð 2700.þús uppl. í S:820-5950

Lincoln Mark LT árg.'06, ek. 32þús. km. Reyklaus, dráttarbeisli, lok á palli. Innfluttur af Brimborg. Verð 4300 þús. Uppl. í S:820-5950

Audi A6 3,2l, 2005, ek. 31þús, Gullmoli með öllum aukahlutum. Verð 5,290þús. Er í ábyrgð. Skipti möguleg dýr/ódýr. S: 869-5336

Til sölu Skoda Superb 1.8T árg '05 ek.40000 17" felgur spoiler sóllúga o.fl. verð 2.720þ. S:8960884

Subaru Legacy 2006 dökkblár,4x4, filmur,17" lowprofile. 2.0l 165hö. ssk, AC,cruise control ofl, Ek28þ. Áhv790þ. 23.mán. V2.290þ s:8486700 runar

Corvette C5 árg. 2001, ek. 37 þ. m. Glertoppur,18" krómfelgur. 350 hestöfl, 4.9 sek í 100. Ásett verð 4.990 þ, fæst á 3.590 þ stgr, ekkert áhvílandi. 6973379

Til sölu Toyota Avensis Station 2005 árg, ek.58.000,16"álf,ssk, verð. 2,3 áhv.1,6, engin skipti Sími: 821 3268

Bílar óskast

Chevrolet Cheynne 1500 86-90 model 2 dyra óskast til kaups á 0-50 þús. þarf að vera skráður. Uppl. í s. 899 1797.

Vel með farinn sprneytinn bíll óskast gegn 100 þús. Kr staðögreiðslu. Uppl. í s. 662 3914.

Óska eftir vel með förnum Austin Mini, nýjum eða gömlum. Bein kaup eða bíll uppí. Uppl. í s. 846 4477.

Bíll óskst til kaups á 150-300 þús., verður að vera snyrtilegur og vel með farinn. Staðgreiðsla og skjót kaup í boði fyrir réttan bíl. S: 8403349/8222808.

Vantar mjög ódýran bíl á númerum sem kemst frá A-B f. um 0-40 þús kr. s.846 1503

Jeppar

2006-2007 Jeep Grand Cherokee frá 2,590, Ford Explorer frá 2.690, Dodge Durango frá 2.690, Toyota Tacoma frá 1.990, Ford F150 frá 1.790, Nýir/Nýlegir bílar frá USA/Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. Íslensk Ábyrgð. Bílalán. 30 ára traust fyrirtæki. Sími 552 2000 - www.islandus.com

Isuzu Trooper árg 2000 3l D 35" ssk, 7manna. Ekinn 117Þ Ný dekk, geymar, tímareim, spíssar, glóðakerti. Sk 08 Verð 1450Þ Skoða skipti, ódýrari/dýrari. Uppl í síma 892 6387

Til sölu Ford F-150 Lariat 5,4. Árg. 07/'04. Ekinn 58 þús. Pallhús, leður, dráttk. Verð 3.150 þús. Uppl. í s. 894 6622.

Toyota LC90 2001 (common rail vél). 38" breyttur, bíll með öllu. Uppl. í s. 698 3468.

Landcruiser 120 2007 til sölu, LX, nýr ókeyrður sjálfskiptur, 35" breyting, filmur, verð 5,820þ uppl í s 894-4144, 697 7777 og 693 9925

Rangover árg. '97. Innfluttur '06. 2,5 diesel. Einn með öllu. V. 1850 þ. Uppl. í s. 664 8893.

Til sölu Jeep Cherokee Laredo 4.0l árg „88 ek.133þ.mílur. tilboð óskast S:8960884

Suzuki SX4 1,6. árg.'06. Ek.10 þ.km. Verð 1890 þús. vetrar.d fylgja. s. 8488194

Land Rover árg.'76. Nissan Terrano árg'96. Uppl. í s. 662 8675 & 868 1195. Og á sama stað til sölu fjaðrir, startari, vél gírkassi ofl. í Land Rover.

Chrysler Sirrus '95. Ek. 152 þ. m. Leður, rafmagn o.fl. Slétt skipti á Grand cherokee, Hilux, 4Runner. Má þarnast viðgerðar en riðhaugur kemur ekki til greina. S. 662 2516.

Til sölu Subaru Impresa LX 4wd. árg. 96 ek. 102þ skoðaður 08. verð 230 þús. - tilboð . Engin skipti sími 662-1075

MMC Outlander 06',ek 14.600, silfurgrár, ssk-eins og nýr. V.2.670.000. S:896-2068

Toyota Yaris '01, ek 102 þús.Grár. Til sölu, verð 400 þús. Uppl.í s 8661747

Fornbílar

Opel Cadett sport 1900. Ssk. ek. 98 þús. Sko.'08. Í topp standi. Ásett verð 480 þús. Uppl. í s. 897 6537.

Pallbílar

Ford F150 frá 1.750þús! Toyota Tacoma frá 1990þús. Ford 350/Dodge RAM 3500 4x4 dísel án hraðatakmarkara. Nýir/Nýlegir bílar frá USA/Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. Íslensk Ábyrgð. Bílalán. 30 ára traust fyrirtæki. Sími 552 2000 - www.islandus.com

Ford F 350 King Range m. öllu árg. '05 ek. 50 þ. Lok á palli. Vél 6,0 L dísel. Vel með farinn í toppstandi. Verð 3.500 þ. Ath. skipti. Uppl. í s. 893 7040 & 554 6581.

Sendibílar

MMC Bens 817 1993 ek. 405þ sk.08 upptekinn vél góður kassi með kæli og lyftu bíll í topplægi lítur vel út upp.8973150

Hópferðabílar

BENS 409 D árg '86. Verð: 120.000, 16 farþ. Skoðaður '07. Góður kostur sem vinnuskúr og sendiferðabíll fyrir húsbyggjendur. Húsbílaefni. Uppl. í síma 692 6123.

Til sölu M.Benz Joncer 69 farþ. 1638 ek. 580 þ. Öryggisbelti, DVD, Sjónvarp og fl. vinna getur fylgt. uppl. www.allrahanda.is, bílar til sölu og í síma 660 1305 & 660 1303

Til sölu M-Benz 616 árg '05, ekinn 260 þ.km, 22 sæti, Dvd,Tv, og fl. uppl. á www.ruta.is, bílar til sölu og í síma 660 1303 & 660 1305

M Benz 815 árg.'01. Ek. 128 þús. 22 sæti. Uppl. í s. 544 8866 & 894 5056.

Hljóðkerfi fyrir Hópferðabíla til sölu. Aldrei verið notað. Sími 862 9787.

Húsbílar

Fiat SEA árg 2004 disel ekinn 15000 upplysingar í síma 898 9103.

Fiat Ducato 2,5 túrbó dísel. Árg. '94 Ek. 135þ. Háþekja en með rúmi aftur í sem hægt er að breyta í U sófa og borð. V. 2.5mil. Uppl. e. kl 19 í s. 864 1823.

Húsbílar til leigu.
caravan.is Upplýsingar í s. 899 4161 & 822 1920

Mótorhjól

Xing ling hippa hjól árg '07 til sölu. Tilboð óskast. Uppl. í s. 849 0917.

Útsala útsala útsala
Vespur til sölu meðan birgðir endast og ótrúlegt verð aðeins 99.900 og krakkahjólin 90 cc nú aðeins 79.900 þús. 6 hjól eftir. Eigum svo eftir 4 stk. 200 cc enduro hjól á frábæru verði aðeins 159 900 og þau seljast fljótt Uppl. í s. 895 7272 & www.endurohjol.com

Honda FMX 650 árg.'07. Ek. 1500 km. Skemmtileg sporthjól. Verð 750 þ. Uppl. í s. 897 6537.

Suzuki gsxr600 „06. ek:5600km. fullt af aukahlutum, power commander, púst, sía og fleira. verð: 1.230 þús. S: 8978282

Honda CRF250R Árg 2007. Glæsilegt og lítið notað hjól frá Bernhard með aukahlutum. Verð aðeins 690þ S. 862 3606.

Honda CR 125cc 07' Áhvílandi 480,11á mán,100 út og yfirtaka, Brynjar s.8677200

Yamaha YIZ250 4 gengis, árg.'05, nýskráð '05/11. Ný yfirfarið í toppstandi. V. 500þ. Einnig lítið notaður motorkross galli. Uppl. í s. 824 6644.

Kawasaki Wulfkan Limited 2000. Árg. '05 ek. 2400 mílur. Uppl. í s. 861 4037.

Til sölu Yamaha FJR 1300A. Árg '05. Ek 6 þ. Uppl. í s. 896 1016.

Til sölu GAS GAS 300. Árg '05. Ek. 1260 km. Vel með farið. V. 590þ staðgr. S. 862 5499

CBR 1000 RR 2007. Svart, Umboð. Ek 180km. Hægt að fá lán á hjólið. S. 660 1221.

Til Sölu Yamaha XT660R árg 05 ek. 9300 km. gott hjól fyrir allar aðstæður, ekkert lán, enginn skipti. verð 600 þús. Uppl í s. 895 2524

TIL SÖLU

TIL SÖLU

hús&heimili

LAUGARDAGUR 25. ÁGÚST 2007

● ARKITEKT

Meistarinn frá Írak

● HÖNNUN

Stóll á mann á Akureyri

● INNLIT

Horft út á hafið

FRÉTTABLAÐIÐ

GARMIN GPS hlaupatæki - góður hlaupafélagi !

www.rs.is

Forerunner 305 sameinar útlit og virkni og hentar jafnt fyrir byrjendur sem og atvinnumenn. Tækið fylgist stöðugt með púls, hraða, vegalengd og brennslu, og hefur innbyggðan hlaupafélaga og þjálfara sem hvetja þig áfram. Tækið ferlar leiðina með GPS móttakaranum sem þú getur svo skoðað og haldið utanum í tölvunni þinni.

R. SIGMUNDSSON

www.hlaup.is

ÁNANAUSTUM 1 | 101 REYKJAVÍK | SÍMI 520 0000

barnaherbergið

● **BÓKASTOÐ**
er nauðsynleg í hillurnar í barnaherberginu þar sem mikið er af bókum. Barnabækur eru nefnilega af öllum stærðum og gerðum og erfitt að halda þeim á sínum stað í hillunni.

Þessi fallega bókastoð fæst í Hnokkum og hnátum á Skólavörðustíg og hægt er að fá snaga í stíl. Bókastoðin kostar 1.490 kr.

endurvinnsla

● **INUKU-STÓLLINN**
eftir Ryan Frank er unninn úr endurunnum plastpokum og endurunnu áli og er hannaður undir áhrifum frá afríkskri menningu. Hönnuðurinn Ryan Frank í London er einn þeirra sem taka verndun jarðarinnar alvarlega og reyna að endurnýta hluti í hönnun sinni. Mjög mikið er um að ungir hönnuðir eins og Ryan notist við endurvinnslu í hönnun sinni, enda hefur umræðan um umhverfismál sjaldan verið meira áberandi.

● **Forsíðumynd:** Valgarður Gíslason tók þessa mynd á heimili Úlfars Eysteinssonar matreiðslumanns . **Útgáfufélag:** 365 - prentmiðlar, Skaftahlíð 25, 105 Reykjavík, sími: 550-5000 **Ritstjórar:** Kristín Eva Þórhallsdóttir kristineva@frettabladid.is og Sólveig Gísladóttir solveig@frettabladid.is. **Auglýsingar:** Ámundi Ámundason og Ásta Bjartmarsdóttir s. 5175724 **Útlitshönnuður:** Kristín Agnarsdóttir kristina@frettabladid.is.

Hinar vinsælu dönsku bókahillur komnar aftur

Tekk - Kirsuberja - Hlynur

Hringið og biðjið um mynda- og verðlista

HEIMILISPRÝÐI
HÚSGAGNAVERSLUN V/HALLARMÚLA - 108 REYKJAVÍK
SÍMI 553 8177 & 553-1400

María Pétursdóttir hefur yndi af því að safna að sér gömlum furuhúsgögnum og gera þau upp, en svo virðist sem þessi áhugi sé henni í blóð borinn. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Smíðagaldur Maríu Péturs

●Hún á ættir sínar að rekja til vestfirskra handverksmanna sem gerðu smíðagaldra úr gamalli furu. Ásamt móður sinni safnar hún að sér gömlum furuhúsgögnum, afsýrir og pússar upp, en þess utan rekur María verslunina Ranimosk á Laugavegi þar sem gamaldags og húmoríska hlutir ráða ríkjum.

„Langömmubróðir minn, Bjarni Pálmason úr Skálavík, á að hafa smíðað þennan skáp ásamt fleiri húsgögnum," segir María Pétursdóttir kaup og smíðaáhugakona um þennan forláta, fallega furuskáp sem hún notar undir kjólana sína og annað fínerí.

María hefur sérstakt yndi af gömlum furuhúsgögnum og segist deila þeim áhuga með móður sinni.

„Við höfum verið að sanka að okkur skápum og kommóðum hér og þar, jafnvel gömlum hurðum til að afsýra og gera upp. Svo dílum við um þetta fram og aftur. Ég kannski finn einhvern skáp og spyr hvort hún vilji taka hann eða hvort ég eigi að gera það og svo framvegis," segir María og bætir við að með þessu byggi þær smátt og smátt upp erfðagripasafn sem nýtist afkomendunum.

„Þó að við smíðum kannski ekki húsgögnin sjálfar þá setjum við engu að síður mark okkar á þau með því að gera þau upp," segir María sem gerðist þó eitt sinn svo fræg að smíða borð þar sem hún tók grunndeildina í trésmíðanámi Iðnskóla Reykjavíkur.

„Það var ákveðið skylduverkefni að smíða taflborð en ég fór í uppreisn og smíðaði mitt með lúdói á annarri hlið í stað þess að gera myllu. Þetta forláta lúdóborð er svo orðið „erfðagripur" í herbergi sonar míns í dag," segir hún og hlær.

Hlutir með sögu höfða meira til Maríu en aðrir og það má glöggt sjá í verslun hennar, þar sem hver hluturinn er öðrum sérstakari. „Ég er mikill dótasafnari enda finn ég oftar fyrir meiri sál í gömlum hlutum en í Ikea-plastinu. Mér finnst líka skemmtilegt að framleiða og endurhanna gamla hluti og þannig hef ég búið til margs konar minnisbækur úr gömlum bókakápum, áróðursplaköt, ísskápasegla og annað skemmtilegt. Oft er líka ákveðinn húmor í liðnum áratugum sem flestir hafa gaman af og því verður þetta bæði fallegt og fyndið í senn," segir þessi handverkskona að lokum.

margret@frettabladid.is

TEMPUR

Sumartilboð

Nú er rétti tíminn fyrir nýtt rúm

Tempur heilsurúm, stillanleg rúm og heilsukoddar á sumartilboði

Dýpsta slökun og svefn sem völ er á frá Tempur

Þar sem Tempur dýnan aðlagast líkamanum dreifir hún þyngdinni og dregur þar með úr þrýstingi á viðkvæma staði svo sem axlir, mjaðmir, hné og ökkla. Jafnframt styður hún undir og fyllir upp í „holrúmin" sem gjarnan skortir stuðning svo sem mjóbak, háls og hnésbætur.

Tempur dýnan minnkar stórlega þörfina fyrir að bylta sér og snúa í svefni. Rannsóknir sýna að fólk sem sefur á Tempur heilsudýnu byltir sér í svefni að meðaltali 18 sinnum á nóttu, en á öðrum dýnum 80-100 sinnum. Þessi mikli munur felst í því að enginn þrýstingur myndast á líkamshlutum, s.s. mjöðmum, öxlum og höndum.

Yfir 30.000 læknar, sjúkraþjálfarar og kírópraktorar um heim allan mæla með Tempur

Einstakir þrýstijöfnunareiginleikar Tempur heilsudýnunnar og kodda koma best í ljós við notkun skurðarborða sjúkrahúsa um allan heim. Í aðgerð myndast þrýstipunktar á líkamanum sem hafa valdið fólki miklum sársauka. Til að koma í veg fyrir þetta hafa sjúkrahús um allan heim sett Tempur á skurðarborð sín. Til dæmis Landspítali Háskóla-sjúkrahús í Fossvogi og við Hringbraut.

Betra BAK

Reykjavík	Ísafirði	Akureyri
Faxafeni 5	Skeiði 1	Tryggvabraut 24
Sími 588 8477	Sími 456 4566	Sími 462 1410

betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is

Opið virka daga frá kl. 10-18 • Laugardaga frá kl. 11-16

GLÓFAXI HF.
ÁRMÚLA 42 - SÍMI 553 4236

BÍLSKÚRS OG IÐNAÐARHURÐIR
• Hurðir til á lager • Smíðað eftir máli
• Eldvarnarhurðir • Öryggishurðir

VERANDAR HITARAR
VERÐ 9.990
Hitar þig en ekki loftið
Nýtir vel rafmagnið

ís-húsið
Smiðjuvegi 70 - 200 Kópavogur
S: 566 6000 - www.ishusid.is

SJÁLFLÍMANDI HNÍFAPARASKORÐUR

Hjálpa þér að halda öllu í skorðum í skúffum.Einning sjálflímandi filt til að klæða skúffur og filt með verjandi efni svo ekki falli á silfur og silfurplett.Við eigum líka fægilög,fægiklúta og ídýfulög til að hreinsa.
SENDUM Í PÓSTKRÖFU.

Gullkistan - Frakkastíg 10 - Sími: 551-3160.

www.harvorur.blogspot.com

Ný netverslun
30 - 45 % lægra verð alltaf!

www.harvorur.blogspot.com
Frí heimkeyrsla á höfuðborgarsvæðinu sé verslað fyrir 5000 kr eða meira.
Sendum einnig í póstkröfu
harvorur@gmail.com

Jastrid sinnir blómunum sínum vel. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Allt í blóma í blokkinni

● Víða erlendis þar sem fólk býr í fjölbýlishúsum og hefur ekki aðgang að garði má sjá mikið blómahaf á svölum hárra húsa. Hér á Íslandi hefur þetta ekki verið eins algengt en þó má finna að minnsta kostir einar svalir á blokk í Breiðholtinu þar sem allt er í blóma.

Jastrid Andersen býr í blokk í Breiðholtinu og hefur komið fyrir fjölda litríkra blóma á svölunum hjá sér sem vakið hafa athygli þeirra sem framhjá fara. Hún segist hreinlega ekki geta lifað öðruvísi en með blómin í kringum sig. „Ég flutti hingað í blokkina fyrir um þremur árum síðan en þar áður bjó ég í raðhúsi í þrjátíu ár þar sem var alveg æðislega fallegur garður. Þess vegna fylgir þetta manni og ég vil hafa þetta svona," segir Jastrid og hlær.

Jastrid segist hafa mjög gaman af blómunum. Hún segist þó ekki rækta þau upp sjálf heldur kaupa þau og sinna þeim síðan eftir bestu getu. „Ég vökva blómin og tala við þau og hugsa vel um þau svo þau þrífast mjög vel," segir hún og hlær.

Blómin hennar Jastridar eru líka virkilega falleg og lífga svo sannarlega upp á svalirnar og blokkina. „Ég er á því að ef maður vill hafa fallegt í kringum sig skuli maður líka hafa blóm, það er alveg nauðsynlegt," segir Jastrid.

emilia@frettabladid.is

Eftir að hafa átt fallegan garð fannst Jastrid ómögulegt annað en að halda áfram að vera með falleg blóm.

Notalegt er um að litast á svölunum.

● **FRAMANDI BLÓM**

Gróður og framandi blóm koma upp í hugann þegar litið er á Moore-stólinn eftir Philippe Starck sem hann hannaði fyrir fyrirtækið Driade. Stóllinn getur snúist og er skemmtileg blanda af kassalagaðri og mjúkri áferð og er því bæði karlmannleg og kvenleg.

Veldu möguleika

Innréttingar í öll herbergi heimilisins.

Fagleg ráðgjöf og glæsilegur sýningarsalur.

Opið virka daga
9-18 og laugardaga 11-15

JKE DESIGN

Óteljandi möguleikar

Mörkinni 1 108 Reykjavík
sími 515 0700 www.jke-design.is

Uppi er „púkaloft“ eins og Úlfar kallar það. „Ef ég hefði opið upp í þakbitana þyrfti ég að setja upp viftu þar til að blása hitanum niður,“ útskýrir hann.

Horft út á hafið

Í andrúmslofti listaverka, sjávar og steypuryks býr Úlfar Eysteinsson matreiðslumeistari á hinu umdeilda Kársnesi. Hann fylgist með umferð skipa og báta og bregður sér jafnvel út á miðin þegar vel viðrar.

Við bryggjuna í Kópavogi vekur bygging með burstabæjarlagi athygli. Þar hafa listamenn og aðrir góðir borgarar komið sér fyrir með verkstæði á neðri hæð og íbúðir undir súð. Einn þeirra er Úlfar Eysteinsson, kokkurinn góðkunni á Þremur frökkum. Honum fannst ekki mikið mál að fá blaðamann og ljósmyndara í heimsókn. „Gefðu mér bara smá stund til að þurrka af. Ég hef ekki verið heima í viku og því er heimilið eins og sandkassi,“ segir hann í símann.

Þegar keyrt er niður á Kársnesið verða orð Úlfars skiljanleg, húsið stendur í rykmekki. Þar er nefnilega steypustöð við hliðina. Allt er þó orðið hreint og fágað hjá Úlfari þegar hann býður í bæinn og komnir gestir í kaffi. Þeir eru fljótir að kveðja og ætla greinilega ekki að lenda á mynd.

„Ég flutti hingað 2003 en hér var byrjað að byggja 1997. Ég er sá eini eftir af frumbyggjunum. Síðasti móhíkaninn,“ segir Úlfar brosandi. „Ég tími ekki að fara héðan, enda kann ég því vel að geta horft út á sjóinn og svo á ég líka trillu hér í höfninni sem ég leik mér á. Upphaflega var húsnæðið hugsað sem veiðarfærageymslur og verbúðir fyrir okkur sem vorum hér með báta en það var alltaf verið að nauða í mér um að opna hér kaffistofu. Þá vildi ég hafa flóttaleið og því komu svalirnar. Svo spurði ég hvort ég mætti ekki líka vera með lægri lofthæð niðri og meiri uppi. Jú, það var sjálfsagt. Nú er þetta samþykkt sem 120 fermetra íbúð í iðnaðarhúsnæði og niðri er ég með frystigeymslu fyrir veitingastaðinn.“

Heimilið er líkast safni því þeir veggir sem ekki eru hallandi eru þaktir málverkum og myndum. Þegar haft er orð á því kemur Úlfar með skýringu. „Ég lærði hjá Þorvaldi í Síld og fisk, einum mesta listunnanda sem uppi hefur verið. Þannig að segja má að ég hafi smitast.“

gun@frettabladid.is

Eldhúsið er snyrtilegt hjá kokknum.

Sjónvarpshornið. Meðal listaverka á veggjunum eru myndir eftir gömlu meistarana Finn Jónsson, Ásgrím Jónsson og Alfreð Flóka.

Í stofugluggakistunni stendur gamall hrafn og að sögn Úlfars setjast stundum lifandi kollegar hans á svalahandriðið að heilsa upp á hann.

Á ils.is getur þú:

- Gengið frá greiðslumati
- Sótt um íbúðalán
- Sótt um lengingu og styttingu á lánstíma

Önnur þjónusta á Netinu:

- Bráðamat
- Útreikningur greiðslubyrði
- Reiknivélar
- Upplýsingar frá ráðgjafa í Netsamtali

Láttu drauminn rætast – rafrænt

Greiðslumat

Þú getur sjálfur gert greiðslumat á netinu. Ef þú þarft á aðstoð að halda geturðu hringt í okkur, komið og fengið aðstoð hjá ráðgjöfum okkar eða haft samband á Netinu.

Sækja um lán

Þegar þú hefur fundið drauma-íbúðina sækir þú um lánið á **ils.is.** Fasteignasalinn aðstoðar þig síðan við að setja kauptilboðið rafrænt inn í umsóknina á Netinu.
Við svörum þér innan fjögurra daga.

www.ils.is
Borgartúni 21, 105 Reykjavík
Sími : 569 6900, Fax: 569 680 0

Íbúðalánasjóður fyrir alla

Íbúðalánasjóður

HJÓNABANDSSÆLA

Uppskrift frá Hússtjórnarskólanum:

200 g smjörlíki
170 g hafraframjöl
170 g hveiti
100 g sykur
1 tsk. natron

RABBARBARASULTA

Mjúkt smjörlíki er mulið saman við þurrefnin. Meirihlutanum af deiginu er þjappað í tertuform, því næst er sultunni smurt yfir og svo er restin af deignu notuð til að mylja yfir. Bakað á 200°c í 20 mínútur. Tæki og tól fást hjá Þorsteini Bergmann við Skólavörðustíg.

Hjónabandssæla

● Hjónabandssæla er einn þeirra meðlætisrétta sem við íslendingar teljum til þjóðlegra kosta og ef treglega gengur að auðga hið andlega samkomulag með slíkri sælu ætti sú sem gerð er úr hafraframjöli að vera einfaldari viðureignar – því hugsanlega gæti sú munngæla leitt til fleiri sælustunda heimavið. *margret@frettabladid.is*

1. Kanna 1.350 og sleifar 120 kr.

2. Bleik vog sem prýðir eldhúsið um leið. 1.580 kr.

3. Vel smurð kökuform 380 kr.

4. Sætur álbakki undir tilbehör og fleira 580 kr.

5. Skál sem rúmar þurrefnin 780 kr.

6. Svunta svo ekki slettist á húsmóður eða föður ef því er að skipta 1.280 kr.

Elipex
EINANGRUÐ PEX PLASTRÖR

Miklar breytingar hafa orðið við lagningu hitaveitna þar sem foreinangruð plaströr eru nú notuð í grennri lögnum í meiri mæli, í stað hefðbundinna hitaveituröra úr stáli. Röraverksmiðjan SET er eitt fárra fyrirtækja í heiminum sem framleiðir foreinangruð PEX rör í nýrri og tæknilega fullkominni framleiðslulínu.

SET

SET ehf. Röraverksmiðja • Eyravegur 41 • 800 Selfoss
Sími: 480 2700 • Fax: 482 2099 • Netfang: set@set.is • Vefsíða: http://www.set.is

Rómantískir kjólar á veggnum geta gefið herberginu nýjan svip.

Afrit af kjólum

Í allri veggfóðursflórunni standa veggfóður Deboruh Bowness upp úr. Hún hefur verið að hanna veggfóður í ein sjö ár og hefur á þeim tíma markað sér algera sérstöðu. Myndum af kjólum á veggjum, standlömpum og bókahillum er þrykkt í svarthvítu á pappír og svo handmálar Deborah hverja örk. Útkoman er skemmtileg og sérstök nútímaútfærsla á fortíðinni. Verk Deboruh er hægt að skoða á vefsíðunni www.deborah-bowness.com.

Bókahillur á veggfóðri eftir Deboruh Bowness.

Framtíðartækifæri fyrir iðnaðarmenn

Hvað gerir Fjarðaál að góðum vinnustað fyrir metnaðarfulla raf- og véliðnaðarmenn?

Fjölbreytt tækifæri á spennandi vinnustað

Í hátæknivæddu álveri Fjarðaáls starfar metnaðarfullur hópur tæknimenntaðra sérfræðinga. Takmark Fjarðaáls er að verða í fremstu röð á heimsvísu í meðferð og viðhaldi tækja. Allir starfsmenn fyrirtækisins taka þátt í að tryggja áreiðanleika tækjanna og viðhaldi er stýrt í samræmi við raunverulegt ástand þeirra. Iðnaðarmenn vinna í teymum og verkefnin eru fjölbreytt. Áhersla er lögð á frumkvæði og stöðugar endurbætur. Tækifæri til símenntunar og starfsþróunar eru óvíða fleiri.

Góð laun fyrir vaktavinnu eða dagvinnu

Í boði eru vakta- og dagvinnustörf fyrir raf- og véliðnaðarmenn. Góðir möguleikar eru á aukavinnu og viðbótartekjum fyrir þá sem þess óska.

Laun útlærðra iðnaðarmanna miðað við 15% árangursávinning	Vaktavinna	Dagvinna
	15 tólf tíma vaktir í mánuði	40 stunda vinnuvika
Heildarárslaun	5,4 milljónir kr.	3,6 milljónir kr.
Mánaðarlaun	450 þúsund kr.	303 þúsund kr.
Meðaltímakaup	2.500 kr.	1.700 kr.

Öryggi og velferð starfsmanna ávallt í fyrirrúmi

Allt vinnufyrirkomulag miðast við að koma alfarið í veg fyrir vinnutengd slys og óþægindi. Iðjuþjálfi leiðbeinir um rétta líkamsbeitingu og nuddari heimsækir vinnustaðinn tvisvar í viku. Starfsmenn Fjarðaáls hafa aðgang að öflugri velferðarþjónustu sem nær meðal annars til læknisþjónustu og ráðgjafar á ýmsum sviðum. Starfsmenn fá hollar og góðar máltíðir í glæsilegu mötuneyti. Fjarðaál greiðir hverjum starfsmanni 12.000 kr. líkamsræktarstyrk árlega og leigir íþróttatíma í Fjarðabyggðarhöllinni. Boðið er upp á rútuferðir frá Reyðarfirði, Eskifirði, Norðfirði, Fáskrúðsfirði, Stöðvarfirði og Egilsstöðum. Fyrirtækið útvegar og þvær allan vinnufatnað starfsmönnum að kostnaðarlausu.

Kostnaðarlaus og auðveldur flutningur inn á svæðið

Þurfi starfsmaður að flytja inn á svæðið úr meira en 100 km fjarlægð frá vinnustaðnum greiðir Fjarðaál kostnað við kaup og sölu fasteigna, svo sem sölulaun, lántökugjald og stimpilgjöld. Fyrirtækið sér um að pakka búslóð, flytja hana og koma fyrir á nýju heimili. Með fyrsta launaseðlinum fær starfsmaður 200.000 kr. greiðslu til að koma sér fyrir á svæðinu. Fyrirtækið aðstoðar einnig nýja íbúa á svæðinu við að leigja húsnæði. Starfsmenn fá flugmiða með Flugfélagi Íslands á hagstæðum kjörum.

ÍSLENSKA SIA.IS ALC 38801 08.2007

capacent RÁÐNINGAR

Ef þú hefur áhuga á þessu tækifæri ættir þú hiklaust að hafa samband við Sigurlaugu Þorsteinsdóttur hjá Capacent, í síma 540 71000 eða á netfangið sigurlaug.thorsteinsdottir@capacent.is eða skrá umsókn þína á www.capacent.is og haft verður samband við þig.

www.alcoa.is

Alcoa Fjarðaál

ALCOA

Stóll á mann

Samsýningin Stóll á mann var opnuð í DaLí Gallery á Akureyri á fimmtudagskvöldið. Á sýningunni gefur að líta 31 útfærslu á sama stólnum.

Halla Helgadóttir, grafískur hönnuður

Birgir Ómarsson, grafískur hönnuður

„Stólasafnið varð til þegar við Sigrún Sigvaldadóttir ætluðum að opna súpuhús í Þingholtsstrætinu og vildum hafa stólana frábrugðna hinu hefðbundna," segir Ragnhildur Ragnarsdóttir, en þær Sigrún eru báðar grafískir hönnuðir og hugmyndasmiðir verkefnisins.

„Í kjölfarið kviknaði sú hugmynd að skjótast í Ikea og kaupa hvíta tréstóla sem listamenn á ýmsum sviðum gerðu að sínum eigin með sköpunarkrafti og hugmyndaauðgi," segir Ragnhildur, en útkoman varð persónuleg mynd af listamönnunum í setum og baki stólanna.

„Dæmi um sannan karakter sem eftir varð í stólsetunni er Halla Helgadóttir auglýsingateiknari, en árum saman hef ég notið þess að taka upp glansmyndaskreytt jólakort frá Höllu. Glansmyndirnar rötuðu svo auðvitað á stól hennar líka," segir Ragnhildur brosandi, en þegar til kom varð ekkert af súpuhúsi þeirra Sigrúnar.

Halldór Baldursson, teiknari

„Þá þótti okkur afleitt að allt þetta góða fólk væri búið að leggja vinnu í stólana til einskis og ákváðum að leggjast með þá í sýningarferðalag. Þeir munu einnig fá sinn ljóma í súpubók sem við vinnum nú að í samstarfi við Snorra Birgi Snorrason matreiðslumeistara og kemur út á haustdögum. Eftir sýninguna fer svo hver stóll til síns heima. Okkur er ekki stætt á að hafa þá lengur, en þetta hefur verið notaleg samfylgd."

Sýningin stendur aðeins yfir þessa einu helgi, en fyrirhugaður er súpugjörningur á Akureyrarvöku í kvöld klukkan 20.

Hildur Zoega, verkefnastjóri

ÚTSALA



25–60%
AFSLÁTTUR
VERÐDÆMI: SHAGGY 140 x 200. ÁÐUR KR. 15.300
ER NÚ Á KR. 10.710,-STGR.

Persía
TEPPAGALLERÍ
Bæjarlind 16, Sími: 568 6999
OPIÐ :
VIRKA DAGA 10 – 18 & LAUGARDAGA 11 – 16.


SUND ER SLÖKUN
Þú getur sannarlega slakað á í sundlaugum Reykjavíkur.
Farið í heita potta og gufubað, gert teygju- og slökunaræfingar
eða synt þér til heilsubótar. Þér líður alltaf vel í laugunum.
AFGREIÐSLUTÍMI LAUGA
Virka daga frá kl. 6:30 - 22:30
Helgar kl. 8:00 - 22:00
afgreiðslutími er mismunandi eftir
sundstöðum, sjá nánar á www.itr.is
www.itr.is ▮ sími.: 411 5000
Laugarnar í Reykjavík
ÍTR
Fíton / SÍA

Meistarinn frá Írak

Zaha Hadid vann til Pritzker-verðlaunannna, virtustu verðlauna arkitekta, árið 2004 þegar hún hafði nýlokið við byggingu á sínu fyrsta stóa verkefni, Rosenthal-miðstöðinni fyrir samtímalist í Cincinnati í Ohio í Bandaríkjunum. Hún situr því ekki auðum höndum í dag og vinnur að ýmsum verkefnum, allt frá stórhýsum í Singapúr og Istanbúl til óperuhúss í Kína, safns í Róm og skýjakljúfs í Dubai. Á síðasta opnaði Zaha formlega tvær byggingar í Þýskalandi: bílaverksmiðju fyrir BMW og Phaeno-vísindasafnið. Báðar byggingar sýna einstaka hæfileika hennar og eru vitnisburður um snilldarsköpun hennar á rými í föstu formi.

Um þessar mundir er viðamikil sýning á verkum hennar í Hönnunarsafninu í London og sú fyrsta sinnar tegundar. Sýningin stendur til nóvemberloka.

Zaha Hadid er fædd í Írak en er breskur ríkisborgari í dag. Hún varð sér úti um gráðu í stærðfræði áður en hún tók að nema arkitektúr og fluttist til Bretlands. Hún er 56 ára gömul og ásamt arkitektúr hefur hún hannað nokkur húsgögn og er nú með innsetningu á sýningu í Lissabon. *kristineva@frettabladid.is*

Þetta loftljós er eitt af verkum Zaha á sýningu á verkum hennar í Hönnunarsafninu í London.

Útgáfa Zaha Hadid af Louis Vuitton-tösku.

Zaha Hadid skaut upp á stjörnuhimininn þegar hún hlaut virtustu verðlaun arkitekta, Pritzker-verðlaunin, árið 2004.

Dansandi turnar í Dubai.



Zaha Hadid var tilnefnd til verðlauna fyrir Phaeno-vísindasafnið í Wilsburg í Þýskalandi.

hönnun

● **FORNASETTI** Endurgerð á klassískri hönnun í bland við nýtt veggfóður var meðal þess sem sýnt var á hönnunarsýningunni í Mílanó í vor. Hér sjást skemmtilegir lágir kollar með líflegum myndum á setunni. Þessi hönnun er upprunninn frá Piero Fornasetti sem var ítalskur málari, myndhöggvari og innanhússhönnuður og hannaði yfir ellefu þúsund hluti yfir ævina. Fyrirtæki í nafni listamannsins er enn rekið í dag og má fræðast nánar um það á www.fornasetti.com

● **STÓLLINN AD HOC FRÁ VICCABRE** Ad hoc stóllinn er hannaður af Jean-Marie Massaud fyrir fyrirtækið Viccabre. Stóllinn var til sýnis á húsgagnasýningunni í Mílanó í vor og vakti verðskuldaða athygli. Grindin er ferköntuð en sætið er úr fléttuðu vírneti.



Hannes Pétursson, hagfræðinemi
og geimfari, treystir á reiknivélar
og geimskip frá HP.



HP fartölvur eru bestu og áreiðanlegustu fartölvurnar samkvæmt könnun TBR (Technology Business Research, Inc)

HP Pavilion dv6317
Örgjörvi: AMD Turion 64 X2 1,6 GHz (dual core)
Vinnsluminni: 1 GB
Skjár: 15,4" WXGA
Harður diskur: 120 GB SATA
Geisladrif: Dual layer DVD skrifari
Skjástýring: Nvidia GeForce Go 6150, allt að 128 MB
Stýrikerfi: Microsoft Vista Home Premium
Glæsilegur hugbúnaðarpakki

Verð: 99.900 kr.

HP og Office vinna vel saman

Office Home and Student 2007

invent

HP vörur fást hjá eftirtöldum aðilum: Verslun Opinna kerfa, Höfðabakka 9 - Oddi skrifstofuvörur - Tölvutækni og Start tölvuverslun, Kópavogi - Samhæfni, Reykjanesbæ - TRS, Selfossi
Tölvuþjónusta Vesturlands, Akranesi og Borgarnesi - Bókaverslun Þórarins Stefánssonar, Húsavík - Eyjatölvur, Vestmannaeyjum - Hátíðni, Höfn - Kaupfélag Skagfirðinga - Netheimar, Ísafirði

PIPAR • SÍA • 71485

Blöð í röð og reglu

● Dagblöð og tímarit eiga það til að safnast upp á heimilum. Oft liggja þau eins og hráviði um alla stofu og rata jafnvel inn á baðherbergi. Með góðri blaðakörfu er hægt að ná skipulagi á blaðabunkann, sem á sér þá sinn stað þangað til farið er í blaðagáminn.

1. Bastkörfur eru klassískar undir blöðin. Þessi er létt og nett, fæst í Rúmfatalagernum og kostar 690 krónur.

2. Blaðakarfa úr leðri með handfangi sem smellt er saman. Falleg hönnun sem fæst í BoConcept í Faxafeni. 7.999 krónur.

3. Stór og falleg blaðakarfa sem er úr nýjustu línunni í BoConcept í Faxafeni. Til í svörtu, hvítu og rauðu. 9.999 krónur.

4. Viccarbe standur undir tímarit og blöð frá Exó í Fákafeni. Falleg hirsla sem einnig er hægt að fá helmingi styttri. 29.000 krónur.

5. Blaðakarfa í ítölskum stíl frá versluninni Unika í Fákafeni. Traust úr við og útskornum málmi. 12.400 krónur.

NORM-X
Hita pottar
www.normx.is

Mest seldu heitu pottar á Íslandi.
Framleiddir með sérstöku tilliti til íslenska hitaveituvatnsins

Endingargóðir – yfir 30 ára reynsla
Þúsundir ánægðra notenda

Íslensk framleiðsla

Viðarkamínur á
ótrúlega góðu verði

Skoðaðu heimasíðuna www.normx.is
Norm-x • Auðbrekku 6 • Kópavogi • Sími 565-8899.


Gluggasmiðjan
Fyrirtæki í framþróun
Bílskúrshurðir
Iðnaðarhurðir
Ál-trégluggar
Rennihurðir
Hringhurðir
Trégluggar
Álgluggar
Loftristar
Tréhurðir
Útihurðir
Álhurðir
Viðarhöfða 3 • Sími 577 5050
www.gluggasmidjan.is

MAX RAFTÆKI

3ja ára KASKÓ

ALTRYGGING FYLGIR

Acer Aspire 5633WLMi-1G80
- 1.67Ghz Intel Core 2 Duo T5500 örgjörvi
- 1GB vinnsluminni, 80GB harðdiskur
- DVD+/-RW skrifari, 15,4" CrystalBrite skjár (1280x800)
- Intel GMA950 128MB skjákort
- Þráðlaust a/b/g netkort
- Windows Vista Home Premium
- **3ja ára fartölvutrygging að verðmæti kr. 20.000 fylgir með frítt!**

Raðgreiðslur

3.325 kr.

að meðaltali á mánuði í 36 mánuði

84.989 kr. staðgreitt

3ja ára KASKÓ

ALTRYGGING FYLGIR FRÍTT MEÐ VÖLDUM FARTÖLVUM

Fartölvu Kaskótrygging frá VERÐI bætir tjón sem stafar af: skyndilegum og óvæntum óhöppum í notkun, flutningi eða geymslu, innri vélrænum bilunum svo og innbroti. Nánari upplýsingar um tryggginguna veita sölumenn hjá MAX og hjá VERÐI.

verður

Seljum yfir 30 gerðir af fartölvum

OPNUNARTÍMI
Mánudaga til föstudaga kl. 11-19.
Laugardaga kl. 11-18 og Sunnudaga kl. 12-18.

Frábær tækjakaup

MAX / Kauptúni 1 / 210 Garðabæ / Sími 412 2200
Við erum beint á móti IKEA

Mótorhjólafatnaður. Útsala á Orrange mótorhjólafatnaði, ótrúleg verð sjá nánar á www.staupasteinn.is eða uppl í síma 8473988 eftir kl 17. Allt á að seljast

Til sölu Honda CRF 450 R árg. 05 ek. ca. 17 klst. Lítur vel út. Uppl. í s. 891 7770.

Fjórhjól

Bombardier DS650. Árg '04. V. 550 þús. Uppl. í s. 892 1272 og 852 0367

Vantar 3 fjórhól

Vantar 2 sportfjórhjól. Stgr. 200-450þ. Vantar einnig 4x4 ferðahjól. V. 500-1000þ. Allt kemur til greina. S. 866 1093 & 866 7723.

Kerrur

Kerruútsala

Lokadagar útsölunnar: Brenderup 1205 S. Innanm. 203 x 116 x 35 cm. Burðarg. 600 kg. Dekk: 13" Listaverð: 129.000. TILBOÐSVERÐ: 106.000. Lyfta.is Njarðarbraut 3, Reykjanesbæ, 421 4037, www.lyfta.is

Til sölu öflug Þysk iðnaðarkerra innanm.310x165 skjólb.41burðarg 2000kg upplýsingar í síma 8653548

Hjólhýsi

CALAVELAIR'06 6 manna KOJUHÚS m/ISABELLA FORTJ. + DÚK, varadekk, 2 GASKÚTAR og RAFGEYMIR. TILBOÐ 1790 þús. GSM: 664-1026/893-5577 Möguleiki á að taka lítið hjólh/tjaldvagn uppí.

Tab þýskt hjólhýsi til sölu

Árgerð 2006. Lítið notað, með ísskáp, eldavél og vaski. Rafmagn bæði fyrir 220 og 12 volt. Skemmtileg hönnun. Uppl. s. 895-0010

Vetrarútsala coachmen futura(coleman)

9 ft nýs. '06 m. vask, wc, íssk, eldav. listav um 1200 þ. fæst á 890 þ. áhvíl 550 þ. 13 þ. á mán. S. 825 2212.

Til leigu hjólhýsi. Með sólarsellu og fortjöldum. Einnig til sölu 2ja ára hús. Verð frá 1380 þús. S. 659 2452 Samsel. btnet.is/hjolhysaleigan

Auðveld kaup! Hobby 560 Prestige árg.08/'05. Wc, sturta, tv-loftnet og fl. Glæsilegt hús. Fæst á yfirtöku. S. 820 4469.

Tec travel bird árg.'07 4 manna hjólhýsi. 2 kojur. Verð 1700 þús. Uppl. í s. 822 1920.

LMC Munsterland 560 árg.'06. Mikill aukabúnaður, uppl. í s. 892 3039 & 693 3811.

Til sölu Fent Shapir 2007 kojur,hjónarúm setustofa sem hægt er að breyta í rúm,grjótgrind.solarsella,markhísa,segl sem er neðaná,loftnet,magnari fyrir sjónvarp. Verð yfirtaka á láni. Uppl, 8947990-8965550

Nýtt Tabbert Da Vinci '07, svefnpláss fyrir 5. Kojuhús, Staðsett á Laugarvatni með nýrri verönd. Nánari uppl. í s. 896 4074.

Tilboð Hobby hjólhýsi til sölu 560 UFE. Árg '06. V. 1.830. Uppl. í s. 894 2460.

Fellihýsi

Til sölu Palomino colt fellihýsi. árg.'07. M/fortjaldi. Verð 990 þús. Uppl. í s. 822 1920.

Tjaldvagna og fellihýsageymsla
Tjaldvagna og fellihýsageymsla á suðurnesjum. Upphitað húsnæði.
Uppl. í s. 896 9985.

Til sölu Fleetwood Laramie 10ft. Árg. '04. Fortjald, sólarsella, grjótgrind, geymslobox að framan. Verð 1.350 þús. Uppl. í s. 894 6622.

Colman-seapine 10 fet, árg '97, ísskápur og tjaldborgar fortjaldi. Stg. Verð 650 þús. Uppl. í s. 698 7040.

Fleetwood Cheyenne (10 fet) árg. '05. (nýskráð '06) m. 130 w sólarsellu og geymslukassa. Í mjög góðu standi. Verð 1290 þús. S. 893 1644.

Tjaldvagnar

Álbox fyrir tjaldvagna og fellihýsi KE Málmsmíði, Hamarshöfða 5. S. 587 0626 & 696 3522.wwww.ke.is

Til sölu Trigano árg. '95 með fortjaldi. Verð 170 þ. Uppl. í s. 565 4040.

Vinnuvélar

Til sölu Zedor 47 18 ARG 78 vERÐ 100 ÞÚS. Tragtorsdrifin háþrýstidæla 300 bar. Verð 100 þús. Uppl. í s. 697 5850.

JCB8060 og 10 tonna vélarvagn/kerra. Í toppstandi. Verð 4 milljónir + vsk. Uppl. í s. 822 3650.

Bátar

Til sölu 17 feta bátur með 70HP Nissan mótor, Garmin fiskileitartæki. Lipur og góður bátur. Tilboð óskast. S. 692 1695

Vil kaupa bát með veiðileyfi í kringum 300 þús. Bæði í aflamarki og krókakerfi. S. 898 2265.

Trilla óskast

Óska eftir plastbát undir 6 m til frístundaveiða. Uppl. í s. 897 2249.

Flug

Hjólbarðar

38" notuð jeppadekk á álfelgum. Seljast á 49 þús. S. 898 5878.

Álfelgur og ný dekk. Til sölu 4x15" álfelgur og dekkjastærð 195/55 R15. Selst á sanngjörnu verði. Uppl. í s. 6645673

Til sölu 37" dekk á felgum. Uppl. í s. 896 9711

Varahlutir

Vélar ehf.

Alternatorar og startarar í báta, bíla og vinnuvélar. Beinir og niðurg. startarar. Varahlþj. Vélar ehf. Vatnagörðum 16, sími 568 6625. www.velarehf.is

Rafstilling ehf.
Dugguvogi 23
Startarar. Alternatorar. Nýir hlutir, skipti hlutir, viðgerðir áratuga reynsla. Hröð þjónusta, mikið úrval.
Sími 581 4991, GSM 663 4942.

Japanskar Vélar/Bílstart, Bílapartasala

Erum að rífa flestar gerðir japanskra og kóreskra bíla, Fiat, Opel, VW ofl, sérstök áhersla á Nissan og MNC. Opið 08-18. S. 893 2284 & 565 3400.

Varahlutir í VW Golf, Polo og Yaris, Renault Kangoo. Viðgerðir. Kaupi bíla. Uppl. í s. 554 1610 & 892 7852.

KEYPT & SELT

Til sölu

Tripp Trapp stól, vandað barnareiðhjól, kvenreiðhjól, lítið notað. Uppl. í 691 2922.

Til sölu 1 árs gamall glerbrennsluofn. Stærð 40x40. Verð 195 þús. Uppl. í s. 861 0473.

Óskast keypt

Óska eftir útipanil eða rásuðum krossviði ca 13 plötur. Á samastað ódýrt hjólhýsi 35 þús. Uppl. í s. 897 7006.

Hljóðfæri

Da Cabo þjóðlagagítar, poki og stilliflauta. Kr.13.900,- Gítarinn, Stórhöfða 27. Sími 552 2125 www.gitarinn.is - gitarinn@gitarinn.is

Mikið úrval af nýjum og notuðum harmonikkum á frábæru verði! www.4you.is Kársnessbraut 114.

Suzuki fiðlur til sölu. 1/8 fiðla kr 18.000 og 1/4 fiðla kr 20.000. Báðar vel með farnar. Sími 868 2118.

Suzuki fiðlur til sölu. 1/8 fiðla kr 18.000 og 1/4 fiðla kr 20.000. Báðar vel með farnar. Sími 868 2118.

Verslun

Spennandi tækifæri! Enginn áhætta, enginn útlagður kostnaður! ClaMal vantar duglega sölufulltrúa til að kynna falleg og vönduð dönsk kvenföt á heimakynningum. Miklir tekjumöguleikar - góður sölutími framundan. Allar nánari upplýsingar gefur Jóna í síma 565 3900 milli 10-14 eða inni á www.clamal.is jona@clamal.is

Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn, Síðumúli 35. S. 552 7095.

Tölvur

Til sölu 3,2GHz HP DC7100 PC-tölva og 1,8GHz Compaq Evo D310. Sími 6906996.

Playstation

Mig vantar Playstation 1 eða Playstation 2 leikjatölvu ásamt leikjum. Sími 897-9740

Vélar og verkfæri

Til sölu plötuklippur 3x2500 Cidan, hringskeri, prófílsög, ac/dc 200amp 2 stk. loftpressa 300l. Upplýsingar í síma 894 7171 eða 897 1682

Trésmíðavél til sölu Lítið notuð sambyggð trésmíðavél. Teg: Mini May Upplýsingar í síma 898 2091

Til bygginga

Krossviður til sölu

Úrvals vatnslímdur krossviður, 6,5 mm, 9 mm og 12 mm. Takmarkað magn. Besta verðið... Uppl. í s. 895 6594

Fyrirtæki

Vilt vera með eigin rekstur

Sandblásturstæki með hreinsibúnaði ásamt glerblásturstækjum til sölu. Ágjætis tekju möguleikar. Uppl. í s. 897 2775.

Ýmislegt

Nokkur rútusæti í góðu standi til sölu. Verð tilboð. Sími 868 2118.

ÞJÓNUSTA

Hreingerningar

Hreingerningar - Gólfbónun - Bónleysing - Flutningsþrif -Gluggaþvottur - Teppahreinsun -Þrif eftir iðnaðarmenn. Reglulegar ræstingar í sameignum og fyrirtækjum. www.hreingerningar.is

Tek að mér þrif í heimahúsum aðra hverja helgi. Uppl. í s. 899 0680.

Ræstingar

Garðyrkja

Tökum að okkur allt sem viðkemur garðinum, auk allrar almennrar smíðavinnu - lögg. húsasmíðameistari. Vanir menn, snör handtök. Sælugarðar s. 824 1238.

Smágröfuþjónustua, hellulagnir, þökulagnir, drenlaganir og öll almenn lóðavinna. Skjót og góð þjónusta. SS- hellulagnir. S. 691 8907 & 690 2742.

Bókhald

Almenn bókhaldsþjónusta.
Viltu úthýsa bókhaldi þíns fyrirtækis eða hluta þess? Við tökum að okkur stór jafnt sem minni fyrirtæki. Persónuleg og góð þjónusta í fyrirrúmi.
Sjá nánar kynningarmyndband á heimasíðu okkar

www.bokhaldslausnir.is

Bókhaldslausnir ehf.
Hlíðasmára 15. Sími 530 9100.

Húsaviðhald

Viðhaldsverk
Tökum að okkur viðhald allra fasteigna, utanhúss sem innan.
Viðhaldsverk
s. 869 3934

Steining, múrviðgerðir, háþrýstiþvottur, málun úti og inni.

Fyrsta flokks ehf
Sími 822 6856

Breyttu svölunum þínum í sólpall með lítilli fyrirhöfn. Flexi-deck (útiparket) er málið ! Upplýsingar í síma 661 2588 eða á heimasíðunni husogbjalkar.is

Flísalögn, múrvinna, málun, smíði...

Viltu nýtt baðherbergi, eldhús eða breytingar innanhúss klárað. Iðnaðarmannateymi tekur að sér verkefni, smá og stór. Erum röskir og þrifum eftir okkur. www.husverk.is - S. 699 5678.

Húsasmíðameistari óskar eftir smiðum og verkamönnum við nýsmíði og viðhald. Uppl. í s. 894 0031.

Pípulagnir

Getum bætt við okkur verkefnum í pípulögnum og flísalögnum. Upplýsingar í síma 663 5315.

Fagmannsverk

Uppsettningar á milli veggjum, hurðum og innréttingum. Parket, utanhúsklæðningar, gluggaínsetningar og niðurrif. Tilboð eða tímavinna. S. 6622770.

Búslóðaflutningar

Ertu að flytja austur á land?

Við flytjum búslóðina fyrir þig. Sendibílaþjónusta Austurlands sími 899 0959 daguri@simnet.is

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is

Tökum að okkur alla búslóðaflutninga og aðra flutninga. Góð þjónusta. Erum með besta verðið. Uppl. í síma 899 2536 & 825 0083.

Tölvur

Þú tekur ekki afrit eftir á. www.buy.is

Spádómar

www.orlagalinan.is
Örlaga línan
Miðlar, spámiðlar, draumráðningar.
Opið öll kvöld í síma
595 2001 & 908 1800

Stína Lóa Spámiðill
Tarrot & draumráðningar. Leiðsögn um ástir, viðskipti og fjármál.
Sími 908 2008 & 462 2811
- Visa/MasterCard Opið til 02 alla daga. Geymið þessa auglýsingu.

Englaljós S. 908 5050 & 863 1987
Er spennandi tími framundan? Hvað viltu vita um framtíðina? Andleg leiðsögn, fyrirbænir, trúnaður. Er við alla daga frá 11 á morgnana til 01 eftir miðnætti.
Lára spámiðill. Visa/Euro.

Stína Lóa Spámiðill

Tarrot og draumráðningar. Leiðsögn um ástir, viðskipti og fjármál. Sími 908 2008 - 299 kr/mín hjá Símanum. Geymið þessa auglýsingu.

Spásíminn 908 5666. Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

Alspá 445 5000

Miðlun, draumar, ráðgjöf, heilun, fyrirbænir NLP. Símaspá, einkat. og m., fl. *Vísa Euro Masters. Opið 12-24. www.spamidlun.com*

Hanna 908 6040

Símaspá, fyrirbænir, draumar, tarot. Andleg leiðsögn. 555 2927 Visa/euro.

Önnur þjónusta

Steinullarbíllinn auglýsir

Steinullareinangrun í ný og gömul hús. Mikill tímasparnaður og gott verð. S. 893 3892

HEILSA

Heilsuvörur

Taktu þér tak! Með Herbalife nærðu árangri og betri líðan. Erla Bjartmarz, s. 899 4183 www.eco.is

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

Árangur með Herbalife í 27 ár. Pantaðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896-4662 www.lifsstill.is

Viltu léttast hratt og örugglega?

www.diet.is – www.diet.is Margrét s. 699 1060.

5 mínútur í þynnri þig. Frí líkamsgreining. Dagný Davíðsd. S.D.A. Herbalife 897 7612

Nudd

Glæsilegir Meðferðarbekkir, EarthLite USA. www.simnet.is/nalastungur S: 5200120

Snyrting

Hef hafið störf á Fótaaðgerða-nudd og snyrtistofunni Fætur og fegurð,(áður Þú um Þig) Hólagarði, Lóuhólum 2-4 Tímapantanir í síma 557-5959 Verið velkomin Kristín Gunnarsdóttir Löggiltur fótaaðgerðafræðingur og nuddfræðingur

Ýmislegt

Súrefnismettunar-og púlsmælar á frábæru verði frá framleiðandanum MedChoice. Verð frá 7.657.- til 15.750 kr. K-Matt. ehf sími.421-8999 eða k-matt@k-matt.is

SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

Námskeið

SCHOOL OF ICELANDIC

4 week INTENSIVE ICELANDIC-ÍSLENSKA fyrir ÚTLENDINGA Stage II start 27/8;22/10: 3 x week 19:45-21:15. Stage I: 27/8, 24/9, 22/10: 5 x week 18:19:30, Ármúli 5. 5881169/ff@icetrans.is

Kennsla

Viltu verða stílisti?

Nám í útlitsráðgjöf. The Academy of Colour and Style - útlits-og förðunarskóli. Uppl. í síma 533 5101.

Ökukennsla

Ökukennsla. Get bætt við mig nemendum. Kenni á Subaru Legacy. Uppl. í s. 664 8203 Hörður Hinriksson.

HEIMILIÐ

Húsgögn

Til sölu vel með farið, frábært rúm með gafli
Vantar þig Ameríkst king size rúm frá kósý húsgögnum með mjög fallegum dökkum höfðagafli ? Rúmið er 4 ára og lítur einstaka vel út
Selst á góðu verði 70 þús. allt saman. Uppl. gefur Kristín í síma 897 1551.

Óska eftir tilboð í rafmagnsrúm Twinmaster 2 stk 90X200 - 2 stk Tempur heilsudýnur - 2 stk Tempur heilsukoddar + 2 stk hlífðardýnur. Þetta er 3 ára frá Betra Bak. Upp.í síma 661 9547

Til sölu glæsilegt koníakslitað leðursófasett, innan við árs-gamalt, selst á 95þús. Uppl. í s. 892 5413.

Til sölu sjónvarpsskápur frá Tekkhúsinu. V. 35 þús. Fataskápur lútuð fura kr. 10.000. Uppl. í s. 663 7143.

Til sölu sjónvarpsskenkur, kommóða, skápur, ísskápur, 2 sjónvörp, skatthol, eldhúsborð og 4 stólar, loftvifta, veggborð og 2 barstólar. Á sama stað, óska eftir flatskjásjónvarpi. Uppl. í s. 699 5002

Heimilistæki

360 L frystikysta, 3 ára, lítið notuð á 25 þús. Einnig 29" Grundic tv á 20 þús. Uppl. í s. 896 6183.

Til sölu kæliskápur 140x55 með frysti (2 skúffur niðri) á 9000 þús. Uppl. í s. 562 2216 & 862 5408.

Gefins

Yndislegur, blíður grár geldur fress litur út eins og kötturinn í wiskas auglýsinguni fæst gefins á gott heimili. Uppl. í s. 823 8353.

Til gefins úti dúkkukofi ca 2 fm. Uppl. í s. 565 6024 & 897 7006 milli 18-21 á laugadag.

Barnavörur

Ítölsk bleyjuskiptikommóða m/baði frá BabySam 90x83x50.Hár skápur f.barnaherb.h189,b48,d38.ProStyle rautt hjól,6-gíra, 22" m/brússahaldara og körfu.Trek blátt hjól 20". Allt notað af einu barni. 5þ.kr.hver hlutur. Myndir á kassi.is.Sími 699-3770.

Dýrahald

Til sölu Labrador ættbókarfærðir frá HRFÍ, tilbúnir til afhendingar, afhendast með ábyrgð. Uppl. í s. 864 1504.

Til sölu Labrador ættbókarfærðir frá HRFÍ, tilbúnir til afhendingar, afhendast með ábyrgð. Uppl. í s. 864 1504.

Hreinræktaðir ameríkskir Cocoerar til sölu Eru örmerktir, bólusettir og með ættbók frá HRFÍ. Pabbinn er braselískur ungliðameistari. Uppl. í s 66 14331/695 7596.

Sælar Cocker dömur. Ég heiti Ricky og er hreinræktaður Cocker frá DK með ættbók frá HRFÍ + augnskoðaður. Er tilbúin að hitta dömur með hvolpaeignir í huga. Uppl. í s. 894 0255. Geymið auglýsinguna

Rottweiler hvolpar til sölu tilbúnir til afhendingar. Tík og rakki. Uppl. í s. 848 1775.

2 hnoðrar til sölu

Er með mjög loðin hvítan 2 ára fress og einnig 8 vikna loðinn kettling til sölu. Uppl. í s. 823 7901.

Ýmislegt

- Beachcomber -

Kanadískir heitir pottar
Sumartilboð á heitum pottum. Eigum potta til afgreiðslu strax. Mest einangruðu pottar á markaðnum, lokað 24 tíma hreinsikerfi o.m.fl. Fimm ára ábyrgð. Frí heimsending hvert á land sem er. Sendum bæklinga samdægurs.

11 ára reynsla á Íslandi.
Opið alla daga frá 14 til 21.00.
Allar nánari uppl. í s. 897 2902 eða mvehf@hive.is

TÓMSTUNDIR & FERÐIR

Gisting

Til leigu á Spáni allan ársins hring -Barcelona, Costa Brava, Menorca, Valladolid. Uppl. í s. 899 5863 www.helenjonsson.ws & www.spainapartments.ws

Orlofsíbúð á Akureyri

13.500,- kr. nóttin. Uppl. í s. 897 5300, netfang leo79@internet.is Leó.

Fyrir veiðimenn

Laxa- og silungamaðkar til sölu að Holtsgötu 5 í Vesturbænum. Símar 8571389 og 5515839.

Hestamennska

Notuð hestakerra til sölu. 2 hesta. Vel með farin. V. 350 þ. Uppl. í síma 863 8007, Atli.

Smíðum innréttingar í hesthús, heitgalvanserað. 10 ára reynsla og vönduð vinna. Uppl. í s. 869 6690 Aðalsteinn og 691 8842 Eyjólfur

ÞJÓNUSTA

ÍSLANDS MÁLUN

Þakmálun!!
Húseigendur - Húsfélög

Þarf að fara að huga að viðhaldi á þakinu?
Málarameistari sem sérhæfir sig í þakviðgerðum og þakmálun getur bætt við sig verkefnum.
Hef mikla reynslu og þekkingu.
Vinnum einnig alla almennna málningarvinnu.
Gerum tilboð ykkur að kostnaðarlausu.

ÍSLANDSMÁLUN EHF.
Upplýsingar í síma:
899 2008, Grétar og 891 6999 Einar.

Auglýsingasími
512 50 50
FRÉTTABLAÐIÐ
– Mest lesið

allt ferðir
Alla miðvikudaga og laugardaga

Ýmislegt

Fiskleitartæki á frábæru verði. Takmarkað magn. Sími: 421-8999. K-Matt ehf. Opið mán-fös 09:00-11:45 og 13:15-16:30.

HÚSNÆÐI

Húsnæði í boði

101 Reykjavík
Fullbúin herb. með rúmfatnaði og handklæði til leigu frá 15. sept - 15. maí '08. Eins manns herb. 60 þ. á mán. 2ja manna 90 þ. Allt innifalið, m.a. 2 fullbúin eldhús, setustofa og þvottahús. Kreditkortasamningur.
Uppl. í s. 897 1016

Stórglæsileg 4 herb. 160 fm íbúð á 2 hæðum í Grafarholti
Íbúðin er á 2 hæðum með suður svölum, sólpalli og stæði í bílageymslu. Reykleysi og reglusemi algjört skilyrði. Laus 1. sept, verð 170.000.- + tryggingav.
Uppl. í s. 698 1088.

Leigjendur, takið eftir! Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Til leigu vel skipulögð 30 fm stúdíóíbúð í Garðabæ sér inngangur og björt ný uppgerð íbúð. Eldhús, þvottavél og þurkari sér bað með sturtu, adsl tv, og þráðlaust net. Leiga 80 þús. á mán. með hiti og rafmagn. Einungis kvk kom til greina. Sími 663 1852 e. k. 17.

Falleg 3ja herb íbúð í vesturb. með frábæru útsýni ,laus strax. Stutt frá H.Í. Reyklaus og snyrtimennska skilyrði. Verð 120.000 kr á mánuði. Uppl. s. 6981430 Elísabet, s. 8923105 Linda

Íbúð til leigu í Safamýri Rúmgóð 3 herbergja 79 fm. íbúð á jarðhæð. Íbúðin leigist til eins árs í senn.Leiguverð 105 þús. Leigjandi greiðir rafmagn, hita og húsgjöld. Þriggja mánaða bankatrygging. Áhugasamir sendi upplýsingar á netfang hpsb@simnet.is

Falleg og vel staðsett 110 fm 3-4 herb íbúð í 101 Leigist m húsgögnum til 1 árs. Gæti verið laus frá byrjun sept. Verð 175 þús á mán. ranargata@yahoo.com.

Mjög vel staðs. herb. í hjarta 101 til L. F vandláta m. aðgang. öllu. 50-65 þ. + 2 mán. S. 898 5179.

Austfirðir. 3 herb björt og falleg íbúð til langtímaleigu á Fáskrúðsfirði, 15 min frá Reyðarfirði. Tillboð óskast. 899-0801 eða 844-8310

Meðleigjandi óskast sem fyrst í 65 fm íbúð í Grafvarv. V. 65 þ. Uppl. í 695 9108.

Kaupmannahöfn
Herbergi til leigu á Amager strax, með húsgögnum og interneti. 700 metrar frá Amagerstrandpark. S. 0045 2820 2880 & 0045 4333 6072.

81 fm 2 herb. íbúð í 101 Rvk. til leigu frá 1/9. Aðeins 5 mín. ganga frá háskóla og miðbæ. Verð 100 þús. per. mán. Uppl. í s. 892 4435.

Til leigu 65 fm 2 herb. íbúð í Hafnarfirði. Laus strax. Leiga 80 þús. á mán. Uppl. í s. 863 0831.

Til leigu 3ja herb. íbúð á góðum stað í Kópavogi til leigu. uppl. gefur Þorsteinn í s. 897 7937.

2ja herb 68 fm íbúð í 110 til leigu. Sérinng. og verönd. Leigjist frá 3 sept-30 apríl. Hluti af hússgögnum er til staðar, leiga 120þ. Leigjist eingöngu reglusömu fólki. Meðm, fyrirfr.greiðsla. uppl í s. 868-5861 milli 16-17

Til leigu
2 herbergja íbúð í vesturbæ Reykjavík 80 m2. Mánaðarleiga 120.000. Rafmagn, hiti og hússjóður innifalið. Bankaábyrð til þriggja mánaða skilyrði. Upplýsingar í síma 847 8813.

Nýleg 2 herb. íbúð með húsgögnum til leigu á Klapparstíg í langtíma, laus 4/9. V 110 þ. s.8570050

Við Reykjavíkurtjörn
Til leigu stórt íbúðarhús, um 230fm. Glæsileg 6 herb. sólrík íbúð m/garði, verönd og svölum. Arinn í stofu. Frábær staðsetning og útsýni. S. 695 3618.

Til leigu 2ja herb. íbúð við sjávarsíðuna á Boðagranda, 3. hæð (efstu). Gott svefnherb. og stofa, rúmgott baðherbergi með baðkari, ágæt geymsla í kjallar. Fallegt óhindrað sjávarútsýni mót Snæfellsjökli. Leigutími ótímabundinn verð 110 þús. Uppl. í 8622896

Til leigu 3.herb. íbúð í Laugardalnum. Samningur og húsaleigubætur. Íbúðin er laus strax og getur leigst með ísskáp og uppþvottavél. Langtímaleiga. V. 150 þús á mán. Uppl í s. 894 0990 & 898 3739.

Húsnæði óskast

Fyrirtæki vantar 3 herb. eða stærri íbúð.
Helst á svæði 108 og óskast til leigu strax, fyrir íslenskan starfsmenn. Snyrtimennsku og skilvísum greiðslum heitið.
S. 820 7065 Arnar

Reglusamt par óskar eftir 2-3 herb
Reglusamt par óskar eftir 2-3 herb. íbúð á höfuðborgarsvæðinu sem fyrst á verðbilinu 70 - 110. 3 mán. fyrirfram greiðsla ef óskað er + tryggingarvíxill. Íbúðinn verður að vera snyrtileg með góðu útsýni og með sérinngangi einnig er skilyrði að íbúðin sé gefin upp vegna húsaleigubóta.
Áhugasamir hafið samband í s. 661 8974 & 692 3934.

Okkur vantar 3h íbúð sem fyrst á höfuðborgarsvæðinu. 6921110/8477393

Reyklaust par óskar eftir stúdíó íbúð fyrir 60 þús. eða minna í Reykjavík. Vantar íbúð strax. Uppl. í s. 891 7594.

Reglusamur karlmaður óskar eftir einstaklings íbúð með sér inngangi. Greiðslugeta 40-80 þús. á mán. Skilvísum greiðslum heitið. Áhugasamir hafið samband í síma 898 3580.

Óska eftir verslunarhúsnæði, lagerhúsnæði eða bílskúr, ekki mjög dýrt fram að áramótum. Fyrir jólamarkað. Uppl. í s. 587 5977 & 698 0948 & 866 9747.

23 ára kk stúdent utan af landi óskar eftir herbergi til leigu í rvk. Reyklaus og skilvísum greiðslum heitið. Meðmæli geta fylgt. Mail:dim@visir.is

Í kvöldfréttum Ríkisútvarpsins 27. júlí talaði ráðherra um „miklu meiri ferðafjölda“ ferjunnar til Vestmannaeyja, og þykir mér það stofnanalegt málfarsklúður. Miklu skýrara er að segja einfaldlega **fleiri ferðir**. Í svipuðu samhengi hef ég áður séð minnst á „að auka ferðafjölda“ í stað þess að **fjölga ferðum.**

Klessa á

Hér í Fbl. var sagt frá því 8. ágúst að bíll „hefði klesst á“ hús. Þetta finnst mér ljótt, og reyndar eins konar barnamál líkt og að „dingla bjöllu“. Að vísu er talað um að klessukeyra bíl, en það er ekki sama og að „klessa á hús“. Mér kom í hug að þarna mætti sjá skýringu á málglöpum sumra blaðamanna, að þeir hefðu hreinlega ekki náð þeim málþroska að geta tileinkað sér orðfæri fullorðins fólks.

Ekki ósjaldan

„Það er ekki ósjaldan sem rignt hefur á landsmenn um verslunarmannahelgina,“ sagði fréttamaður Sjónvarpsins 1. ágúst – og hefur víst meint þveröfugt, ekki áttað sig á tvöfaldri neitun. Ekki ósjaldan merkir auðvitað **sjaldan.** Því skyldi ekki heldur sagt „hvergi ósmeykur“ ef menn eiga við „hvergi hræddur“.

Flugatvik

„Flugatvik í Múlakoti“ segir í fyrirsögn í Mbl. 2. ágúst. Orðið **atvik** er hlutlausrar merkingar: kringumstæður, viðburður, atriði, viðvik. En þarna er það haft um óhapp og hlaðið neikvæðri merkingu og virðist öpun á e. incident, sem er jafn órökrétt í því máli. Er ekki óþarfi að éta vitleysu úr öðrum tungumálum? Er gleymt orðtakið að **hlekkjast á**, svo að dæmi sé tekið?

Ástríða

Pistlahöfundur í Blaðinu virðist tengja orðið **ástríða** við ást í umfjöllun um hörmulegt atvik, manndráp. Það er þó misskilningur. Orðið er samsett á-stríða (ekki ást-ríða eins og stundum heyrist í framburði) og haft um eitthvað sem stríðir á mann, ákafa þrá eða löngun, sem getur stafað af allt öðru en ást. Þannig eru samheiti orðsins ástríða: blóðhiti, eldmóður, hugsótt, skaphiti, ákafi, árátta, girnd, tilhneigð.

Braghenda

Hér kemur „þornótt“ valhenda úr sveitinni:

Hrossagaukur þeytir sínum
þýða þyt
þangað sem ég þreyttur sit
þegjandi á lækjarfit.

Vilji menn senda mér braghendu eða góðfúslegar ábendingar: npn@vortex.is

Á VEGUM ÚTI

Baldur Héðinsson leitar að hinni sönnu Ameríku

Grand Canyon tók ferðahópnum opnum örmum. Eftir að hafa skoðað syðri hluta gilsins settum við upp tjaldbúð á norðurbrúninni. Grand Canyon er faðir bandarískra þjóðgarða. Stór og mikill ber hann höfuð og herðar yfir aðra fjölskyldumeðlimi. Gilið er stærra en orð fá lýst, um 1.500 metra djúpt og teygir sig til allra átta líkt og kolkrabbi með alla anga úti. Úr fjarska virka mislit jarðlög þunn sem pönnukökur. Eftir gönguferð niður í þverhnípt gilið kemst maður að því að svo er ekki. Lögin eru þykk, eins og skonsurnar hennar ömmu (ef við höldum okkur við pönnukökuskalann).

Stuttu eftir að við tjölduðum komust óboðnir gestir í matinn, sem geymdur var í bílnum. Það var gat í brauðhleifnum og nokkurra bita var saknað úr ferskju. Þegar við héldum frá Grand Canyon kom sökudólgurinn í ljós. Eftir um klukkutíma keyrslu hljóp lítill íkorni undan einu sæti bílsins með tilheyrandi ópum og skrækjum mennskra farþega. Við opnuðum allar dyr og losuðum okkur við laumufarþegann (eða svo héldum við). Skömmu eftir að ég settist aftur undir stýri fann ég eitthvað naga á mér stóru tána; íkorninn hafði falið sig undir mælaborðinu. Það reyndist algjörlega ómögulegt að ná dýrinu, sem hlaut nafnið Earl, út úr bílnum. Allar okkar tilraunir til að losna við Earl litla fóru út um þúfur. Þegar við reyndum að lokka nagdýrið út með jarðhnetum enduðu þær í munninum á skunki. Minnstu munaði svo að skunkurinn tæki sér líka bólfestu í bílnum eftir hnetuátið. Allar frekari hugmyndir okkar reyndust álíka snjallar og löðuðu að fleiri dýr ef eitthvað var. Íkorninn er því líklega enn í felum einhvers staðar á bak við mælaborðið á hraðleið þvert yfir Bandaríkin.

Næst lá leiðin til Bryce-þjóðgarðsins í Utah-ríki. Bryce er sykursæta unglingsstelpan í þjóðgarðafjölskyldunni. Tignarlegir steinturnar, sem kallast hoodoos, eru á víð og dreif um þjóðgarðinn. Turnarnir mynduðust úr jarðlögum, sem voru botn risastórs stöðuvatns fyrir um 200 milljón árum. Þeir hafa mýkri línur en ég hef áður séð og breytilegt magn af járni gefur sterkt og bjart litróf frá skjannahvítu yfir í rauðhóla-rautt. Frá Bryce héldum við í Zion-þjóðgarðinn. Zion er stælti unglingspilturinn í fjölskyldunni. Ægistór sandsteinsfjöll, skarpar línur og brött björg einkenna garðinn.

Mjög vel var staðið að þeim þjóðgörðum, sem ég heimsótti. Þjóðgarðsvörður tekur á móti gestum við innkomu. Náttúru-nördið fræðir gesti um gönguleiðir, sögu, dýraríki og svo framvegis. Allan mat, drykk og aðrar nauðsynjar er að finna innan þjóðgarðanna. Aldrei áður hef ég vaknað fyrir klukkan fimm til að

sjá sólarupprás í tjaldútilegu og getað pantað mér cappuccino-bolla á ágætasta kaffihúsi til að ylja mér um hjartaræturnar. Allt er gert til að auðvelda aðgang að helstu náttúruperlum. Malbikaðir stígar með hjólastólaaðgengi eru algeng sjón. Erfiðari og fáfarnari gönguleiðir eru einnig í boði, sumsé eitthvað fyrir alla.

Úr hreinni og tærri náttúrunni keyrðum við inn í hreina og klára geðveiki, Las Vegas. Borg syndanna er að mörgu leyti aðdáunarvert afrek mannkyns. Drepheit eyðimörk umkringir borgina en upp úr þurru birtast stærðar glæsihýsi umkringd gosbrunnum og pálmatrjám. Borgin lifir og hrærist í kringum spilavíti. Oftast eru þau hluti af risastórum hótelum þar sem finna má allt milli himins og jarðar, meðal annars búðir, veitingastaði, kvikmyndahús, næturklúbba og dýragarða. Öll uppsetning er á þann máta að maður spili sem mest. Engar klukkur í augsýn, hvað þá útgangur, og þeir sem taka þátt í húllumhæinu drekka frítt.

Skiljanlegt að borgin sé kennd við synd. Öll sú hegðun sem flest samfélög líta hornauga er í hávegum höfð í Vegas. Spilavítin ganga allan sólarhringinn, drykkja er mikil á almannafæri og á hverju götuhorni rétta illa til fara Mexíkóar þér spjöld, sem við fyrstu sýn líta út sem körfuboltaspjöldin sem ég safnaði í gamla daga. Í stað stráka í boltaleik eru fáklæddar konur á spjöldunum og slagorð, sem hljóma eitthvað á þessa leið: „To your hotel room in 20 minutes“. Eftir rúman sólarhring í Vegas var ég búinn að fá meira en nóg.

Frá Las Vegas er stefnan tekin norður, á mormónaslóðir í Utah.

baldur@bu.edu

HELGARKROSSGÁTAN

Leystu krossgátuna
Í vinning eru tveir miðar í bíó í Regnbogann, Borgarbíó eða Smárabíó?

Þú sendir SMS skeytið JA LAUSN LAUSNARORÐIÐ á númerið 1900! Dæmi hvernig SMS gæti litið út ef svarið er Jón. Þá sendir þú SMS-ið JA LAUSN JON
Dregið úr réttum svörum n.k. fimmtudag kl. 12. - 99 kr. sms-ið

					79 MP & BH	AFHENDA	FRANSKUR RENNILÁS	ÓÐ		SÖNG-HÓPUR	HÆÐ	KAUP						
					MATJURT													
					MÁLMUR				RJÚKA / HUGMYNDA-RÍKUR									
					TVEIR EINS / SKORDÝR			FRÚ / BARDAGI			TROÐA		HLEYPA	2 EINS	SMÁU			
	↓	Í RÖÐ	TORNÆMUR NEMANDI	MASAR					3	DRAGA SAMAN / SVIPAÐ								
MIÐLA						XVIII / RÁNFUGL						MISMUNUR						
SKAMMST.				ÞAKBRÚN / MÆLI-EINING				FÝLA / DETTA						DRYKKUR / BUNDIÐ				
		LISTI / FYRIR OFAN		1			SNJÓKOMA / KLUKKA					VEIÐI / KVENNA-BÓSI	2					
MÓRAUÐ KIND					BLUND				KÓF / HREYFING				Í VIÐBÓT / POTA					
MEIRA EN					HEIMTING / GÓNA						UMRÓT / BESTI ÁRANGUR				YNDIS			
ÁTT			REGLA				SJÓ / MÆLI-EINING			DAUFUR / ÞREYTA								
TIPL						GÆTILEGA / TILVIST				4				KJAFTUR		STROFF		
				SPÍRA				HARMA / RYKKORN					ÚTDEILDI / SAMAN-BURÐAR-TENGING					
											BRÆÐI							
				HINDRA					5	KEMUR Í LEITIRNAR								

Lausn krossgátunnar er birt að viku liðinni á vefnum, www.this.is/krossgatur

HAUSTNÁMSKEIÐIN ERU AÐ HEFJAST

Söngnám fyrir alla!

FYRIR ALLA ALDURSHÓPA

ATH: Nú er hægt að nota Frístundakortin til að greiða niður námskeið hjá Tónvinnsluskólanum*

Í FYRSTA SKIPTI!

Barna- og unglinga-námskeið sem verður undirbúningur að barnaþætti fyrir sjónvarp

Birgitta Haukdal og Valgerður Guðnadóttir munu sjá um 10 vikna söngnámskeið fyrir börn og unglinga. Námskeiðið er um leið undirbúningur að upptöku á barnaþætti fyrir sjónvarp. Í þættinum koma börnin fram ásamt Birgittu og Valgerði í söng og leik við undirleik valinkunnra hljóðfæraleikara og tilbúnu undirspili af þekktum dægurlögum. Þetta er skemmtilegt námskeið fyrir krakka á aldrinum 7 til 14 ára þar sem krakkarnir fá æfingu í að koma fram opinberlega og fá að upplifa hvernig vinna fer fram í sjónvarpsveri sem beinir þátttakendur.

Lengd námskeiðs: 10 vikur
Aldur: Fyrir 7 - 14 ára
Verð: Kr. 39.900.-

Aðeins 27.900 kr.
með notkun frístundakorts

Barna- og unglinga-námskeið 2

Valgerður Guðnadóttir sér um námskeið sem sérsniðið er að þeim sem hafa lokið barna-námsskeiði áður.

Lengd námskeiðs: 10 vikur
Aldur: Fyrir 7 - 14 ára
Verð: Kr. 39.900.-

Aðeins 27.900 kr.
með notkun frístundakorts

Söngur og framkoma



Þetta er í 6. sinn sem þetta skemmtilega námskeið er haldið, enda eru kennararnir ekki af verri kantinum þær Selma Björnsdóttir og Valgerður Guðnadóttir landsfrægar leik- og söngkonur. Námskeiðið er tvískipt; annars vegar eru grunnþættir söngs og sviðsframkomu kenndir og hins vegar söngur í hljóðveri. Námskeiðið miðar að því að búa upprennandi söngvara undir þær kröfur sem gerðar eru til skemmtikrafta innan tónlistarbransans. Námskeiðinu lýkur með upptökum í hljóðveri Reykjavik Music Productions þar sem þáttakendur munu fá hljóðritaðan söng sinn á lagi að eigin vali.

Lengd námskeiðs: 10 vikur
(1 tími á viku)
Aldur: 14 ára og eldri
Verð: Kr. 59.900.-

Aðeins 47.900 kr.
með notkun frístundakorts

Blues- og Jazzsöngur með Andreu Gylfadóttur

Andrea Gylfadóttir, Bluesdrottning Íslands, stýrir frábæru námskeiði fyrir þá sem hafa sem hafa reynslu af söng.
Á námskeiðinu mun Andrea kenna Blues- og Jazzsöng. Unnið verður með undirleikara að ákveðnum lögum sem nemendum verður hjálpað að ná tökum á, námskeiðinu lýkur með upptökum í hljóðveri Reykjavik Music Productions.

Lengd námskeiðs: 10 vikur
(1 tími á viku, 2 einkatímar og 8 hóptímar)
Aldur: Fyrir 16 ára og eldri
Verð: Kr. 59.900.-

Blues- og Jazzsöngur framhald

Þeir sem hafa lokið námskeiði hjá Andreu geta sótt um framhaldsnámskeið hjá tónvinnsluskólanum

Lengd námskeiðs: 10 vikur
(1 tími á viku, 2 einkatímar og 8 hóptímar)
Aldur: Fyrir 16 ára og eldri
Verð: Kr. 59.900.-

Aðeins 47.900 kr.
með notkun frístundakorts

FRÁBÆR NÝJUNG!

Námskeið fyrir lengra komna



í sumar útskrifaðist Margrét sem Linklater kennari í New York. Kristin Linklater sem tæknin er kennd við er ein af virtustu raddkennurum í Bandaríkjunum. Bókin hennar Freeing the Natural Voice er notuð allstaðar í kennslu í háskólum í Bandaríkjunum og í Evrópu. Aðferðin byggist upp á geta notað röddina án nokkurra hafta svo sem spennu í hálsi, kjálka eða tungu, vöðvaspennu, kvíða eða þar eftir götunum. Öndun, og líkamsliðkun er mikilvægur þáttur til að geta haft greiðari aðgang að tilfinningalega túlkun, og opnað fyrir ímyndunaraflið. Margrét mun kenna notkun þessarar tækni. Farið verður í gegnum æfingar, upphitanir til að styrkja röddin. Öndum, líkamsæfingar, túlkun, framkoma, og textameðferð er hlutir sem farið verður í.

Lengd námskeiðs: 10 vikur
(1 tími á viku)
Aldur: 16 ára og eldri
Verð: Kr. 59.900.-

Aðeins 47.900 kr.
með notkun frístundakorts

Leiðbeinendur á námskeiðum
eru: Andrea Gylfadóttir, Birgitta Haukdal, Margrét Eir,
Selma Björnsdóttir og Valgerður Guðnadóttir.

Námskeiðin hefjast í september.
Kennt verður í Snælands- og Foldaskóla eftir að venjulegum skólatíma lýkur.
Skráningar í síma 534-9090 eða á heimasíðunni www.tonvinnsluskoli.is

* Upplýsingar um Frístundakortin er að finna á www.itr.is

TÓNVINNSLUSKÓLI
ÞORVALDAR BJARNA
Sponsored Digidesign School

STUÐ MILLI STRÍÐA Trampólín, elskan mín!

JARÞRÚÐUR KARLSDÓTTIR HUGSAR UM TRAMPÓLÍN

Ég var að fatta að mig vantar alveg trampólín. Ég á ekkert trampólín. Ekki einu sinni svona pínulítið dótatrampólín sem gæti nýst mér til að hoppa hæð mína þegar allt annað virðist hafa glatað tilgangi sínum.

Það er mér fullkomlega óskiljanlegt hvernig mér hefur tekist að klúðra þessu. Ég sem ætlaði svo mikið að muna eftir þessu og núna er ég kannski orðin of sein. Fólk er hætt að kaupa trampólín og byrjað að henda þeim.

Ég veit þess vegna ekki hvað ég á að gera. Ætti ég að kaupa það núna og setja út í garð og vera þessi hallærislega sem er rosa sein að fatta hvað er vinsælt? Ég gæti líka keypt það og hent því strax, til að geta sagt að ég hafi átt svoleiðis en áttað mig á hvað það væri glatað. Ætli besta lausnin sé samt ekki að segja bara að ég hafi allan tímann vitað að þetta væri ekki málið. Ég hafi ekki keypt mér trampólín en hafi aftur á móti keypt mér 17 manna grill langt á undan öllum hinum. Get sagt að ég hafi prófað trampólín í útlöndum fyrir löngu og hafi ekki fundist þetta neitt spennandi. En grill, það er alveg málið.

Eftir að ég fékk mér nýja stóra grillið hefur líf mitt breyst gríðarlega til batnaðar. Við getum eldað fyrir heilan mánuð í einu og grillið er það stórt að ég get líka notað það sem sófa og rúm. Sex ára sonur minn, sem hafði lengi langað í koju, sefur svo í skápnum undir grillinu. Lætur bara fara vel um sig milli grilltanganna.

En viti menn, ég var akkúrat núna að detta niður á langbestu lausnina. Ég kaupi mér trampólín og skelli svo grillinu ofan á það. Ég er handviss um að það er næsta trendið. Það er auðvitað langbest í heimi að grilla hoppandi á trampólíni.

myndasögur

Pondus

Eftir Frode Øverli

Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Handan við hornið

Eftir Tony Lopes

Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell

Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

SKEMMTILEGRA SJÓNVARP

REIKNAÐU ÞINN AFSLÁTT ÚT Á STOD2.IS

Sjáðu meira... fyrir minna

1 stöð valin	2 stöðvar valdar	3 stöðvar valdar	4 stöðvar valdar
M12	M12 SILFUR	M12 GULL	M12 PLATINUM
5% afsláttur	20% afsláttur	25% afsláttur	30% afsláttur

Dæmi: Þú hefur valið tvær áskriftarstöðvar. M12 Silfur tryggir þér 20% afslátt.

- [x] Stöð 2
- [ ] Sýn
- [x] Sýn 2
- [ ] Fjölvarpið allur pakkinn
  - [ ] Fjölvarpið skemmtun
  - [ ] Fjölvarpið sport
  - [ ] Fjölvarpið fræðsla
  - [ ] Fjölvarpið Evrópa

Stöðvar	Fullt verð	M12 Silfur	Afsláttur
Stöð 2	5.390 kr.	4.312 kr.	20%
Sýn 2	4.390 kr.	3.512 kr.	20%
Samtals	**9.780 kr.**	**7.824 kr.**	
		Þú sparar 1.956 kr.	

Gakktu frá áskrift á Netinu og fáðu 30% aukaafslátt fyrsta mánuðinn.

Halda áfram

M12 er vildarkerfi sem tryggir áskrifendum betri kjör.
Afslátturinn eykst eftir því sem fleiri stöðvar eru valdar.

klukkan 13-14
Hlynur Hallsson gerir verk fyrir vegg í verslun Eymundssonar í Hafnarstrætinu á Akureyrarvöku. Gestir og gangandi geta tekið virkan þátt í gjörningnum.

menning

menning@frettabladid.is

Stórsveit á Jómfrú

Á tólftu tónleikum sumartónleikaraðar veitingahússins Jómfrúarinnar við Lækjargötu í dag verður blásið: Stórsveit Reykjavíkur treður upp með sérstakur gest: söngkonan Kristjana Stefánsdóttir. Á efnisskrá verður fjölbreytt og kraftmikil stórsveitartónlist. Tónleikarnir hefjast kl. 15 og standa til kl. 17. Leikið verður utandyra á Jómfrúartorginu ef veður leyfir, en annars inni á Jómfrúnni. Þetta verða lokatónleikar tólfta starfsárs Sumartónleika Jómfrúarinnar og eru allir velkomnir.

TÓNLIST Stórsveit Reykjavíkur.

>Ekki missa af

Megasi í Norræna húsinu - Glerskálanum - í kvöld kl. 21. Í sumar eru liðin 39 ár frá því hann tróð þar upp á frægri samkomu og söng Viltu verða mér samferða í blómalandið amma við mikla hneykslan. Það er óskalag kvöldsins.

Ys, þys og ferðalög hjá Íd

Áfram heldur tilkynningum frá stóru stofnunum íslensks leikhúss: Íslenski dansflokkurinn frumsýnir fjögur glæsileg verk þetta starfsárið, býður uppá fjölskyldusýningar í Reykjavík og á Akureyri. Danssmiðja fyrir unga danshöfunda, dansnámskeið fyrir stráka, samstarfsverkefni við Carte Blanche í Noregi og sýningarferðalög til Bandaríkjanna, Frakklands, Hollands, Belgíu og Noregs eru á verkefnaskránni. Það er nóg að gera hjá Íd.

Haustsýningin þann 9. september inniheldur tvö verk - nýja útgáfu af Open Source eftir Helenu Jónsdóttur, verk sem er vex og dafnar með hverri sýningu, og Til nýrra vídda eftir Serge Ricci. Skemmtileg brot úr ýmsum verkum sem henta vel ungum sem öldnum mynda Fjölskyldusýningin verður sýnd á Akureyri þann 14. október og í Reykjavík þann 20. og 21. október.

Febrúarfrumsýningin samanstendur af einum heitasta danshöfundi Svía í dag, Alexander Ekman, og hinum réttnefnda konungi norræns dansleikhúss, Jo Strömgren. Við komu hans hefst umfangsmikið samstarf við norska dansflokkinn, Carte Blanche. Það verður hin magnaða Ina Christel Johannessen sem leiðir saman á þriðja tug dansara Íd og Carte Blanche. Sýningin verður sýnd bæði á Listahátíð í Reykjavík og á Listahátíðinni í Bergen.

Íd hefur aukið hróður íslenskrar danslistar víða en sýningarferðir flokksins eru æ fleiri og í ótal löndum. Í vetur var flokkurinn í Kína en í haust er haldið í vesturveg til 7 borga í Bandaríkjunum, auk sýninga í Frakklandi, Hollandi, Noregi og Belgíu.

Tilraunastöð fyrir unga danshöfunda verður rekin í þriðja skiptið í ár, hugsuð fyrir verk í vinnslu, tækifæri fyrir danshöfundana Leit að ungum karldönsurum innanlands heldur áfram. Í samstarfi við grunnskólana, verður strákum í elstu bekkjum boðið upp á skemmtilegt kynningarnámskeið í dansi.

Í kjölfar hinnar árlegu dansleikhússamkeppni Leikfélags Reykjavíkur og Íd hafa sprottið sýningar - hæst ber að nefna Open Source, verk Helenu Jónsdóttur, sem hefur verið sýnt af Íd víða um heim og nú aftur í haust. Því þótti LR og Íd tími til kominn að stofna sérstakt Dansleikhús, þar sem efnilegustu

DANSLIST Úr Open Source, verki Helenu Jónsdóttur.

keppendum Dansleikhússamkeppninnar gefst færi á að þróa heilstæð verk. Í ár eru það Marta Nordal og Peter Anderson sem fá það verkefni að þróa áfram verk sitt sem flutt var á síðustu dansleikhússamkeppni. Þannig stuðla Íd og LR að áframhaldandi þróun hins ört vaxandi dansleikhúss á Íslandi. **pbb@frettabladid.is**

OPIÐ ALLA HELGINA

OPIÐ ALLA HELGINA • STÚTFULL BÚÐ AF SPENNANDI TILBOÐUM • ALLAR FARTÖLVUR TIL AFGREIÐSLU STRAX

Ef þú finnur tölvuna auglýsta ódýrari en hjá okkur

VERÐ VÖRN

Á lækkum við okkar verð á staðnum

AÐEINS ÞESSA HELGI

25DVD DISKAR

1.290

Verbatim 16x DVD+R spindill

iP4300 PRENTARI

9.990

Athugið aðeins 1 stk. á mann

20"LCD WIDESCREEN

19.900

800:1 - 5MS - VGA OG DVI TENGI

ACER FARTÖLVUR

FRÁBÆRT ÚRVAL AF ACER FARTÖLVUM Í TÖLVUTEK

ATHUGIÐ! RAÐGREIÐSLUR TIL ALLT AÐ 48 MÁNAÐA

15.4" ACER OFURFARTÖLVAN

129.900 | 4.080

TÖLVUTEK

Borgartúni 33 • 105 Reykjavík • 563 6900 • www.tolvutek.is

OPNUNARTÍMAR

OPIÐ Í DAG 10:00 - 18:00

Á MORGUN 13:00 - 17:00

VE - Upphæðin er meðalgreiðsla á mánuði og miðuð við Visa/Euro skuldabréf með hagstæðum vöxtum, stimpil og lántökugjaldi inniföldu • Birt með fyrirvara um breytingar og villur

Axlapúðalúðar og pönkið

Þjóðleikhúsið setur upp nýjan söngleik eftir Hallgrím Helgason í leikstjórn Gunnars Helgasonar, bróður hans, í vetur. Ástin er diskó – lífið er pönk er ástarsaga með axlapúðum og öryggisnælum: Árið 1980 var brennipunktur í íslenskri menningarsögu. Þá reis diskóið hæst og pönkið kom fram. Þú og ég og Brunaliðið sungu sína helstu smelli um leið og Fræbbblarnir og Utangarðsmenn stigu fyrst á svið. Fólk var miskunnarlaust dregið í dilka út frá tónlistarsmekk sínum og fatastíl. Söngleikurinn Ástin er diskó – lífið er pönk gerist á þessum tíma, lýsir átökum hans og uppákomum, frá Hollywood og niður á Hallærisplan. Rósa Björk er heildsaladóttir af Seltjarnarnesi og Ungfrú Hollywood. Á fyrsta

GUNNAR HELGASON Aðeins yngri, en man þetta allt með augum barnsins.

HALLGRÍMUR HELGASON Gamall Wham!-aðdáandi gerir upp unglingsárin.

rúnti í vinningsbílnum frá Heklu rekst dísin á Nonna rokk og Neysluboltana, svaðalegustu pönkara landsins. Rósa fellur þegar kylliflöt fyrir Nonna. Sigrast ástin á fordómum samfélagsins og tískukröfum tímans? Lögin eru bæði gömul og ný og hitturum tímabilsins er teflt gegn nýjum lögum eftir bestu menn bransans. Ekki hefur verið ráðið í hlutverk í sýningunni ennþá.

Ástin er diskó – lífið er pönk hefur verið nokkurn tíma í undirbúningi en frumsýning er fyrirhuguð í apríl 2008. - pbb

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

ÁGÚST

22 23 24 **25** 26 27 28

Laugardagur

TÓNLEIKAR

☐ 16.00 Í dag eru síðustu stofutónleikarnir á Gljúfrasteini í sumar. **Guðný Guðmundsdóttir** fiðluleikari og **Gerrit Schuil píanóleikari** flytja verk eftir Beethoven og fiðluleikarann og tónskáldið Fritz Kreisler. Á tónleikunum mun Guðný vígja nýja fiðlu sem fiðlusmiðurinn Hans Jóhannsson smíðaði.

☐ 17.00 Finnski dúettinn **Katimatti** spilar bræðing af poppi, djass og þjóðlagatónlist í glerskálanum við Norræna húsið.

☐ 20.00 Það verða þrennir tónleikar í glerskálanum við Norræna húsið í kvöld. **Elín Eyþórsdóttir** ríður á vaðið kl. 20, **Megas** spilar kl. 21 og **Mina rakastan sinua Elvis** með skáldkonuna Diddu í fararbroddi tekur við kl. 22.30 og leikur lög sem Elvis Presley gerði vinsæl.

☐ 23.30 Hljómsveitin **The Music Zoo** heldur sína fyrstu tónleika í kvöld. Hljómsveitin er skipuð lismönnum hljómsveitanna Vínils og Dr. Mister og Mr. Handsome. Tónleikarnir eru á Organ í Hafnarstræti.

OPNANIR

☐ 19.00 Norska listamanna tvíeykið **aiPotu** sem skipað er þeim Andreas Siqueland og Anders Kjellesvik opnar sýninguna Sagatími (Storytime) í sýningarýminu **Gallerí Dvergi** á Grundarstíg 21.

FYRIRLESTRAR

☐ 15.00 Yfirkokkur Norræna hússins, **Mads Holm**, ræðir um „Æætlun um nýjan norrænan mat" sem Norræna ráðherranefndin hefur samþykkt. Fyrirlesturinn er í Norræna húsinu.

DANSLIST

☐ 13.00 Flamenco-danskennarinn **Minerva Iglesias** er með ókeypis kennslu í flamenco dansi fyrir börn í glerskálanum við Norræna húsið í dag. Námskeiðin eru tvö og hefjast kl. 13 og 14.45. Minerva er síðan með danssýningu kl. 16.00.

☐ 13.00 **Unnur Guðjónsdóttir** dansari sýnir kínverskan sverðdans í glerskálanum við Norræna húsið.

☐ 14.00 Dansararnir **Halla Ólafsdóttir** og **Lovísa Ósk Gunnarsdóttir** sýna hluta úr dansverkingu Hundaheppni sem verður frumsýnt í lok mánaðarins. Verkið er sýnt í glerskálanum við Norræna húsið.

☐ 18.00 Dansararnir **Helena Jónsdóttir** og **Halla Ólafsdóttir** sýna nýtt dansverk í í glerskálanum við Norræna húsið.

SÝNINGAR

☐ 18.00 Finnska fjölleikahúsið **Med Andra Ord** er með sýningu í Norræna húsinu þar sem hefðbundnum sirkusatriðum er fléttað saman við nútímadans og leikhús.

AKUREYRARVAKA

☐ 11.00 **Bernd Ogrodnik** brúðugerðarmaður býður gestum og gangandi að fá smá innsýn í ævintýraheim leikbrúðunnar.

☐ 11.30 **Anna Richards** fremur gjörninginn „Er hafmeyja í höfninni?" í Akureyrarhöfn með aðstoð **Benedikts S. Lafleur**.

☐ 14.00 Samsýning 22 listamanna opnar í Ketilshúsi í dag. Sýningin ber nafnið **Skyldi ég geta þetta sjálfur?** og er sett upp í tilefni 200 ára fæðingarafmælis Jónasar Hallgrímssonar.

☐ 15.00 Samsýning þeirra listamanna sem eru tilnefndir til Sjónlistarverðlaunanna í ár opnuð á **Listasafni Akureyrar**.

☐ 16.00 Ópera Skagafjarðar og Sinfóníuhljómsveit Norðurlands flytja **La Traviata** eftir Verdi í Íþróttamiðstöð Glerárskóla.

LISTASMIÐJA

☐ 16.00 Sænska listasmiðjan **Lavaland** verður með útibú í Norræna húsinu í dag. Lavaland er vettvangur fyrir ungt fólk á aldrinum 13-25 ára til að fá útrás fyrir sköpunargáfuna undir leiðsögn reyndra leiðbeinenda. Aðgangur er ókeypis.

ARKITEKTÚR

☐ 14.00 Arkitektinn Guja Dögg Hauksdóttir leiðir fólk um Norræna húsið sem var hannað af hinum þekkta finnska arktitekt **Alvar Aalto**. Leiðsögnin er aftur kl. 16.00.

TÍSKUSÝNINGAR

☐ 16.00 Tískusýning á fatnaði frá fatamerkjunum **ER** og **Tóta Design** og hár- og förðunartíska frá **101 Hárhönnun** verður haldin á Skólavörðustíg í dag.

☐ 20.00 **Mundi Design** heldur tískusýningu í Verinu í Loftkastalanum. Sýnd verða Prjónaföt undir sci-fi áhrifum.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.

MYNDLIST Blindskáli Ólafs Elíassonar hverfur nú af Sjónarhóli. Skammt er í að súla Yoko Ono rísi í Viðey en þar er fyrir myndverkið Áfangar eftir Richard Serra.

FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR

Blindskáli fellur

Þessi helgi er síðasta sýningarhelgi Blind Pavilion eftir Ólaf Elíasson en verkið var sett upp á Sjónarhóli í Viðey í tengslum við Listahátíð 2005. Upphaflega átti verkið aðeins að standa í Viðey í nokkra mánuði en gestir Viðeyjar hafa nú fengið að njóta þess í rúm tvö ár. Byrjað verður að taka verkið niður strax eftir helgi og í kjölfarið verður það flutt til nýrra heimkynna.

Blind Pavilion var framlag Danmerkur á Feneyjartvíæringnum árið 2003. Verkið er stálgrind sem stendur á trépalli. Skiptist grindin í innri og ytri hring. Í hringjunum eru samtals um 200 gler sem ýmist eru gegnsæ eða svört. Verkið er framhald tilrauna Ólafs með sjónræna skynjun áhorfandans og er einstakt í sinni röð. Ekki er vitað hvar eigandi þess, sem lánað hefur Listasafni Reykjavíkur verkið, Sigurjón Sighvatsson, hyggst reisa það næst, en hugmyndir eru uppi um að það verði sett upp tímabundið á fáförnum stöðum um landið og flakki utan alfaraleiðar.

Það verður annars nóg annað um að vera í Viðey, en nú eru 100 ár frá því að þorpið tók að myndast í Viðey og er þess minnst í dag.

Fjölbreytt dagskrá verður í boði í eynni fyrir alla fjölskylduna og má þar nefna þrautakóng, útimarkað, kaffisölu, tilraunaeldhúsið „Alveg milljón“, barnaleiðsögn með Björgvini Franz, þorpsgöngu með Örlygi Hálfdanarsyni, hátíðarmatseðli í Viðeyjarstofu og dansiballi á palli fyrir framan Stofuna. Ferjan fer frá Sundahöfn reglulega.

- pbb

NÝJAR PLÖTUR

Um þessar mundir eru liðnir þrír áratugir frá fyrstu útgáfu Kvöldfrétta, LP plötu þar sem Olga Guðrún flutti lög og texta Ólafs Hauks Símonarsonar. Nú koma Kvöldfréttir út á geisladiski í tilefni 60 ára afmæli höfundarins. Eflaust muna margir eftir lögunum Keflavíkurvegurinn, Allar leiðir, Karl Marx, Victor Jara o.fl.

Útsetningar og upptökustjórn Kvöldfrétta annaðist Karl Sighvatsson og margir þekktir hljóðfæraleikarar komu við sögu, þ.á m. Tómas Tómasson, Þórður Árnason, Ragnar Sigurjónsson, Áskell Másson og Egill Ólafsson. Kvöldfréttir komu út í gær í tilefni af stórafmæli Ólafs Hauks Símonarsonar. Dimma gefur út og dreifir í verslanir.

Tólf tónar hafa í tilefni af afmæli skáldsins gefið út úrval barnasöngva hans, Það vantar spýtur – safn bestu barnalaga hans. Á honum eru 14 lög sem lifað hafa með þjóðinni á plötunum Eniga meniga, Hattur og Fattur komnir á kreik og Kötturinn fer sínar eigin leiðir. Öll lögin hafa verið sett í nýjan og skemmtilegan búning. Flytjendur eru Örn Árnason og systkinin Diddú og Páll Óskar Hjálmtýsbörn, útsetningar voru í höndum Jónasar Þóris.

Reyfi 2007

MENNINGARGNÆGÐ NORRÆNA HÚSIÐ
18. – 26. ÁGÚST 2007
LAUGARDAGUR 25. ÁGÚST

LISTSÝNINGAR ALLA DAGA Á MEÐAN Á HÁTÍÐINNI STENDUR:
HÖNNUNARSÝNING FRÁ ÁLANDSEYJUM
LJÓSMYNDASÝNING UM ARKITEKTÚR
LJÓSMYNDASÝNING REBEKKU GUÐLEIFSDÓTTUR
GLOBAL VILLAGE HEIMSÞORP
"SKÖPUN ÚR RUSLI" OG LJÓSMYNDASÝNING VINNUSKÓLA REYKJAVÍKUR
SÝNING Á VERKUM LEIKSKÓLABARNA

GLERSKÁLI:
DANSSÝNINGAR:
KL. 13:00 – 18:00
KL. 13:00 SVERÐDANS, UNNUR GUÐJÓNSDÓTTIR
KL. 13:00
FLAMENCOSKÓLI FYRIR BÖRN
KL. 14:00 SAMSUÐAN OG CO SÝNA DANSVERKIÐ HUNDAHEPPNI
KL. 14:45
FLAMENCOSKÓLI FYRIR BÖRN
KL. 16:00 FLAMENCODANS MINERVA IGLESIAS
KL. 18:00
NÝTT DANSVERK EFTIR HELENU JÓNSDÓTTUR
TÓNLEIKAR:
KL. 17:00 KATIMATTI
KL. 20:00
ELÍN EYÞÓRSDÓTTIR
KL. 21:00 MEGAS
KL. 22:30 MINA RAKASTAN SINJA ELVIS

NORRÆNA HÚSIÐ:
KL. 14:00 OG 16:00 LEIÐSÖGN UM NORRÆNA HÚSIÐ MEÐ GUJU DÖGG ARKITEKT
KL. 14:00 LAVALAND, VERKSTÆÐI FYRIR UNGLINGA
KL. 15:00
NORRÆN NATARSEND
KL. 18:00 MED ANDRA ORD SIRKUSSÝNING

WWW.NORDICE.IS WWW.REYFI.IS

Námsmannaþjónusta Sparisjóðsins

Við hjá Sparisjóðnum viljum vera í góðu sambandi við viðskiptavini okkar. Félagar í Námsmannaþjónustunni njóta persónulegrar þjónustu sem er sniðin að þörfum hvers og eins, auk góðra kjara og spennandi sértilboða. Við erum alltaf til í að ræða málin – ef sambandið er gott, gengur allt annað betur líka.

Skoðaðu málið betur á **www.spar.is** til þess að komast í gott samband!

SPARISJÓÐURINN
Námsmannaþjónusta

Kringlukráin
Dans á Rósum
í kvöld
Fjölbreyttur sérréttaseðill öll kvöld vikunnar

> TÍSKUFRÉTTIR VIKUNNAR

Fyrirsætan **Claudia Schiffer** er í ítarlegu viðtali í ágústhefti franska vogue. Myndirnar af hinni 36 ára gömlu fyrirsætu þykja afar glæsilegar og kynþokkafullar enda teknar af tískuljósmyndaranum mario testino

Tískuhúsið Armani er að setja nýtt ilmvatn á markaðinn. Það heitir Diamonds og andlit þess er engin önnur en söng og leikkonan íturvaxna **Beyoncé Knowles**.

Stílistinn **Katie Grand** hefur verið ráðinn sem aðalhönnuður breska merkisins Mulberry. Grand er þekkt sem einn stofnenda blaðsins Dazed and Confused og hefur unnið hjá Proenza Schouler, Prada og Giles. Því má búast við umsvifamiklum breytingum hjá þessu klassíska merki sem er aðallega þekkt fyrir fallegar leðurvörur.

stíll

utlit@frettabladid.is

VISTVÆNAN OG SVALAN „leran" lampa frá ikea. Búinn til úr handunnum og endurvinnanlegum bambus, náttúrulegri pálmaolíu og með sparnaðarperum. Snilld.

HIMINHÁA hælaskó frá Gucci., við svona skó þarf maður engin föt. Frá Noma, Laugavegi

OKKUR LANGAR Í ...

SÚKKULAÐIFJÖLL SEM BRÁÐNA Í MUNNI... fáðu þér Heklu, Stapa eða Eldborg hönnuð af Brynhildi Pálsdóttur og gerð af Hafliða súkkulaðimeistara. Fást í Landnámssafninu, Aðalstræti og www.konfekt.is

DAÐRAÐ VIÐ TÍSKUNA

Anna Margrét Björnsson

Djöfullinn klæðist Prada (Í alvörunni!)

Út er komin fróðleg bók eftir tískublaðamanninn Dana Thomas sem kallast „ Deluxe: How Luxury Lost its Luster." (Hvernig munaður missti ljómann). Í þessu líflega ágripi af munaðarvöruiðnaðinum fer hún yfir sögu „lúxus" merkja eins og Hermés, Louis Vuitton og Prada og hvernig lúxusiðnaðurinn svokallaði hefur þróast síðustu ár. Fróðlegt er að lesa að Hermés, Cartier og Louis Vuitton voru öll sett á fót á 18. öldinni þegar handverksmenn bjuggu til dásamlega hluti fyrir konungsfjölskyldu Frakklands, og síðar, eftir byltinguna, fyrir evrópskt hefðarfólk og ríkar bandarískar fjölskyldur. Hún talar um þá skemmtilegu staðreynd að ástæða þess að Hermés tók upp appelsínugula litinn var sú að á stríðsárunum var hann eini efnislitur inn sem var auðfáanlegur. Aðalfókus Thomas, sem bjó í París í tólf ár, er þó hvernig lúxusmarkaðurinn hefur þróast og færst nær almenningi. Þróunin hófst þegar Miuccia Prada ákvað að fjöldaframleiða nælontöskur í lok níunda áratugarins og gerði merkið þar með aðgengilegt venjulegu fólki. „Fjörutíu prósent Japana eiga eitthvað merkt Vuitton," segir hún og bætir við að árið 2004 var gerð rannsókn sem sýndi að bandarískar konur kaupa heilar fjórar töskur árlega. Munaðarvörur sem eitt sinn voru keyptar af aðeins fáeinum ríkum einstaklingum eru nú fjöldaframleiddar í stórum stíl. Einu sinni voru merki vandlega falin og saumuð innan í hátískukufatnað en í dag nýtur almenningur þess að merkja sjálfan sig í bak og fyrir með risastórum lógóum. Munaðarvörurnar færðust sumsé frá háklassanum til miðstéttarinnar og að sama skapi virtist ljóminn einhvernveginn fara af þeim. Nú snúast þessi tískuhús í hringi í kringum leikkonur og poppstjörnur, hella peningum í rándýrar auglýsingaherferðir og nota ódýrara efni og vinnuafl og í stað menntaðra handverksmanna eru allir bolirnir og peningaveskin væntanlega hömruð saman af bláfátækum börnum í þriðja heiminum fyrir nokkra aura í laun. Ilmvötn sem áður voru þróuð af háþróuðum „nefjum" og innihéldu einstök ilmefni eru nú bara einhver konsept í höfðinu á markaðsmönnum. Höfundur bókarinnar vitnar í ritstjóra bandarísku Vogue, Anne Wintour, sem segir, „ Þessar breytingar þýða að fleira fólk getur klæðst betri tísku," og „ því meiri tísku sem fólk getur keypt sér, því betra." En sjálf dregur Thomas þá dapurlegu ályktun að þrátt fyrir að iðnaðurinn hafi breytt því hvernig venjulegt fólk klæðir sig hafi hann fórnað heiðarleika sínum, grafið undan vörunum sjálfum og blekkt viðskiptavini sína. Sumsé, um leið og sótsvartur almúginn fór að ganga í merkjavöru frá toppi til táar hætti hún að vera sérstök.

(Áhugasamir geta nálgast bókina á Amazon, en hún er gefin út af Penguin Press).



MOD-LEGUR GLAMÚR Frá haust/vetrarlínu April 77 fyrir herra og dömur. Línan sem heitir Martini Time er innblásin af rokkabillísveitum og þá sérstaklega The Cramps.

FRAKKAR ROKKA

Frönsk tónlist byrjar hvorki með Gainsbourg né endar með Air heldur hafa margar skemmtilegar og ferskar rokkhljómsveitir komið frá Frakklandi undanfarin misseri. Franska tískumerkið April 77 er líka eins rokkað og mögulega gerist, og var sett á fót af hinum kornunga Brice Partouche árið 2002. April 77 hefur notið mikillar hylli meðal ungs fólks í hipp og kúl rokksenunni um heim allan en eldri rokkstjörnur eins og Iggy Pop og liðsmenn Rolling Stones eru einnig orðnir miklir aðdáendur fatalínunnar. Merkið nýtur innblásturs goðsagnakenndra rokksveita eins og Joy Division og the Ramones en það sem er einnig sérstaklega skemmtilegt er að það notar engar dýraafurðir í fötin sín og notar gerviefni í stað leðurs. Haust- og vetrarlínan 2007 er áfram sérlega rokk-innblásin en í þetta sinn tileinkuð glamúrnum sem einkenndi költ-sveitina The Cramps. en hún varð þekkt fyrir „psychobilly" tónlist sína á áttunda áratugnum og skrautlega meðlimi eins og Lux Interior og Poison Ivy. April 77 línan er titluð „Martini Time" og með henni segjast Frakkarnir bjóða upp í kokkteil í vetur í fylgd með draugum Johnny Thunders og Tav Falco. Hægt er að nálgast þessar dásamlega svölu flíkur hjá Dead, Laugavegi 29. **- amb**

STÍLHREIN Falleg bleik skyrta frá April 77, fæst í Dead.

NÍÐÞRÖNGAR Túrkisbláar gallabuxur frá April 77, fást í Dead.

ROKKABILLÍ Rauður og svartur jakki frá April 77, fæst í Dead.

TILBOÐ 999 KR



S·K·Í·F·A·N

FLUGSTÖÐINNI • LAUGAVEGI • KRINGLUNNI • SMÁRALIND

> VISSIR ÞÚ?

Ferðalangar þurfa að kynna sér lög á áfangastað áður en lagt er í ferðir. Reynir þú að fara inn í Wisconsin með kjúkling á höfði þér geristu brotlegur við lög. Það þýðir þó ekki að annað fiðurfé sé velkomið, því hvorki má fara inn í ríkið né úr því með önd á höfðinu.

fólk

folk@frettabladid.is

Tónleikaferð með Bloodhound

Hljómsveitin The Musik Zoo, sem heldur tónleika á Organ í kvöld, fór nýverið í tónleikaferðalag með The Bloodhound Gang um Þýskaland og Sviss.

Sveitin samanstendur af Ívari Erni, sem var áður í Dr. Mister and Mr. Handsome, Jóa úr Rafrænu Reykjavík, og þeim Kidda, Gulla og Agli sem voru áður í Vinyl. Egill var einnig í Dr. Mister með Ívari Erni. Hefur sveitin verið starfandi í Kaupmannahöfn að Agli undanskildum og fór hún þannig skipuð í tónleikaferðina með Bloodhound Gang. „Þeir fóru með þeim og hituðu upp fyrst í apríl. Það gekk vel og þá var þeim boðið aftur í júní," segir Egill, sem segir fyrstu plötu The Musik Zoo vera í burðarliðnum. „Núna erum við að vinna demó á fullu og erum í upptökum hérna heima. Það er alveg plata á dagskránni."

THE MUSIK ZOO Hljómsveitin The Musik Zoo heldur tónleika á Organ í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Egill lýsir tónlist sveitarinnar sem blöndu Dr. Mister and Mr. Handsome og Vinyls þar sem danstónlist og rokki sé hrist saman. Tónleikarnir annað kvöld hefjast upp úr miðnætti og er ókeypis inn. Blood Group og plötusnúðurinn Einar Sonic koma einnig fram.

- fb

Japönsk fatalína velur íslenskt

OSCAR BJARNASON Tvöfaldur Oscar í bol með vörumerkinu Systm, sem hefur vakið mikla athygli að undanförnu.

Japanski fataframleiðandinn UNIQLO hefur keypt vörumerki grafíska hönnuðarins Oscars Bjarnasonar, Systm, fyrir sína nýjustu fatalínu. Einnig hefur þýska bókaútgáfan Die Gestalten keypt réttinn að merkinu.

„Þetta er svolítið „egóbúst"," segir Oscar. „Ég var mjög sáttur að fá fatnaðinn og að vita að þetta yrði framleitt í fimmtán til tuttugu þúsund eintökum. Þeir voru að opna nýja búð í New York og þar er þetta framleitt sem „summer special", sem er mjög gaman," segir hann. Einnig er vörumerkið selt á fatnaði í Japan, Kóreu, Hong Kong, Frakklandi og í Bretlandi, auk þess sem hægt er að panta það á netinu.

Merkið var upphaflega valið í hina þekktu vörumerkja- og lógóbók Tres Logos sem kom út á dögunum á vegum bókaútgáfunnar Die Gestalten. Send voru inn tuttugu til þrjátíu þúsund merki frá um tvö þúsund hönnuðum og voru á endanum valin 4-5000 merki. Af þessum merkjum voru aðeins tuttugu valin fyrir japönsku fatalínuna og telst þetta því mikill heiður fyrir Oscar. Hann hefur áður vakið athygli fyrir hönnun sína því hann á heiðurinn að lógóinu fyrir N1 og veitingastaðinn Domo, sem hann hlaut FÍT-verðlaun fyrir. Þeim sem vilja kynna sér verk Oscars er bent á heimasíðuna http://analog.sys.is. **- fb**

GERIR MYND UM HESTARIÐLA Robinson Devor gerði myndina Zoo um samfélag manna í Bandaríkjunum sem stunda kynlíf með hestum.

Ástamál hestariðla

Kvikmyndin Zoo fjallar um menn sem ólíkt flestum hrífast heldur af hestum en mannfólki. Þetta er heimildarmynd með leiknum atriðum. Myndinni er ekki ætlað að sjokkera fólk, frekar að sýna mannlegu hlið þeirra sem þetta stunda.

HESTAR OG MENN Myndin Zoo fjallar um menn sem hrífast af hestum en ekki fólki. Hesturinn á myndinni tengist ekki efni viðtalsins beint.

„Mér fannst umfjöllunin öll vera á einn veg. Fólk var að grínast eða hneykslast á þessu án þess að kafa neitt ofan í málið. Með myndinni reyndi ég að svara þeim spurningum sem ég vildi fá svör við," segir Robinson Devor, leikstjóri myndarinnar Zoo, sem fjallar um hóp manna í Bandaríkjunum sem stundar kynlíf með hestum. Hann ákvað að gera myndina í kjölfar mikillar fjölmiðlaumfjöllunar um mann sem dó eftir kynlíf með hesti. Kynlífsathafnirnar höfðu skemmt innyfli mannsins svo illa að hann dó af áverkunum.

„Það sem mig langaði til að skoða í upphafi var hvort mögulegt væri að bjarga mannorði manns sem var orðinn alræmdur fyrir að deyja í kjölfar kynlífs með hesti." Þetta gerir Devor með því að tala við vini hans sem stunduðu þetta með honum og reyna að komast að því hvað þessir menn eru að hugsa.

Ástarsambönd við hesta

Mennirnir sem fjallað er um í myndinni líta svo á að þeir eigi í ástarsamböndunum við dýrin. Þeir stunda ekki eingöngu kynlíf með þeim heldur fara þeir í heimsókn upp í hesthús og spjalla um daginn og veginn. Mennirnir trúa hestunum fyrir sínum innstu hjartans málum og stunda eingöngu kynlíf með þeim þegar þeir líta svo á að löngunin sé gagnkvæm.

„Myndin er sambland af leiknum atriðum og óleiknum. Það var mjög erfitt að fá mennina til að koma fram í myndinni. Við fengum eingöngu að taka viðtölin upp á band því enginn viðmælendanna vildi þekkjast."

Vandmeðfarið efni

Myndin hefur verið gagnrýnd fyrir að skoða málið eingöngu út frá sjónarhóli hestariðlanna. Ekkert er talað við fólk sem hefur eitthvað slæmt um málið að segja og sú hlið málsins sem snýr að dýraamisnotkun ekkert skoðuð.

„Ég held að ég hafi kannski ómeðvitað verið að hlífa sjálfum mér með því að einblína á fallegri hliðina. Myndinni er samt á engan hátt ætlað að vera neins konar áróðursmynd fyrir kynlífi með dýrum."

Mennirnir í myndinni gera greinarmun á sér, sem þeir telja vera í ástarsamböndum við dýrin, og þeim sem fara illa með dýr að þeirra mati. Þeir segja að dýrin vilji þetta og allt sé með þeirra samþykki. Sama viðkvæði nota barnaníðingar gjarna. „Spurningin um samþykki er auðvitað flóknasta spurningin í þessu. Ég fór í rauninni ekkert ofan í það allt saman. Það er auðvitað rétt að erfitt er að dæma um hvað sé samþykki og hvað ekki hjá dýrum. Ég skoðaði heldur ekki hvernig hestarnir voru aldir, hvort þeir voru aldir til að finnast þetta eðlilegt og taka þátt í þessu."

Myndin Zoo er sýnd á Bíódögum græna ljóssins í Regnboganum um helgina.



48 TÍMA TILBOÐ

MEÐAN BIRGÐIR ENDAST!

VIÐ SENDUM TÆKIÐ HEIM TIL ÞÍN

KDL40V2500
SONY 40" LCD SJÓNVARP V2500
Myndstýring: BRAVIA Engine með Live Color Creation
Upplausn: 1366x768 HD ready
WCG-CCFL baklýsing
PIP - myndfrystimöguleiki
3D Comb Filter
BBE ViVa HD3D hljóðtækni
HDMI tengi: 2
Component tengi: 1
VGA tengi: 1
Scart tengi: 2

DAVDZ630
SONY HEIMABÍÓ DAVDZ630

249,999,-

80.000,-
VERÐLÆKKUN

KDL32P2530
SONY 32" LCD SJÓNVARP P2530
Myndstýring: BRAVIA Engine
Upplausn: 1366x768 HD ready
PIP - myndfrystimöguleiki
3D Comb Filter
Borðstandur með snúningi fylgir
Dynamic contrast: 5000:1
Birta cd/m2: 450
Svartími: 8ms
Sjónvarpsmóttakari: Analog og digital (DVB)
HDMI tengi: 2

DAVDZ20
SONY HEIMABÍÓ DZ20

149,999,-

40.000,-
VERÐLÆKKUN

SMÁRA BÍÓ SÍMI 564 0000

SKOPPA & SKRÍTLA	kl. 2 - 3 500 kr	14
BOURNE ULTIMATUM	kl. 3 - 5.30 - 8 - 10.30	
BOURNE ULTIMATUM LÚXUS	kl. 3 - 5.30 - 8 - 10.30	12
THE SIMPSONS MOVIE kl. 4 - 6 - 8 - 10 enskt/ 2 - 4 - 6 ísl. tal		
RUSH HOUR 3	kl. 1.30 -3.45 - 5.50-8-10.10	
DIE HARD 4.0	kl. 8 *Síðustu sýningar	14
DEATH PROOF	kl. 10.45 *Síðustu sýn.	16

REGNBOGINN SÍMI 551 9000

SÝNINGARTÍMAR BÍÓDAGA GRÆNA LJÓSSINS	
KL. 3	Curse of the Golden Flower** / Hallam Foe**
	The Bridge** / Fast Food Nation**
KL. 5.30	Deliver Us From.** / Sicko / Goodbye Baf. / Fuck**
KL. 8	Away From Her / Shortbus / Zoo /Going To Piec.**
KL. 10.30	No Body Is Perfect / Cocaine Cowboys / Die Falscher

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

ASTRÓPÍA	kl. 4 - 6 - 8 - 10	
BOURNE ULTIMATUM	kl. 3 - 5.30 - 8 - 10.30	14
RUSH HOUR 3	kl. 4 - 6 - 8 - 10	12
BECOMING JANE	kl. 3 - 5.30 - 8 -10.30	

SÍMI 462 3500

BOURNE ULTIMATUM	kl. 6 - 8 - 10*	14
RUSH HOUR 3	kl. 4 - 8 -10	12
THE SIMPSONS MYNDIN ÍSL. TAL	kl. 6	
AKUREYRARVAKA - STOLT SIGLIR FLEYGIÐ	kl. 4 - 5 Frítt inn	

MIÐASALA Á midi.is * Kraftsýning

ÁLFABAKKA		
ASTRÓPÍA	kl. 2 - 4 - 6 - 8 - 10:10	L
ASTRÓPÍA	kl. 8 - 10:10 VIP	
RATATOUILLE ENSKU TAL	kl. 12:30 - 3 - 5:30 - 8 - 10:30	L
RATATOUILLE ÍSL TAL	kl. 12:30 - 3 - 5:30 DIGITAL	L
TRANSFORMERS	kl. 5 - 8 - 10:40	10
TRANSFORMERS	kl. 2 - 5 VIP	
NANCY DREW	kl. 6	7
GEORGIA RULES	kl. 8	7
HARRY POTTER 5	kl. 12:30 - 3 - 8	10
SHREK 3 M/- ÍSL TAL	kl. 1 - 3	L
OCEAN´S 13	kl. 10:30	7
SELFOSSI S. 482 3007		
RUSH HOUR 3	kl. 1:30 - 8 - 10	12
ASTRÓPÍA	kl. 3:30 - 8 - 10	L
RATATOUILLE M/- ÍSL TAL	kl. 1:30 - 3:40 - 5:50	L
TRANSFORMERS	kl. 5:30	10

KRINGLUNNI		
BOURNE ULTIMATUM	kl. 5:40 - 8 - 10:20	12
ASTRÓPÍA	kl. 4 - 6 - 8 - 10:10	L
RATATOUILLE M/- ÍSL TAL	kl.2-3-5:30 DIGITAL	L
RATATOUILLE ENSKU TAL	kl. 8	L
TRANSFORMERS	kl. 10:20 DIGITAL	10
SHREK 3 M/- ÍSL TAL	kl. 2	L
AKUREYRI		
ASTRÓPÍA	kl. 4 - 6 - 8 - 10	L
SHREK 3 ÍSL TAL	kl. 2	L
RATATOUILLE ÍSL TAL	kl. 2 - 4 - 6	L
RATATOUILLE ENSKT TAL	kl. 8	L
TRANSFORMERS	kl. 10:15	10
KEFLAVÍK		
ASTRÓPÍA	kl. 2 - 6 - 8 - 10	L
BOURNE ULTIMATUM	kl. 8 - 10:30	12
RATATOUILLE M/- ÍSL TAL	kl.1:30 -3:40 -5:50	L
NANCY DREW	kl. 4	7

Nýr skemmtistaður opnaður við klettabeltið í Öskjuhlíð

Senn líður að lokum endurbóta afþreyingarhallarinnar í Öskjuhlíð og verður nýr skemmtistaður tekinn í notkun í burjun næsta mánaðar. Staðurinn er hannaður við klettabeltið í Öskjuhlíðinni og er einstakur í útliti.

„Við viljum meina að þessi staður sé bylting í veitingahúsageiranum hér á landi," segir Rúnar Fjeldsted, eigandi staðarins, eða „Kamelljónsins" eins og hann hefur verið kallaður af starfsmönnum. Gælunafnið vísar til einstakrar ljósahönnunar staðarins sem gerir það að verkum að hægt er að skipta um þema eftir því hvaða viðburður er í gangi hverju sinni. „Við viljum meina að það hafi vantað svona stað hér á landi. Þarna verður hægt að vera með allar gerðir veisluhalda og svo ætlum við einnig að vera bestir í boltanum," segir Rúnar en til marks um það má nefna að fjórir flatskjáir verða á salerninu svo menn missi ekki af neinu.

Allt að 14 metra lofthæð er inni á skemmtistaðnum, en hann er smíðaður í kringum bergið í Öskjuhlíðinni. Náttúran að utan er þannig teygð inn í húsið og samanstanda veggir staðarins að mestu leyti af klettum og grjóti. „Útlitið er tignarlegt og það verður mikil upplifun að koma inn á þennan stað," segir Rúnar, en staðurinn verður opnaður í byrjun næsta mánaðar.

vignir@frettabladid.is

EINSTAKT ÚTLIT

Nýi staðurinn í Öskjuhlíðinni er byggður við bergið og segir **Rúnar Fjeldsted** að um byltingu í veitingahúsageiranum sé að ræða. Tignarlegar ljósakrónur, rennandi vatn um veggi, flatskjáir á salernum og einstök ljósadýrð er á meðal þess sem er að finna á staðnum.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Samdi lag handa bróður sínum

Siggi Lauf, sonur hins söngelska predikara Guðlaugs Laufdal hjá Omega, tók nýverið upp lagið Brother sem hann samdi til bróður síns og gaf honum í afmælisgjöf. „Þetta er bara „brotherly love". Ég gaf honum þetta á afmælisdaginn í 21 árs afmælisgjöf."

Siggi er í viðræðum við útgáfufyrirtæki hér heima og í Bandaríkjunum um nýjan plötusamning. „Það eru einhverjar samræður í gangi við útgáfufélög. Það er verið að skoða alla möguleika," segir Siggi, sem játar að hann sé spenntur fyrir frama erlendis. „Þetta er það sem mig langar að gera."

Upptökur á nýrri plötu hefjast á næstunni og þar verða meðlimir rokksveitarinnar Noise honum til halds og trausts, rétt eins og þeir voru á tónleikum Sigga á Arnarhóli á menningarnótt. „Það var alveg stórglæsilegt, bara bombandi stemning," segir hann.

Hægt er að heyra lagið Brother á heimasíðunni myspace.com/siggilauf.

SIGGI LAUF Siggi Lauf er í viðræðum við erlend útgáfufyrirtæki um nýjan plötusamning.

Fagna nýrri plötu í Flatey

Feðgarnir Pan og Óskar Thorarensen, sem kalla sig Stereo Hypnosis, halda útgáfutónleika í Flatey á Breiðafirði í kvöld í tilefni af útkomu plötunnar Parallel Island.

Upptökur á plötunni hófust síðasta sumar og lauk þeim í júní síðastliðnum. Flatey er þema plötunnar og fóru allar upptökur þar fram. Nánari upplýsingar um ferðir til Flateyjar má finna á www.saetaferdir.is.

FEÐGAR Feðgarnir Pan og Óskar Thorarensen halda útgáfutónleika í Flatey.

Magni veldur vonbrigðum

Austfirðingurinn Magni Ásgeirsson hefur verið mikið í sviðsljósinu síðan hann gerði það gott í Rock Star Supernova sjónvarpsþáttunum, en þeir fengu metáhorf hér á landi þó að viðtökur annars staðar í heiminum hafi verið eitthvað undir væntingum. Til að ná árangri í þáttaröð eins og Rock Star þarf keppandi að sjálfsögðu bæði að geta sungið og að standast álagið sem fylgir svo erfiðri keppni. Magni kláraði hvort tveggja með stæl og endaði í fjórða sæti.

Nú er fyrsta sólóplata Magna komin út og margir eflaust spenntir að heyra hvernig strákurinn spjarar sig. Rock Star er fyrst og fremst söngvarakeppni, en eins og dæmin sanna þá er ekkert samasemmerki á milli þess að standa sig vel í því að túlka lög annarra í sjónvarpsþáttum og að búa til tónlist sem eitthvað er varið í.

Platan inniheldur 13 lög, 11 þeirra eru frumsamin, ýmist af Magna einum eða í samvinnu við aðra, en auk þess er útgáfa af Radiohead-laginu Creep og tónleikaupptaka af Live-laginu The Dolphin's Cry frá tónleikum í Laugardalshöll í desember í

TÓNLIST

Magni

Magni

★★

Meðalmennska og eftiröpun einkenna þessa fyrstu sólóplötu Rock Star-hetjunnar Magna Ásgeirssonar.

fyrra. Magni söng bæði þessi lög við góðar undirtektir í Rock Star þáttunum.

Það verður að segjast eins og er að þessi fyrsta sólóplata Magna veldur vonbrigðum. Orðið sem kemur upp í hugann þegar maður hlustar á hana er meðalmennska. Lagasmíðarnar og textarnir eru klisjukenndir og það sama á við um hljóminn og útsetningarnar. Tónlistin fer frá því að vera hreint popp yfir í rokk og lögin í seinni flokknum (Alone, Addicted, Let Me In The Dark...) eru sérstaklega vond eftiröpun á amerísku meginstraumsrokki. Popplögin eru skárri. Fyrsta lagið á plötunni, If I Promised You The World (sem hefur þegar slegið í gegn á Íslandi) er t.d. prýðilega saminn og unninn popprokksmellur. Fín melódía og flottur bassaleikur. Play With Me og Tear Us Apart eru líka alveg þokkalegustu stykki, en á heildina litið vantar alveg ferskleikann í þessa tónlist.

Magni hefur sýnt það og sannað að hann er hæfileikaríkur flytjandi og eins og heyrist svo glöggt á tónleikaupptökunni á The Dolphin's Cry þá á hann auðvelt með að ná upp stemningu og hrífa fólk með sér. Hann á vonandi eftir að finna sig tónlistarlega, en á þessari fyrstu sólóplötu er hann á villigötum.

Trausti Júlíusson

Skífuþeytarar fagna

Árshátíð íslenskra plötusnúða fer fram á NASA næstkomandi laugardagskvöld þar sem sannkallað landslið íslenskra plötusnúða kemur fram. Alls þeyta sextán plötusnúðar skífum á báðum hæðum hússins og hafa sjaldan eða aldrei jafnmargir snúðar komið fram á einu kvöldi.

„Þetta er flóran af helstu plötusnúðum Íslands í dag sem eru búnir að vera að spila reglulega. Auðvitað er ekki hægt að koma öllum fyrir saman á einu kvöldi en við ákváðum að ganga eins langt og við gátum," segir Kristinn Bjarnason hjá Flex Music sem stendur fyrir verkefninu. Kemur hann einnig fram undir nafninu Ghozt. „Að því er ég best veit er þetta Íslandsmet í fjölda plötusnúða. Ég held að það hafi aldrei komið svona margir plötusnúðar hérna saman og spilað."

Tveir plötusnúðar troða upp í einu á neðri hæðinni þar sem notast er við fjóra plötu- og geislaspilara ásamt öllum þeim tækjum sem viðkomandi plötusnúður hefur fram að færa. Sérstakur heiðursgestur verður guðfaðir íslenskrar danstónlistar, Grétar. Hann er búsettur í Skotlandi en kemur hingað til lands eingöngu í þeim tilgangi að troða upp á þessari hátíð.

KRISTINN BJARNASON Kristinn Bjarnason hjá Flex Music mun þeyta skífum á laugardagskvöld undir nafninu Ghozt.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Aðgangseyrir á hátíðina er 1.500 krónur og verða miðar aðeins seldir við hurð. Húsið verður opnað klukkan 23.00. Nánari upplýsingar um árshátíðina má finna á flex.is.

- fb

FRÉTTIR AF FÓLKI

Dómari í Kaliforníu hefur hrósað leikaranum **Mel Gibson** fyrir að hafa tekið vel á sínum málum eftir að hann var handtekinn fyrir að aka undir áhrifum á síðasta ári. Hrópaði hann þá ókvæðisorð að lögreglunni og var í kjölfarið dæmdur í þriggja ára skilorðsbundið fangelsi. Einnig var honum gert að sitja 90 daga námskeið um áhrif misnotkunar áfengis og sækja fundi AA-samtakanna næstu tólf mánuðina. Gibson má núna mæta á AA-fundi hvenær sem hann vill vegna góðrar hegðunar sinnar.

Sjónvarpsstjarnan **Nicole Richie** hefur verið látin laus úr fangelsi eftir að hafa afplánað 82 mínútur af dóm sínum. Richie var dæmd í fjögurra daga fangelsi fyrir að aka undir áhrifum áfengis. Samkvæmt bandarískum lögum er þeim föngum sleppt innan 12 klukkustunda sem hafa verið dæmdir í innan við 30 daga fangelsi fyrir afbrot sem fólu ekki í sér ofbeldi. Með þessu er reynt að koma í veg fyrir of mikinn fjölda fanga í fangelsum.

Leikarinn **Samuel L. Jackson** var tekinn fyrir heimilislausan mann við tökur á myndinni Resurrecting The Champ. Í myndinni leikur Jackson fyrrverandi hnefaleikakappa sem missir heimili sitt, og átti hann ekki í vandræðum með að lifa sig inn í hlutverkið. „Ég gekk um reykjandi sígarettur og einhverjir náungar héldu að ég væri einn af þeim. Þegar við fórum í athvarfið við tökur á atriði með Josh Hartnett plataði ég líka ansi marga," sagði Jackson.

> Enginn stöðugleiki hjá Birgi Leifi

Birgir Leifur Hafþórsson átti skrautlegan dag á öðrum keppnisdegi KLM-mótsins sem fram fer í Hollandi en mótið er liður í Evrópumótaröðinni. Birgir Leifur byrjaði daginn með miklum látum og fékk fjóra fugla á fyrstu fimm holunum. Á 6. braut fór eitthvað úrskeiðis og hann lék næstu þrjár brautir á samtals 6 höggum yfir pari. Birgir rétti síðan aðeins úr kútnum og kom í hús á 73 höggum eða þrem höggum yfir pari. Birgir endaði í 124. sæti og komst ekki í gegnum niðurskurðinn.

sport
sport@frettabladid.is

FEÐGININ BJÖRGVIN SIGURBERGSSON OG GUÐRÚN BRÁ BJÖRGVINSDÓTTIR: BÆÐI ÍSLANDSMEISTARAR Í HÖGGLEIK

Þrettán ára með Íslandsmeistarann sem kylfusvein

Glæsilegur sigur Keilismannsins Björgvins Sigurbergssonar á Íslandsmótinu í höggleik í síðasta mánuði er mönnum enn í fersku minni en hann var í forystu alla hringina og vann titilinn í fjórða sinn á ferlinum. Björgvin er samt ekki eini Íslandsmeistarinn í fjölskyldunni því dóttir hans, Guðrún Brá Björgvinsdóttir, tók pabba til fyrirmyndar og varð Íslandsmeistari í sínum aldursflokki, sem var stelpuflokkur 13 ára og yngri. Guðrún leiddi einnig allan tímann og vann að lokum með 23 högga mun.

„Ég fylgdist með henni og hún er mjög efnileg," segir Björgvin Sigurbergsson, en hann er öruggur á því að einhver feðgin hafi afrekað það að verða Íslandsmeistarar á sama ári þótt að hann myndi ekki eftir neinum. Öll fjölskyldan hefur mikinn áhuga á golfinu en Björgvin segir þó að það séu ekki nema þrjú ár síðan að Guðrún Brá byrjaði að æfa golf. „Það kom strax fram áhugi hjá henni þegar hún fékkst til að prófa golfið. Hún byrjaði 10 til 11 ára en var náttúrlega búin að dingla kylfu fram að því. Það var frænka hennar, Jódís Bóasdóttir, sem fékk hana til að koma með sér," segir Björgvin. Fjölskyldan er mikið saman á golfvellinum. „Þegar við ferðumst þá spilum við öll fjögur saman, ég, konan og krakkarnir báðir því sá stutti er byrjaður líka," segir Björgvin sem hefur því fengið mörg tækifæri til að spila með og leiðbeina dótturinni. „Hún er búin að fylgjast með mér. Hún dró fyrir mig í meistaramótinu og hún lærir mikið af því að sjá það hvernig maður spilar. Ég dró síðan tvo daga með henni á Íslandsmótinu og mamma hennar fór síðan með henni einn daginn. Við erum þarna ef að hún vill spyrja okkur að einhverju sem er ágætt fyrir hana. Við reynum að láta hana alveg stjórna þessu sjálfa," segir Björgvin en það er ekki ónýtt fyrir þrettán ára stelpu að mæta á Íslandsmótið með ríkjandi Íslandsmeistara sem kylfusvein.

Sinisa Kekic er mikilvægur:

Á bak við öll mörk Víkinga

FÓTBOLTI Sinisa Kekic er mikilvægur fyrir Víkinga í Landsbankadeild karla. Það sést ekki síst á því að Víkingar eiga enn eftir að skora mark sem hann kemur ekki nálægt.

Kekic hefur komið með beinum hætti að tíu af tólf mörkum liðsins í sumar, skorað sjö og lagt upp önnur þrjú upp. Í mörkunum tveimur sem standa eftir hefur Kekic ekki átt síðustu sendingu en tók engu að síður þátt í undirbúningnum því í báðum mörkum átti hann svokallaða hjálparsendingu, það er sendingu sem kemur þeim sem á stoðsendingu í góða aðstöðu til að leggja upp mark. **- óój**

ÚRSLIT

1. deild karla:

Njarðvík-Þróttur 0-1
Hjörtur Júlíus Hjartarson
Víkingur Ó.-Fjölnir 0-2
Pétur Markan, Tómas Leifsson
KA-ÍBV 0-2
Atli Heimisson, Ian Jeffs
Leiknir-Reynir 1-1
Jakob Spangsberg Jensen - Martin Bach Kristensen
Stjarnan-Fjarðabyggð 2-3
Elvar Freyr Arnþórsson, Daði Kristjánsson - Stefán Þór Eysteinsson, Andri Valur Ívarsson, Jóhann Ingi Jóhannsson

STAÐAN:

1. Þróttur	17	13	1	3	36:16	40
2. Grindavík	16	12	2	2	31:13	38
3. Fjölnir	17	11	3	3	49:19	36
4. Fjarðabyggð	17	9	3	5	20:12	30
5. ÍBV	17	8	5	4	28:16	29
6. Stjarnan	17	4	4	9	32:35	16
7. Þór	16	4	4	8	24:29	16
8. Njarðvík	17	3	7	7	17:24	16
9. Víkingur Ó.	17	4	4	9	19:28	16
10. Leiknir R.	17	3	6	8	17:24	15
11. KA	17	4	3	10	10:38	15
12. Reynir S.	17	2	6	9	19:48	12

Tryggvi sá hættulegasti í deildinni

Fréttablaðið skoðar hvaða leikmenn Landsbankadeildar karla hafa búið til flest mörk fyrir sín félög. Átta af tíu liðum deildarinnar eiga að minnsta kosti einn leikmann sem hefur átt þátt í sjö eða fleiri mörkum.

FÓTBOLTI Hver er hættulegasti sóknarmaður Landsbankadeildar karla? Svarið við þeirri spurningu að mati Fréttablaðsins fæst með því að skoða hvaða leikmaður deildarinnar hefur átt þátt í flestum mörkum síns liðs. Að eiga þátt í marki telst þegar leikmaður skorar markið, gefur stoðsendingu, fiskar víti sem gefur mark eða ef það er fylgt eftir skoti hans og skorað.

FH-ingurinn Tryggvi Guðmundsson er sá leikmaður Landsbankadeildar karla sem hefur átt þátt í flestum mörkum síns liðs í fyrstu þrettán umferðum sumarsins. Tryggvi hefur komið að 14 mörkum FH, skoraði átta sjálfur og lagt upp önnur sex. Hann hefur gefið fimm stoðsendingar og fiskað eitt víti sem hann skoraði úr sjálfur en það er eina leiðin til að „leggja" upp mark fyrir sjálfan sig. Tryggvi hefur því í rauninni átt þátt í þrettán af 29 mörkum FH-liðsins.

Markahæsti leikmaður deildarinnar, Valsarinn Helgi Sigurðsson, er í öðru sæti á listanum en hann hefur komið að tólf mörkum, þar af skorað ellefu þeirra sjálfur. Eina markið sem Helgi kom með beinum hætti að undirbúningnum var þegar Hafþór Vilhjálmsson fylgdi eftir skoti hans í 2-2 jafntefli við Keflavík á Laugardalsvellinum.

Víkingurinn Sinisa Kekic hefur verið frábær í sumar þrátt fyrir að nálgast óðum fimmtugsaldurinn og hann hefur átt þátt í tíu mörkum Víkinga, skorað sjö og lagt upp önnur þrjú. Hann telst því hafa átt þátt í 83 prósentum marka Víkingsliðsins með beinum hætti.

FH-ingurinn Matthías Guðmundsson er síðan fjórði leikmaður deildarinnar sem hefur átt þátt í fleiri en tíu mörkum. Sumar Matthíasar hefur verið tvískipt, hann skoraði 4 af 5 mörkum sínum í fyrstu fjórum umferðunum og hefur síðan lagt upp fimm mörk fyrir félaga sína í FH.

Skagamenn eiga flesta menn meðal þeirra tólf hæstu því Vjekoslav Savdumovic (9), Bjarni Guðjónsson (8) og Jón Vilhelm Ákason (7) hafa allir átt þátt í sjö mörkum eða fleirum á þessu tímabili.

KR og Breiðablik eru einu liðin sem eiga ekki leikmann sem hefur búið til sjö mörk eða fleiri fyrir sitt lið. Magnús Páll Gunnarsson og Prince Rajcomar hafa komið að sex mörkum og hinn ungi Kristinn Steindórsson hefur búið til fimm mörk þrátt fyrir að hafa spilað aðeins í 376 mínútur í sumar. Hættulegasti KR-ingurinn er Jóhann Þórhallsson sem hefur komið að fjórum mörkum þrátt fyrir að hafa aðeins spilað í 27 prósentum af leiktímanum í þrettán leikjum KR í sumar. **ooj@frettabladid.is**

ÞÁTTUR Í MÖRKUM Í LANDSBANKADEILDINNI:

Tryggvi Guðmundsson, FH (8 mörk + 6 undirbúin)	14
Helgi Sigurðsson, Val (11 mörk + 1 undirbúið)	12
Matthías Guðmundsson, FH (5 mörk + 5 undirbúin)	10
Sinisa Kekic, Víkingi (7 mörk + 3 undirbúin)	10
Guðmundur Benediktsson, Val (3 mörk + 6 undirbúin)	9
Jónas Grani Garðarsson, Fram (9 mörk + 0 undirbúin)	9
Vjekoslav Svadumovic, ÍA (4 mörk + 5 undirbúin)	9
Símun Samuelsen, Keflavík (5 mörk + 3 undirbúin)	8
Bjarni Guðjónsson, ÍA (6 mörk + 2 undirbúin)	8
Jón Vilhelm Ákason, ÍA (3 mörk + 5 undirbúin)	8
Halldór Hilmisson, Fylki (4 mörk + 3 undirbúin)	7
Jón Þorgrímur Stefánsson, HK (4 mörk + 3 undirbúin)	7

MARKSÆKINN Tryggvi Guðmundsson hefur komið að 14 mörkum í 12 leikjum sínum með FH í sumar. Hann átti þátt í tólf mörkum í fyrra og kom að 20 mörkum FH-liðsins sumarið 2005. Tryggvi sést hér í baráttunni við Framarann Reyni Leósson.

Sunddeild Ármanns

Barnasund

Sundnámskeið fyrir börn 2ja-6 ára hefst laugardaginn 15. september nk. í Árbæjarskóla

Ungbarnasund

Námskeiðið hefst 22. september nk. í Árbæjarlaug.

Innritun virka daga frá kl. 17.00 og um helgar frá kl. 13.00 í síma 866 0122 Eygló. eyglo@sjukratjalfun.is Stella 557-6618. stella.gunnarsdottir@reykjavik.is

Útskýringar komnar á holdafari Ronaldos:

Skjaldkirtilssjúkdómur ástæða fitunnar

FÓTBOLTI Mikið hefur verið rætt og ritað undanfarin ár um holdafar Brasilíumannsins Ronaldo. Mörgum hefur fundist kappinn vera fullbúttaður og vildu margir kenna um leti og óhollu mataræði. Slíku hefur Ronaldo ávallt neitað og alltaf sagst vera í toppformi þó svo hann liti ekki út fyrir að vera það.

Ronaldo hefur verið í rannsóknum hjá sínu nýja félagi AC Milan og menn þar á bæ hafa fundið það út að vanvirkni skjaldkirtils hafi gert það að verkum að hann leit út fyrir að vera aðeins þykkari en menn eiga almennt að vera í hans stöðu. Milan hefur í kjölfarið sett Ronaldo á lyf og komið upp nýrri æfingaáætlun fyrir hann og árangurinn ku vera sláandi.

„Þið munuð sjá hann fljótlega og ég get lofað því að allir verða hissa. Hann lítur út eins og fyrirsæta," sagði Carlo Ancelotti, þjálfari Milan, en Ronaldo hefur lést um 5,5 kíló og verður víst ekki lengur kallaður sama uppnefni og á Spáni sem var „el gordo" eða sá feiti. **- hbg**

RONALDO Þjálfari Milan spáir honum frábæru gengi í vetur enda sjaldan eða aldrei verið í betra formi.

NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

DANIEL NARCISSE Farinn til Frakklands.
NORDICPHOTOS/BONGARTS

Missir fyrir Gummersbach:

Narcisse fer án greiðslu

HANDBOLTI Áfrýjunardómstóll Evrópska handknattleikssambandsins, EHF, hefur staðfest fyrri úrskurð í máli franska handboltakappans Daniels Narcisse gegn Gummersbach.

Narcisse er þar með orðinn leikmaður franska félagsins Chambery og fer hann þangað án greiðslu. Gummersbach taldi sig eiga heimtingu á greiðslu fyrir leikmanninn en því var Narcisse ekki sammála og því var málinu skotið til EHF, sem nú hefur kveðið upp endanlegan úrskurð.

Gummersbach hefur þar með misst einn sinn besta leikmann og það sem meira er án greiðslu. **- hbg**

Framarar styrkja sig:

Pólverji í stað Sigfúsar Páls

HANDBOLTI Framarar hafa náð samkomulagi við sterkan pólskan leikmann sem er ætlað að leysa það skarð sem Sigfús Páll Sigfússonar kemur væntanlega til með að skilja eftir sig en eins og kemur fram hér á síðunni reikna Framarar ekki með honum í slaginn í vetur.

Leikmaðurinn sem um ræðir er þrítugur Pólverji sem á að hafa leikið yfir 70 landsleiki með pólska landsliðinu þó svo hann sé ekki í því um þessar mundir. Leikmaðurinn lék í Sviss síðasta vetur, er 190 sentimetrar á hæð og getur leikið bæði sem skytta og miðjumaður. **- hbg**

SJÖUNDI LEIKURINN Logi Gunnarsson mætir Finnum í sjöunda sinn og hefur skorað 9,5 stig að meðaltali í hinum leikjunum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Ísland mætir Finnum í dag:

Aðeins þrír sigrar í 29 leikjum

KÖRFUBOLTI Íslenska körfuboltalandsliðið mætir Finnum í b-deild Evrópukeppninnar í dag en leikurinn fer fram í Vantaa, útborg Helsinki. Hann hefst kl. 15.00 á íslenskum tíma og verður í beinni útsendingu í sjónvarpinu.

Það er ljóst að um erfiðan leik er að ræða gegn sterku finnsku liði sem hefur unnið alla fimm leiki sína í keppninni til þessa. Ísland hefur aðeins unnið 3 af 29 leikjum við Finna í gegnum tíðina og tapað öllum sex leikjunum sem hafa farið fram í Finnlandi.

Sigrarnir eru 1981 í tvíframlengdum æfingaleik í Keflavík (97-95), 1998 á Norðurlandamótinu í Árósum (68-65) og 2002 á Norðurlandamótinu í Osló (92-77). Liðin mættust tvisvar á síðasta ári og Finnar unnu báða leikina, 81-73 í Tampere á Norðurlandamótinu og svo 93-86 í Höllinni í Evrópukeppninni. **- óój**

Mál Sigfúsar Páls Sigfússonar enn í miklum hnút og sér ekki fyrir endann á því:

Kemur til greina að lána Sigfús til annars félags

HANDBOLTI Lausn er fjarri því að vera í sjónmáli í máli Sigfúsar Páls Sigfússonar og Fram. Sigfús neitar enn að mæta á æfingar hjá Fram, hann svarar ekki skilaboðum félagsins og hefur ekkert rætt við forráðamenn félagsins.

Hans hugur stefnir í raðir Vals en Fram hefur í tvígang hafnað tilboði Hlíðarendaliðsins í leikmanninn og vill fá helmingi hærri upphæð en Valur hefur verið tilbúinn til að greiða. Slíkt tilboð er ekki á leiðinni samkvæmt heimildum Fréttablaðsins.

Valur vill að málið verði sett í gerðardóm sem ákveði verð á leikmanninum en það vill Fram ekki gera en Sigfús Páll á tvö ár eftir af samningi sínum við félagið. Málið er nýlega komið inn á borð til HSÍ og það staðfesti Einar Þorvarðarson, framkvæmdastjóri sambandsins, í gær en hann vildi að öðru leyti ekki tjá sig um málið. Eftir því sem Fréttablaðið kemst næst getur HSÍ ákaflega lítið gert í málinu.

Jón Eggert Hallsson, formaður handknattleiksdeildar Fram, sagðist ekkert hafa heyrt frá Sigfúsi í gær og málið hefði ekkert breyst síðustu daga. Félagið ætlast til þess að Sigfús standi við gerðan samning og mæti á æfingar en það hefur hann ekki gert.

„Úr því sem komið er reiknum við ekki með honum þó svo við gjarna vildum að hann spilaði með okkur áfram. Við erum opnir fyrir því að leysa málið á farsælan hátt og erum að skoða alla möguleika en félög hafa verið að spyrjast fyrir um Sigfús og einhver vilja fá hann lánaðan. Það kemur vel til greina eins og allt annað," sagði Jón Eggert. **- hbg**

SIGFÚS PÁLL Stendur ekki við samning sinn við Fram, mætir ekki á æfingar og neitar að gefa viðtöl þar sem hann geti sagt frá sinni hlið mála.

> John Corbett

John flutti frá heimabæ sínum í Vestur-Virginíu til að vinna sem verkamaður í Kaliforníu. Sex árum síðar slasaðist hann í baki og neyddist til að leita á önnur mið. Hann fór í leiklistarnám í háskóla í Los Angeles og var 26 ára þegar honum bauðst fyrsta stóra hlutverkið. John leikur í My Big Fat Greek Wedding í Sjónvarpinu kl. 20.05.

dagskrá

VIÐ TÆKIÐ **SUNNA DÍS MÁSDÓTTIR SKILUR EKKI RÉTTARKERFIÐ**

Lærdómsríkir sjónvarpsþættir

Það má ýmislegt læra af sjónvarpsþáttum, og þá á ég ekki bara við fræðsluþætti um hátterni hákarla eða heimildamyndir um líf og störf löngu látinna frumkvöðla. Nei, sjónvarpið getur veitt manni ágætis innsýn í ýmislegt annað. Miðað við gláp mitt á læknaþætti ætti ég eiginlega að fá tvö, þrjú ár metin ef ég fæ einhvern tíma þá flugu í höfuðið að fara í læknisfræðina. Eins er ég svona í þeoríunni fáránlega góður kokkur, og myndi velta Kate Moss og kumpánum úr sessi ef ég nennti bara að verða módel.

Ég hef hins vegar ekki enn þá náð að átta mig á því hvernig rannsóknir á sakamálum ganga fyrir sig í Bandaríkjunum. Í CSI eru það meinafræðingarnir sem finna lausnina, taka viðtöl við grunaða og handtaka þá að lokum. Þar sem mér hefur alltaf fundist hæpið að meinafræðingar, sem byggja heilu málsóknirnar á einu hári á morðstað, spígspori um með slegið hár á háum hælum, get ég eiginlega gefið mér að sú þáttaröð sé ekki alveg trú sannleikanum. Í Law and Order fer lögreglan með aðalhlutverkið, en nýtur hins vegar mikillar aðstoðar saksóknara, sem ég hélt að sætu yfirleitt bara á skrifstofum og færu yfir skjöl. Í Da Vinci's Inquest liggur lausnin hins vegar í höndum réttarlækna.

Ég skil þetta ekki enn þá. Ég er farin að hallast að því að þetta sé meðvituð stefna ríkisstjórnarinnar. Þannig má rugla verðandi glæpamenn í ríminu svo þeir viti ekki hverja þeir þurfa að snúa á.

EKKI MISSA AF

20.05 Stóra feita gríska brúðkaupið mitt SJÓNVARPIÐ

20.00 The Producers STÖÐ 2 BÍÓ

22.50 Suspect Zero STÖÐ 2

21.00 Men of Honor SIRKUS

18.30 7th Heaven SKJÁREINN

SJÓNVARPIÐ

08.00 Morgunstundin okkar 08.01 Gurra grís 08.06 Lítil prinsessa 08.17 Halli og risaeðlufatan 08.28 Músahús Mikka 08.51 Skordýr í Sólarlaut 09.15 Sögurnar okkar - Bakkabræður 09.23 Leyniþátturinn 09.36 Hopp og hí Sessamí 10.00 Latibær
10.25 Formúlukvöld e.
10.50 Formúla 1 - Tímataka Beint.
12.15 14-2 e.
12.40 HM í frjálsum íþróttum
14.50 Landsleikur í körfubolta Beint.
17.00 Willtir Westfirðir (1:2) e.
17.30 Willtir Westfirðir (2:2) e.
18.00 Táknmálsfréttir
18.10 Ofvitinn (4:10)
18.54 Lottó
19.00 Fréttir
19.30 Veður
19.40 Lukkuriddarar (8:13)
20.05 Stóra feita gríska brúðkaupið mitt (My Big Fat Greek Wedding) Rómantísk gamanmynd frá 2002. Grísk kona verður ástfangin af manni sem er ekki Grikki.
21.40 Skraddarinn í Panama (The Tailor of Panama) Bandarísk spennumynd frá 2001 byggð á sögu eftir John le Carré. Meðal leikenda eru Pierce Brosnan, Geoffrey Rush, Jamie Lee Curtis. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi ungra barna.
23.30 Utanbæjarfólkið (The Out-Of-Towners) Bandarísk gamanmynd frá 1999. Meðal leikenda eru Steve Martin. e.
01.00 HM í frjálsum íþróttum.
03.30 Útvarpsfréttir í dagskrárlok

STÖÐ 2 BÍÓ

06.00 Dutch
08.00 Spider-Man 2
10.05 Kinky Boots
12.00 The Producers
14.10 Dutch
16.00 Spider-Man 2
18.05 Kinky Boots
20.00 The Producers Bráðfyndin gamanmynd með Matthew Broderick og Umu Thurman. Max Bialystock er fyrrverandi stjarna á Broadway.
22.10 I Heart Huckabees
00.00 Legend of Zorro
02.10 Scary Movie 3
04.00 I Heart Huckabees

STÖÐ 2

07.00 Refurinn Pablo
07.05 Barney
07.30 Fifi and the Flowertots 1
07.40 Töfravagninn
08.05 Hlaupin
08.20 Blanche
08.30 Kalli kanína og félagar
08.50 Dexter's Laboratory
09.15 Ginger segir frá
09.40 Bratz
10.00 Tutenstein
10.25 Catch that Kid
12.00 Hádegisfréttir
12.45 Bold and the Beautiful
14.30 So You Think You Can Dance (18.23)
15.35 Making of Astropía
15.50 Men In Trees (10.17)
16.35 The New Adventures of Old Chr (3.13)
17.05 Örlagadagurinn (12.31)
17.40 60 mínútur
18.30 Fréttir
19.00 Íþróttir og veður
19.05 Lottó
19.15 America´s Got Talent (12.15) Það styttist í úrslitin en keppendur eru óhræddir við að sýna hvað í þeim býr.
20.20 America´s Got Talent (13.15) Hverjir verða sendir heim að þessu sinni?
21.05 In Good Company Rómantísk gamanmynd með Scarlett Johansson, Dennis Quaid og Topher Grace í aðalhlutverkum. Dan Foreman er miðaldra maður sem býst við stöðuhækkun á hverri stundu. Það fer þó ekki betur en svo að hann fær stöðulækkun og nýjan yfirmann sem er helmingi yngri en hann sjálfur. Aðalhlutverk. Dennis Quaid, Scarlett Johansson, Topher Grace. 2004. Leyfð öllum aldurshópum.
22.50 Suspect Zero Hörkuspennandi mynd með Ben Kingsley og Aaron Eckhart í aðalhlutverkum. Myndin fjallar um lögreglumann sem lækkaður var í tign. 2004. Stranglega bönnuð börnum.
00.25 The Pacifier
02.00 Chasing Beauties
03.25 Medicine Man (e)
05.10 The New Adventures of Old Chr (3.13)
05.35 Fréttir
06.15 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

SÝN besta sætið

09.10 World Supercross GP 2006-2007 (Texas Stadium)
10.05 PGA Tour 2007 - Highlights (Wyndham Championship)
11.00 Það helsta í PGA mótaröðinni
11.30 Kraftasport - 2007 (Uppsveitarvíkingurinn)
12.00 Einvígið á Nesinu
12.55 Spænski boltinn Útsending frá risaslag Barcelona og Real Madrid í spænska boltanum sem fram fór þann 10. mars.
15.00 Sumarmótin 2007 (Shellmótið)
15.40 Spænski boltinn (Real Madrid - Mallorca)
17.20 Gillette World Sport 2007
17.50 Spænski boltinn (Real Madrid - Atl. Madrid) Bein útsending.
19.50 Spænski boltinn (Sevilla - Getafe) Bein útsending frá leik í spænska boltanum.
21.50 PGA Tour 2007 (Barclays Classic) Útsending frá þriðja degi á Barclays Classic mótinu á PGA mótaröðinni í golfi.
00.50 BOX Ricky Hatton vs Jose Luis Cast

SÝN 2

08.25 Premier League World
08.55 PL Classic Matches (Liverpool - Newcastle, 96/97)
09.25 PL Classic Matches (Nottingham Forest - Man. Utd., 98/99)
09.55 Season Highlights 1998/1999
10.55 Premier League Preview (Leikir helgarinnar) Vikulegur þáttur þar sem hitað er upp fyrir leiki helgarinnar.
11.25 Sunderland – Liverpool Bein útsending frá leik Sunderland og Liverpool í 4.umferð ensku úrvalsdeildarinnar.
13.45 Arsenal - Man. City
16.00 Everton – Blackburn Bein útsending frá leik Everton og Blackburn í 4. umferð ensku úrvalsdeildarinnar.
18.10 4 4 2 Þáttur sem er ekkert minna en bylting í umfjöllun um enska boltann á Íslandi. Tvíeykið, Heimir Karlsson og Guðni Bergsson, standa vaktina ásamt vel völdum sparkspekingum.
19.30 4 4 2
20.50 4 4 2
22.10 4 4 2

SKJÁREINN

10.00 Vörutorg
11.00 Dr. Phil (e)
14.00 World's Most Amazing Videos(e)
14.50 Boot Camp helgin - 1.hluti (e)
15.50 Boot Camp helgin - 2. hluti (e)
16.45 Robin Hood (e)
17.35 Friday Night Lights (e)
18.30 7th Heaven Bandarísk unglingasería sem hefur notið mikilla vinsælda í Bandaríkjunum undanfarinn áratug. Camden-fjölskyldunni er fylgt í gegnum súrt og sætt en hjónakornin Eric og Annie eru með fullt hús af börnum og hafa í mörg horn að líta.
19.15 Backpackers (e)
19.40 Family Guy (e)
20.10 World's Most Amazing Videos (22.26)
21.00 Stargate SG-1 (16.22) Afar vandaðir þættir byggðir á samnefndi kvikmynd. Þetta er önnur þáttaröðin sem SkjárEinn sýnir um Jack O'Neill og sérsveit hans sem hélt í könnunarleiðangur út í geiminn eftir að jarðarbúar fundu "stjörnuhlið" sem opnaði þeim aðgang að áður óþekktum plánetum.
21.50 High School Reunion (7.8) Bandarísk raunveruleikasería þar sem 17 fyrrum skólafélagar koma aftur saman tíu árum eftir útskrift og gera upp gömul mál.
22.40 Da Vinci's Inquest (4.8) Vönduð sakamálaþáttaröð sem unnið hefur til fjölda verðlauna, en þættirnir fjalla um líf Dominics Da Vinci, dánardómstjóra í Vancouver.
23.30 Sleeper Cell (e)
00.20 Law & Order. Criminal Intent (e)
01.10 Angela's Eyes (e)
02.00 The Black Donnellys (e)
02.50 Tvöfaldur Jay Leno (e)
04.30 Vörutorg
05.30 Óstöðvandi tónlist

N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

12.15 Samantekt helstu frétta vikunnar á N4. Endursýnt á klukkutíma fresti til 10:15 á Sunnudag.

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 21.05
In Good Company

Rómantísk gamanmynd með Scarlett Johansson, Dennis Quaid og Topher Grace í aðalhlutverkum. Dan Foreman er miðaldra maður sem býst við stöðuhækkun á hverri stundu. Það fer þó ekki betur en svo að hann fær stöðulækkun og nýjan yfirmann sem er helmingi yngri en hann sjálfur.

▶ VIÐ MÆLUM MEÐ
Skraddarinn í Panama
Sjónvarpið kl. 21.40

Bandarísk spennumynd frá 2001 sem er byggð á sögu eftir John Le Carré. Myndin fjallar um klæðskera sem býr í Panama og verður gegn vilja sínum njósnari fyrir útsendara bresku leyniþjónustunnar. Leikstjóri er John Boorman og meðal leikenda eru Pierce Brosnan, Geoffrey Rush, Jamie Lee Curtis, Leonor Varela, Harold Pinter og Catherine McCormack.

RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.50 Bæn
07.05 Laugardagur til lukku
08.00 Morgunfréttir
08.05 Músík að morgni dags
09.03 Út um græna grundu
10.15 Grannar okkar
11.00 Vikulokin
12.00 Hádegisútvarp
12.20 Hádegisfréttir
12.45 Veðurfregnir
13.00 Laugardagsþátturinn
14.00 Leitin að eldsneytinu
14.40 Tímakornið
15.30 Með laugardagskaffinu
16.00 Síðdegisfréttir
16.08 Veðurfregnir
16.10 Ríkaströnd: land elda, sólar og gróðursældar
17.05 Djassgallerý: Keith Jarrett
18.00 Kvöldfréttir
18.25 Auglýsingar
18.28 Á vængjum yfir flóann
18.52 Dánarfregnir og auglýsingar
19.00 Kringum kvöldið
19.30 Stefnumót 20.10 Þau hittust í söngnum
21.00 Dragspilið dunar
21.55 Orð kvöldsins
22.15 Flakk
23.10 Danslög
00.10 Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útvarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

SIRKUS

16.15 Making of Astropía
16.30 Skífulistinn
17.15 Smallville (6:22) (e)
18.00 Bestu Strákarnir (18:50) (e)
18.30 Fréttir
19.00 Party at the Palms (10:12) (e)
19.25 Live From Abbey Road (1:12) (e)
20.15 Joan of Arcadia (20:22) Önnur þáttaröðin um Joan. Sagan af Jóhönnu af Örk færð í nútímann. Táningsstelpan Joan er nýflutt til smábæjarins Arcadia þegar skrítnar uppákomur fara að henda hana. Hún fer að fá skilaboð frá Guði sem fer að segja henni að gera alls kyns hluti sem hún og gerir. Þessu nýja hlutverki þarf hún síðan að koma inn í daglega líf sitt sem reynist alls ekki auðvelt. Þáttaröðin var tilnefnd til Emmy verðlauna auk þess sem hún hlaut Peoples Choice Award fyrir bestu dramaþættina.
▶**21.00 Men of Honor** Gæðamynd um tvo sjóliða sem eru reknir áfram af ólíkum hvötum. Carl Barshear á sér þann draum að verða fyrsti blökkumaðurinn sem kemst til æðstu metorða í kafarasveit bandarískra sjóhersins. Hann verður að undirgangast erfiða þjálfun og standast prófið hjá hinum harðskeytta Billy Sunday. Billy er af gamla skólanum og tekur Carl ekki beinlínis með opnum örmum. Aðalhlutverk: Robert De Niro, Cuba Gooding, Jr. og Charlize Theron. 2000. Bönnuð börnum.
23.05 Jake In Progress (8:8) (e)
23.35 The George Lopez Show (4:22) (e)
00.00 Jake 2.0 (6:16) (e)
00.45 Joan of Arcadia (20:22) (e)
01.30 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV

BBC PRIME

12.00 What not to Wear **13.00** Wedding Stories **14.00** Amazon Abyss **14.30** Massive nature **15.00** Dragons Alive **16.00** EastEnders **16.30** EastEnders **17.00** A Life Coach Less Ordinary **17.30** A Life Coach Less Ordinary **18.00** Cash in the Attic **18.30** Cash in the Attic **19.00** Mr Harvey Lights a Candle **20.30** The Catherine Tate Show **21.00** The Smoking Room **21.30** French and Saunders **22.00** EastEnders **22.30** EastEnders **23.00** Mr Harvey Lights a Candle **0.30** The Catherine Tate Show **1.00** The Smoking Room **1.30** French and Saunders **2.00** Dragons Alive **3.00** Cash in the Attic **3.30** Balamory **3.50** Tweenies **4.10** Big Cook Little Cook **4.30** Tikkabilla **5.00** Little Robots **5.10** William's Wish Wellingtons **5.15** Tweenies **5.35** Balamory **5.55** Big Cook Little Cook

DR 1

12.05 Sommer i Tyrol **13.45** Zoya **15.10** Før søndagen **15.20** Held og Lotto **15.30** Johanne i Troldeskoven **16.00** Sonja fra Saxogade **16.30** TV Avisen med vejret **16.55** SportNyt **17.05** Vilde verden **17.35** Huset på Christianshavn **18.00** Robin Hood **18.45** Olsenbandens sidste bedrifter **20.20** Inspector Morse **22.00** Speedway: Letlands Grand Prix **23.30** Anderson-klanen **5.30** Mickeys klubhus **5.55** Byggemand Bob

NRK 1

13.25 Golf: Ladies European Tour **14.10** Alle elsker Alice **16.00** Jubalong **16.30** Ikke naken **17.00** Lørdagsrevyen **17.45** Lotto-trekning **17.55** VM friidrett Osaka 2007: Kveldsmagasin **18.25** Rolf Just Nilsen - den evige gjøgler **19.25** Momarkedet 2007 **20.40** Doc Martin **21.30** Kveldsnytt **21.45** De dødes tjern **22.59** VM friidrett Osaka 2007 **5.30** Stå opp! **5.50** Mumfie **6.00** Ugler i mosen

SVT 1

15.30 Kobra intervju **16.00** BoliBompa **16.05** Disneydags **17.00** Min vän shejken i Stureby **17.30** Rapport **17.45** Sportnytt **18.00** Studio Sumo **19.00** Försvarsadvokaterna **19.45** Minnenas television **20.55** Rapport **21.00** Motor: VM i speedway **21.45** Cecil B. DeMented **23.10** Sändningar från SVT24 **0.55** Friidrott: VM i Osaka **3.45** Sändningar från SVT24 **6.00** BoliBompa

PERSÓNAN

Bjarni Haukur Þórsson

Aldur: 36

Starf: Leikari, leikstjóri og framleiðandi.
Fjölskylda: Á einn strák, Hauk Bjarnason.
Foreldrar: Hrefna Ólafsdóttir félagsráðgjafi og Þór Sveinsson leirkerasmiður.
Búseta: Í vesturbænum í Reykjavík.
Stjörnumerki: Hrútur en stundum naut.

Sýningin Pabbinn eftir Bjarna Hauk hefur verið seld til allra Norðurlandanna.

Dansdómarinn ætlar að upplifa næturlífið

Dómarinn og danshöfundurinn Dan Karaty úr þáttunum So you think you can dance er kominn til landsins og mun sýna áhugasömum Íslendingum nýjustu dansstraumana frá New York í Dansfestivali DWC í Laugum um helgina. Löngu uppselt er á námskeiðin en alls munu 170 manns njóta leiðsagnar Dan um helgina.

„Þessar viðtökur eru framar vonum og ég get ekki beðið eftir að sjá hvað býr í Íslendingum. Þetta verður eitt stórt partí hjá okkur um helgina," segir Dan, en hann kom til landsins í gærmorgun. „Ég veit í raun ekkert við hverju ég á að búast en ég var með námskeið í Noregi í október og þeir sem komu þangað voru frábærir. Ég vona að íslenskir dansarar komi mér jafnmikið á óvart."

Auk þess að kenna á námskeiðunum ætlar Dan að skoða landið og sjá helstu ferðamannastaðina í grennd við höfuðborgina. Fór hann meðal annars að sjá Gullfoss og Geysi í gær. „Svo get ég ekki annað en notað tækifærið til að upplifa næturlíf ykkar Íslendinga um helgina og sjá hvernig þið hagið ykkur á skemmtistöðunum," sagði Dan.

Forráðamenn Stöðvar 2 funduðu einnig með Dan í gær og ræddu við hann um hugsanlegt samstarf í tengslum við íslenska framleiðslu á dansþáttunum vinsælu. Er þá hugmyndin að fá hann og jafnvel fleiri erlenda danshöfunda til landsins til að koma fram í þáttunum, ýmist sem danshöfundar eða gestadómarar. Að sögn Pálma Guðmundssonar, sjónvarpsstjóra stöðvar 2, var einnig rætt um að fá að senda íslenska keppendur í fjórðu seríuna sem sýnd verður í Bandaríkjunum á næsta ári. Engin ákvörðun hefur verið tekin um íslenska framleiðslu á þáttunum en Pálmi segir að Dan hafi verið mjög jákvæður fyrir framhaldinu. „Hann tók mjög vel í allar okkar hugmyndir," segir Pálmi.

DAN KARATY Verður með námskeið á vegum DWC um helgina.

JÁKVÆÐUR FUNDUR Pálmi Guðmundsson ræddi við Dan um mögulega aðkomu hans að íslenskri útgáfu dansþáttanna vinsælu. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA



LÁRÉTT 2. samsull **6.** frá **8.** besti árangur **9.** nytsemi **11.** kusk **12.** umhverfis **14.** hangsa **16.** gríska bókstafur **17.** útdeildi **18.** háma **20.** átt **21.** lokka.
LÓÐRÉTT 1. dangl **3.** kringum **4.** grasplanta **5.** arinn **7.** fyrsta síða **10.** að **13.** nægilegt **15.** mjög **16.** erfiði **19.** til.

LAUSN
LÁRÉTT: 2. gums, **6.** af, **8.** met, **9.** not, **11.** ló, **12.** kring, **14.** slóra, **16.** pí, **17.** gaf, **18.** úða, **20.** sa, **21.** laða.
LÓÐRÉTT: 1. bank, **3.** um, **4.** melgras, **5.** stó, **7.** forsíða, **10.** til, **13.** nóg, **15.** afar, **16.** púl, **19.** að.

VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á blaðsíðu 8.

1. Toyota.
2. Gunnar Björn Guðmundsson.
3. Gunnleifur Gunnleifsson.

Gjafaegg

Vilt þú hjálpa okkur að láta draum okkar um að eignast barn Verða að veruleika?

Nánari upplýsingar í s:5158100.

JÓN SÆMUNDUR: ÓVENJULEGUR GJÖRNINGUR FYRIR LISTASÝNINGU

Með Jónas á handleggnum

„Mér finnst þetta mjög fallegt ljóð," segir Jón Sæmundur Auðarson, eigandi Dead-búðarinnar, sem hefur látið húðflúra á sig ljóð eftir þjóðskáldið Jónas Hallgrímsson.

Um er að ræða síðasta erindið í ljóðinu Ferðalok og er í húðflúrinu notuð skrift Jónasar sjálfs. Var þar stuðst við handrit Jónasar sem er geymt í Þjóðarbókhlöðunni.

Húðflúrið verður hluti af samsýningu 21 listamanns í Ketilhúsinu á Akureyri sem er haldin í tilefni af tvö hundruð ára fæðingarafmæli Jónasar. Skáldið er kveikjan að öllum verkum sýningarinnar og þar á meðal ætlar Jón Sæmundur að sýna vídeóverk þar sem nýja húðflúrið kemur við sögu.

„Þetta er tattú sem ég hef alltaf verið á leiðinni að fá mér. Þegar mér var boðið að taka þátt í þessari samsýningu langaði mig að gera verk í kringum það," segir Jón, sem fékk Fjölni Bragason til að húðflúra sig. Jón var með nokkur húðflúr fyrir og sér ekkert athugavert við það. „Ef Jónas væri uppi í dag væri hann örugglega með tattú," segir hann.

Sýningin á Akureyri ber yfirskriftina „Skyldi ég vera þetta sjálfur" og verður hún opnuð klukkan 14 í dag. Á meðal þeirra sem eiga þar verk auk Jóns eru Megas, Ragnar Kjartansson, Hlynur Hallsson og Ilmur Stefánsdóttir.

Jón Sæmundur hefur haldið fjölda einkasýninga og tekið þátt í hinum ýmsu samsýningum eftir að hann útskrifaðist úr Myndlista- og handíðaskólanum árið 1999 og Glasgow School of Arts árið 2001. Auk þess hefur hann getið sér gott orð fyrir Dead-vörumerki sitt. Jón hefur að undanförnu verið hljómsveitinni Jakobínarínu til halds og trausts. Leikstýrði hann myndbandi við lag hennar, Jesus, sem verður á væntanlegri plötu sveitarinnar. freyr@frettabladid.is



JÓN SÆMUNDUR Jón Sæmundur Auðarson fékk sér nýtt húðflúr í tilefni af samsýningu til heiðurs Jónasi Hallgrímssyni. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

FERÐALOK (LOKAERINDI)

Háa skilur hnetti
himingeimur,
blað skilur bakka og egg;
en anda, sem unnast,
fær aldregi
eilífð að skilið.

JÓNAS Á HANDLEGG Hér má sjá ljóð Jónasar húðflúrað á handlegg Jóns Sæmundar.

FRÉTTIR AF FÓLKI

Undirbúningur á væntanlegum umræðuþætti **Sigmundar Ernis Rúnarssonar** mun vera á lokasprettinum. Þátturinn verður á dagskrá Stöðvar 2 á sunnudögum í vetur og hefur hlotið nafnið Mannamál, að því er heimildir herma. Sýningar á þættinum, sem talið er að verði með svipuðu sniði og Silfur Egils forðum daga, eiga að hefjast í október, og því ekki seinna vænna að hlutirnir fari að skýrast.

Það geta fylgt því ýmsar hremmingar að vera þekkt andlit. Myndir af fegurðardrottningunni **Unni Birnu Vilhjálmsdóttur** hafa ferðast víða, en dúkkuðu nýlega upp á stefnumótasíðu á netinu. Þar gátu gestir sent fríðum stúlkum tölvupóst, svo sem Hönnu frá Svíþjóð og Natöshu frá Rússlandi. Shannon frá Kanada hafði hins vegar tekið mynd af Unni Birnu ófrjálsri hendi, nema hún sé tvífari stúlkunnar. Hitt er svo annað mál að Shannon var sögð 31 árs gömul, á meðan Unnur Birna er ekki nema 23 ára gömul.

Hollywood-leikkonan **Darryl Hannah** hefur verið stödd hér á landi síðustu daga en hún er hluti af hópi á vegum arkitektsins Williams McDonough sem er mikill áhugamaður um orkunýtingu á Íslandi. Eftir því sem fram kemur á mbl.is hefur leikkonan tekið sér ýmislegt fyrir hendur í Íslandsdvöl sinni og reyndi meðal annars fyrir sér í laxveiði í Vatnsdalsá.

Óskum eftir starfsfólki

Starfsfólk óskast í sal á veitingastaðina Banthai og Na na Thai sem fyrst.

Við notum:
Vel valið hráefni t.d.
-kjúklingabringur
-nauta fillet
-svína fillet
-Lamba fillet
-ferskt grænmeti
-gæða krydd
(innflutt af okkur)
-litla olíu
-og fleira

Viðkomandi verður að tala íslensku.
Upplýsingar í síma 896 3536

Matseðill á www.thaimatur.com

na na thai Thai Restaurant & Store

BANTHAI Laugavegi 130

Fatalínu ýtt úr vör í Verinu

„Þetta er í rauninni fyrsta sýningin mín hér á landi, og fyrsta stóra sýningin mín, þar sem þetta er bara ég," útskýrir fatahönnuðurinn Guðmundur Hallgrímsson, sem jafnan gengur undir nafninu Mundi. „Ég sýndi í París síðasta vetur og í Tókýó. Þá seldi ég línuna og svo kemur hún í búðir núna í haust," segir Mundi, sem nýtur aðstoðar Srouli Recht við gerð línunnar.

Föt Munda verða fáanleg í París, London og New York, svo eitthvað sé nefnt. Þó að hann hafi gert víðreist með hönnun sína býr Mundi og starfar hér á landi og er ekki á leið burt, að eigin sögn. „Markaðurinn hérna heima er samt ekki það stór, svo það er erfitt að komast í einhverja peninga í gegnum sölu. En það má reyna," sagði hann kíminn.

Mundi gat sér fyrst orð hér á landi fyrir prjónapeysur sem hann seldi í Kron. Hönnun hans hefur þó þróast nokkuð síðan. „Þetta byrjaði með prjónapeysunum, en fór þaðan yfir í heila línu. Það er mikið prjónað í henni, en ekki allt. Ég er með buxur og boli og peysur, og kjóla líka."

MUNDI Á ÍSLANDI Mundi hefur sýnt hönnun sína í París og Tókýó, en ýtir fatalínunni úr vör hér á landi með einkasýningu í Verinu í kvöld.

Sýningin í Verinu er einkaframtak Munda, þó hann njóti stuðnings frá Egils, Birtíngi og Eskimo. „Það er í rauninni ekki það algengt að hönnuðir séu með svona einkasýningar hérna heima, en það er vonandi að fara að breytast," segir Mundi. „Með þessari sýningu er ég svona að ýta merkinu úr vör," bætir hann við.

Sýning Munda hefst í Verinu í Loftkastalanum klukkan 20. Að henni lokinni taka tónlistarmennirnir Johnny Sexual, DJ Skeletor, DJ Boacian og DJ Hero's Trial við. „Það verður partí eftir sýninguna og það er frítt inn. Ég mæli bara með því að fólk með áhuga á annaðhvort tísku eða tónlist, eða bæði, mæti á staðinn."

sunna@frettabladid.is

Viðeyjarhátíð

Laugardaginn 25. ágúst

Skemmtileg dagskrá fyrir alla fjölskylduna

11:45–12:15	**Athöfn í þorpinu.** Kjartan Magnússon formaður menningar- og ferðamálaráðs býður gesti velkomna. Ingólfur Guðmundsson formaður Viðeyingafélagsins ávarpar gesti. Hátíð formlega sett og fáni dreginn að húni á einni elstu flaggstöng Reykjavíkur.
12:00–20:00	**Þorpsmarkaður.** Fjöldi sölutjalda og ósvikin þorpsstemning í gamla Milljónafélagsþorpinu. Í boði verður: úr greipum Ægis, blómin blíð, listamannatjald, jurtatjald, Týnda búðin, handverkstjald, krydd í tilveruna og uppskerutjald. Í grunni stöðvarstjórahússins verður tækifæriseldhúsið „Alveg Milljón“ sem grillar framandi góðgæti handa gestum.
12:30–13:30	**Þorpsganga** með Örlygi Hálfdanarsyni Viðeying og bókaútgefanda.
13:30–15:00	**Seakayak Iceland** kynnir meðferð og siglingu sjókajaka.
13:30–14:30	**Ævintýraleg barnaleiðsögn.** Björgvin Franz Gíslason leikari stýrir leiðsögn, fer í leiki og sýnir töfrabrögð.
14:00–18:00	**Þrautakóngur fyrir börn.** Sjö þrautir og nokkrir aldurshópar. Meðal keppnisgreina eru jafnvægisslá, pokahlaup, ganga á stultum, fleyta kerlingar, kasta í mark o.fl. Verðlaun verða veitt í skólahúsinu kl. 19:00.
15:30–17:00	**Seakayak Iceland** kynnir meðferð og siglingu sjókajaka.
15:30–16:30	**Ævintýraleg barnaleiðsögn.** Björgvin Franz Gíslason leikari stýrir leiðsögn, fer í leiki og sýnir töfrabrögð.
16:45–18:00	**Þorpsganga** með Örlygi Hálfdanarsyni Viðeying og bókaútgefanda.
17:30–19:00	**Seakayak Iceland** kynnir meðferð og siglingu sjókajaka.
18:00–22:00	**Kvöldverðartilboð** í Viðeyjarstofu. Boðið upp á Stiftamtmannsseðil og Þorpsseðil. Glæsileg þriggja rétta máltíð á aðeins 4.900 kr. Jakob Þór Einarsson leikari segir matarsögur frá tímum Ólafs Stephensen. Vorvindar – Tríó Björns Thoroddsen og Andrea Gylfadóttir flytja íslenskar dægurperlur. *Borðapantanir í síma 553-7737.*
21:00–21:30	**Þjóðdansafélag Reykjavíkur** stígur dansinn fyrir utan Viðeyjarstofu við harmonikkuundirleik.
21:30–24:00	**Dansiball** á palli við Viðeyjarstofu með Karli Jónatanssyni og Neistunum, ásamt hópi frá Harmonikkufélaginu Hljómi. Raggi Bjarna tekur nokkra sjóaraslagara.

Ferjan siglir frá Sundahöfn stundarfjórðung yfir heila tímann frá kl. 11:15 til 23:15 og til baka á hálfa tímanum.

Ferjutollur er 400 kr. fyrir börn 6–18 ára, 800 kr. fyrir fullorðna og 600 kr. fyrir námsmenn, öryrkja og eldri borgara. Ýmsir fjölskylduafslættir.

Kaffisala í Viðeyjarstofu frá kl. 11:30 til 17:00. Fjölbreyttur kaffiseðill og „Vöfflur og Viðey“.

Kaffisala Viðeyingafélagsins í vatnstanki þorpsins frá kl. 12:00 til 18:00. Í boði „Vöfflur og Viðey“ og grillaðar pylsur.

Heitt verður í kolunum í Viðeyjarnausti og allir velkomnir að grilla nesti og snæða.

Kvöldverðarmatseðill í Viðeyjarstofu frá kl. 18:00 til 22:00. Glæsileg þriggja rétta máltíð á 4.900 kr.

www.videy.com
533 5055

Reykjavíkurborg

FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS: 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 515 7506, ritstjorn@frettabladid.is
DREIFING: dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000

Síðustu dagar..
GRÍPTU GOTT TÆKIFÆRI.!!
..og þú gerir frábær kaup!
SPARI DAGAR
ORMSSON
TÓLF VERSLANIR OG UMBOÐSMENN UM LAND ALLT

BAKÞANKAR
GUÐMUNDAR STEINGRÍMSSONAR

Ástandið

Með reglulegu millibili blossar upp á Íslandi umræða um hið svokallaða ástand í miðbænum, en „ástandið í miðbænum“ er eiginlega orðið sérstakt hugtak í íslenskri umræðu, notað af þeim sem telja miðbæinn vera gróðrastíu ofbeldis, óláta og óhreininda. Alla mína hundstíð hef ég hlýtt með litlu millibili á bölv og ragn í fjölmiðlum út af miðbænum.

ÞEGAR ég var unglingur var Hallærisplanið hættulegasti staður í heimi. Þar var sagt að pönkarar myndu líklega taka mann hálstaki og snúa mann niður í götuna með hvellum hrossahlátri ef maður gerðist svo fífldjarfur að ganga þar um að kvöldlagi. Hlemmur þótti líka stórhættulegur staður og gott ef það var ekki haft fyrir satt að í þeirri strætisvagnastoppistöð myrkraaflanna byggju mannætur í leðurjökkum sem biðu eftir nýju fórnarlambi á degi hverjum, einkum guttum úr úthverfi eins og mér.

ÉG verð að viðurkenna að ég var til dæmis verulega taugaóstyrkur þegar ég fór inn á Hlemm í fyrsta skipti á mínum 17 ára afmælisdegi til þess að láta taka þar af mér passamynd í ökuskírteinið. Ég bjóst alveg eins við að vera sleginn niður þá þegar af ógæfumanni, miðað við sögurnar, en svoleiðis leiðindi hefðu auðvitað verið sárgrætileg í aðdraganda myndatökunnar í ljósi þess að gert er ráð fyrir að sama myndin sé í skírteininu allt til 2042, í mínu tilviki, og því ekki gott að vera með sprungna vör eða glóðarauga eftir átök.

EN þetta slapp nú allt saman. Ég hef gengið óáreittur um miðbæinn að kvöld- og næturlagi um árabil. Þar hef ég oft skemmt mér konunglega, þótt undanfarið sé ég orðinn alveg kolómögulegur pöbbaröltari, enda rólyndismaður orðinn og meira að segja kominn með nokkur grá hár í vangann, sem ég er reyndar nokkuð stoltur af, því það veitir mér vissulega aukinn þunga í daglegu lífi. En hvað um það. Einstaka sinnum horfi ég dreyminn út um stofugluggann og rifja upp með sjálfum mér tryllt djamm á Kaffibarnum og þreifa á örinu sem ég er með fyrir ofan annað augað eftir að félagi minn skall á mér í einhverju brjáluðu og ábyrgðarlausu danssporinu þarna í sveittum þrengslunum um og upp úr aldamótum, svo að sauma þurfti sjö spor.

EN ég skil líka afskaplega vel þá sem finnst erfitt að búa þarna. Einu sinni bjó ég fyrir ofan skemmtistað í Belgíu þegar lagið Makarena var nýbúið að slá í gegn. Þá var ég við það að missa vitið. En svona er þetta. Réttur minn var enginn. Mér var bara sagt að dansa með, sem ég gerði ekki. Ég held að okkur ætti öllum að vera það ljóst að við Íslendingar, ekki frekar en Belgar, erum ekki fólk sem fer endilega snemma að sofa eða höfum lágt þegar við skemmtum okkur. Til þess að sporna við alls kyns vitleysisgangi sem því fylgir að hafa skemmtanalíf er ég handviss um að aðeins eitt ráð virki: Sýnileg löggæsla. Hingað til hefur hún nefnilega verið ósýnileg og það virkar í öllu falli ekki.

Verum klár

595,-
LYCKLIG geisladiskataska
64 vasar ýmsir litir

BRÄDA stuðningspúði
f/fartölvur 51x38x8 cm **1.490,-**

195,-
FNISS ruslafata
29x30 cm ýmsir litir

390,-
MÖRKER vinnulampi H44 cm ýmsir litir

KULLEN kommóða
70x40x72 cm **3.950,-**

RIBBA rammi
18x24 cm birki **595,-**

1.690,-
ALVINE BÄR sængurverasett
150x200/50x60 cm

KASSETT tímaritabox
m/loki 2 stk.
33x38x30 cm **1.490,-**

VÄNNA spegill
Ø80 cm **3.990,-**

ERSLEV motta
180x250 cm **3.990,-**

KARSTEN snúningsstóll
73x60x51 cm **8.990,-**

JONAS skrifborð
140x65x73 cm **14.950,-**

KULLEN fataskápur
144x51x191 cm **9.950,-**

Morgunmatur
frá kl. 9:00 - 11:00
mánudaga - laugardaga

195,-
IKEA Restaurant & Café

Grænmetisbuff
með graslaukssósu, kúskús
og grænmeti

490,-
IKEA Restaurant & Café

IKEA®

Opið virka daga	10.00 - 20.00
Opið laugardaga	10.00 - 18.00
Opið sunnudaga	12.00 - 18.00

Veitingastaður opnaður klukkutíma fyrr en verslun

www.IKEA.is

© Inter IKEA Systems B.V. 2007